RAGNA SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR

*Eyddi síðustu peningunum sínum í pils*

• tíska • heilsa • heimili

**ALLT** í miðju blaðsins




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

*Ferðalög og stórvirki einkenna næsta ár*

Sérblað um Sinfóníuhljómsveit Íslands

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

NÝR BÆKLINGUR!!
FRÁBÆR SPRENGJUTILBOÐ Á TÖLVUM OG AUKAHLUTUM FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVULISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. september 2008 — 240. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Náð langt á stuttum tíma



Svafa Grönfeldt fagnar því að áratugur er liðinn síðan Háskólinn í Reykjavík var stofnaður.

TÍMAMÓT 34

### Megas á netið



Á síðunni megas.is munu aðdáendur Megasar geta birt kjaftasögur af listamanninum.

FÓLK 48

### Bók um hlýnun jarðar

Ljósmyndarinn Ragnar Axelsson heldur á næstunni til Alaska og Síberíu til þess að taka myndir fyrir nýja bók sína.

FÓLK 58

### Valsstúlkur í eldlínunni



Kvennalið Vals í fótbolta leikur sinn fyrsta leik í Evrópuriðli sínum í Slóvakíu í dag.

ÍÞRÓTTIR 52

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGUR** Í dag verða austlægar áttir 3-8 m/s víðast hvar. Skýjað austan til og sums staðar við suðurströndina annars bjart með köflum. Hætt við smáskúrum syðst og súld á annesjum nyrðra. Hiti 7-14 stig.

VEÐUR 4

# Mat á umhverfisáhrifum tefji ekki álverið á Bakka

**Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra telur að hægt sé að hefja rannsóknaboranir á háhitasvæðunum í Þingeyjarsýslu samhliða heildstæðu umhverfismati. Það gengur þvert á úrskurð umhverfisráðherra.**

**ORKUMÁL** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra telur ekkert mæla gegn því að tilraunaboranir fari fram á háhitasvæðunum í Þingeyjarsýslu samhliða heildstæðu umhverfismati vegna fyrirhugaðra álversframkvæmda á Bakka við Húsavík. Þetta er þvert á úrskurð Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra um að umhverfisáhrif allra verkþátta liggi fyrir áður en leyfi fyrir einstökum framkvæmdum er veitt. Heimamenn hafa sótt það fast að Þórunn breyti úrskurði sínum svo rannsóknarboranir geti hafist næsta sumar; annars frestist framkvæmdir um eitt ár.

„Ég sé engin lög mæla gegn því að tilraunaboranirnar, sem menn tala um að hljóti að frestast, hafi sinn eðlilega gang þrátt fyrir heildarmat á umhverfisáhrifum," sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra við lok utandagskrárumræðna um virkjana- og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar í gær. Í samtali við Fréttablaðið ítrekaði Össur þessa skoðun sína með þeim rökum að eðlilegt sé að fara í rannsóknarboranir áður en mati á umhverfisáhrifum verður lokið haustið 2009, enda eigi þær að leiða í ljós orkugetu viðkomandi svæðis. „Menn verða með heildarmat í gangi, en hluti af því mati er að rannsaka svæðið og meta hvaða möguleikar eru fyrir hendi."

Bergur E. Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, fagnar orðum iðnaðarráðherra. „Við höfum staðið í þeirri trú að úrskurður ráðherra útiloki að boranir hefjist áður en umhverfismati er lokið. Úrskurðurinn er afar skýr." Bergur telur að orð iðnaðarráðherra megi túlka sem svo að framkvæmdir við álverið á Bakka tefjist ekki um ár, eins og óttast var.

Þórunn úrskurðaði í byrjun ágúst að samkvæmt lögum beri að meta sameiginlega umhverfisáhrif álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur. Þar segir jafnframt „að tryggt sé með ótvíræðum hætti að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna fari fram á sama tíma og að umhverfisáhrif þeirra allra liggi fyrir í heild sinni áður en leyfi fyrir einstökum framkvæmdum er veitt".

Skipulagsstofnun hefur nú til skoðunar, samkvæmt ósk framkvæmdaaðila, hvort rannsóknarboranir og aðrir verkþættir geti hafist áður en farið verður í heildstætt umhverfismat, að sögn Stefáns Thors skipulagsstjóra.

- shá / - bþs



**LÖGREGLUSTJÓRINN Á LEIÐ Í SKÓLANN** Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, er einn af tíu yfirmönnum embættisins sem standa vaktina fyrir utan grunnskóla umdæmisins snemma morguns. Tilgangurinn er meðal annars að auka öryggi skólabarnanna í umferðinni. Eins og hér má sjá eru tvö skólabörn í öruggum höndum á leið yfir götuna. VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI

Lögreglan á Suðurnesjum:

## Yfirmenn aðstoða nýliða í umferðinni

**LÖGGÆSLA** Yfirmenn lögreglunnar á Suðurnesjum hafa staðið vaktina við grunnskóla umdæmisins á meðan börnin eru á ferðinni í skólann á morgnana.

„Við byrjuðum strax fyrsta skóladaginn þar sem einn yfirmaður var við hvern skóla, fyrir utan þá lögreglumenn sem voru á almennum vöktum," segir Eyjólfur Kristjánsson, í lögreglunni á Suðurnesjum.

„Við mætum hálftíma áður en skólinn hefst og erum þar til hringt hefur verið inn. Þetta er ekki síst til að aðstoða yngstu börnin sem eru nýliðar í umferðinni.

Öll erum við yfirmenn sem starfa á skrifstofu embættisins og gerum þetta með okkar ágæta lögreglustjóra, Jóhann R. Benediktsson, í fararbroddi." - jss




Nýtt lagafrumvarp forsætisráðherra um bætur til Breiðavíkurdrengja:

# Breiðavíkursamtökin vilja fá margfalt hærri bótagreiðslur

**SAMFÉLAGSMÁL** Bætur til fyrrverandi vistmanna á Breiðavíkurheimilinu eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ákvarðaðar með hliðsjón af dómum Hæstaréttar þar sem dæmt hefur verið fyrir langvarandi kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og unglmennum.

Bætur eru þá oft á bilinu 1,5 til 2,5 milljónir. Samkvæmt lagafrumvarpi forsætisráðherra, sem brátt verður lagt fyrir Alþingi verða bætur til Breiðavíkurdrengjanna á bilinu 375 þúsund krónur til rúmlega tveggja milljóna króna.

Breiðavíkursamtökin vilja nota aðra aðferðafræði þar sem fyrrverandi vistmenn fái greitt fyrir þær vinnustundir sem þeir unnu á Breiðavík. Miða þau við 21 mánuð, sem var meðaldvalartíma vistmanna, og vilja að bæturnar séu á bilinu 15 til 21 milljón. „Það er upphæð sem skiptir máli en það er alltaf snúið að greiða bætur," segir Bárður R. Jónsson, formaður Breiðavíkursamtakanna.



BÁRÐUR RAGNAR JÓNSSON

Bárður segir samtökin horfa til fordæma í Noregi, enda hafi Geir H. Haarde forsætisráðherra nefnt slíkt þegar hann kynnti Breiðavíkurskýrsluna. Þar fengu þolendur í sambærilegum málum sem samsvarar 15 milljónum íslenskra króna. Í Noregi sé löng hefð fyrir því að Stórþingið ákvarði bætur til handa þeim sem telji þjóðfélagið hafa brotið á sér með einhverjum hætti.

- ovd / sjá síðu 12



## SPURNING DAGSINS



*Magnús, finnst þér allt í lagi að selja litla drengi?*

„Það er í lagi ef það er ekki með Vilhjálmi og ekki með textanum.“

Magnús Kjartansson seldi leikna útgáfu af laginu Lítill drengur, sem Vilhjálmur Vilhjálmsson flutti, í sjónvarpsauglýsingu.

Obama kominn með forskot á McCain á ný:

# Repúblikanar biðjast griða

**Forsetakosningar 2008**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama er kominn með töluvert forskot á John McCain, samkvæmt skoðanakönnun sem birt var í gær. Repúblikanar kenna neikvæðri athygli fjölmiðla um.

Óþægilegar uppljóstranir um bakgrunn og fortíð Söruh Palin virðast þó ekki hafa minnkað trú McCains né landsfundarfulltrúa flokksins á henni.

Hins vegar mátti merkja reiðitón í talsmönnum kosningabaráttu McCains í gær, þegar þeir hvöttu fólk til að hætta að spyrja óþægilegra spurninga um fortíð Palins.



**HRISTI UPP Í KOSNINGABARÁTTUNNI** Sarah Palin hefur hrist upp í kosningabaráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þessi vitleysa er búin,“ sagði Steve Schmidt, ráðgjafi McCains. Hann sagði „fjölmiðlafárið hannað til þess að eyðileggja fyrsta kvenframbjóðanda Repúblikanaflokksins“.

Obama mældist með 50 prósenta fylgi en McCain með 42 prósent. Fyrir landsþing flokkanna voru þeir orðnir nánast jafnir í fylgi.

Landsþing demókrata í síðustu viku vakti mikla athygli, en þótt val McCains á varaforsetaefni hafi ekki síður vakið athygli fjölmiðla þá hefur hún verið mun neikvæðari.

Í gærkvöld rauf svo Palin þögnina með ræðu sinni á landsþingi repúblikana, en í dag lýkur landsþinginu með því að McCain tekur formlega við útnefningu sinni. **- gb**

Braut fíkniefna- og vopnalög:

# Fíkniefnasali með fjaðrahníf

**DÓMSMÁL Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að hafa í sinni vörslu umtalsvert magn af fíkniefnum sem hann ætlaði að selja. Jafnframt var hann ákærður fyrir vopnalagabrot.**

**Maðurinn var tekinn í verslun á Akureyri með rúmlega fjórtán grömm af hassi. Sama dag tók lögregla hann á gistiheimili í bænum. Þá var hann með tæplega 193 grömm af hassi. Í þriðja sinnið var maðurinn tekinn á hótelherbergi í Reykjavík. Þá var hann með þrjár e-töflur og slatta af hassi. Hann var einnig ákærður fyrir að bera fjaðrahíf. - jss**



**ÞEGIÐU NÚ, GUÐNI!** Steingrími J. Sigfússyni var heitt í hamsi á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Átök á Alþingi:

# Steingrímur bað Guðna að þegja

**ALÞINGI** „Þegiðu nú, Guðni,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, þegar Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, kallaði fram í framsöguræðu hans um virkjunar- og stóriðjumál á Alþingi í gær. „Það er allt í lagi að vera með frammíköll ef það er eitthvað vit í því sem er sagt.“

Þessi viðbrögð Steingríms eru til vitnis um hversu hvassar umræðurnar voru á þinginu í gær. Þar fóru fremstir í flokki Steingrímur og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Eftir ræðu Steingríms bað Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, þingmenn að gæta að orðavali sínu þótt hiti færðist í leikinn. **- shá**

## LÖGREGLURFRÉTTIR

### Missti meðvitund

Maður á litlum báti var hætt kominn í sjónum nálægt Geldinganesi um áttaleytið í gærkvöldi. Talið er að maðurinn hafi misst meðvitund og báturinn siglt í strönd. Lögregla og sjúkralið var kvatt á staðinn og hófu endurlífgun um leið og þau komust að manninum.

# Fékk salmonellu á hóteli á Rhodos í júlí

**Íslenskt par sem gisti á hótelinu Forum Beach á Rhodos í júlí sýktist af salmonellu meðan á dvölinni stóð. Konan fékk sjálfsofnæmi og þurfti að leggjast inn á spítala. Íslendingarnir sem fengu matareitrunina í ágúst voru á sama hóteli.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það sér ekki fyrir endann á mínum veikindum,“ segir Ingibjörg Vala Sigurðardóttir sem dvaldi á hótelinu Forum Beach á Rhodos mörgum vikum áður en hópur Íslendinga sýktist þar í ágúst.

Að sögn Ingibjargar var hún með sambýlismanni sínum og hluta fjölskyldunnar á Forum Beach frá 21. júní til 5. júlí. Allt fæði og drykkir voru innifaldir. Þegar dró nær lokum dvalarinnar dró til tíðinda.

„Á þriðja síðasta degi veiktust ég og sambýlismaður minn. Hann náði sér eftir tvo daga en veikindin héldu áfram hjá mér. Þannig að eftir að ég var komin heim þá leitaði ég mér læknisaðstoðar. Þá kom í ljós að þetta var salmonellusýking,“ segir Ingibjörg sem kveðst í kjölfarið hafa fengið svokallaða Reiters-útgáfu af salmonellu:

„Það þýðir sjálfsofnæmi. Liðir bólgnuðu upp hjá mér og ég þurfti að leggjast inn á spítala í fimm daga og núna í dag, tveimur mánuðum seinna, halda læknar að enn séu nokkrir mánuðir í að ég jafni mig,“ útskýrir Ingibjörg.

Ingibjörg telur að lyfjakostnaður vegna veikindanna nemi hátt í 30 þúsund krónum. Hún er komin með afsláttarkort frá Tryggingastofnun og verður á lyfjum næstu fjóra mánuðina til þess að vinna gegn sjálfsofnæminu.

Í samtali sem blaðamaður Fréttablaðsins átti við Tómas Gestsson, forstjóra Heimsferða, í fyrradag fullyrti Tómas að þau tvö ár sem ferðaskrifstofan hefði sent farþega á Forum Beach hefðu engar kvartanir borist undan hótelinu



**GRÍÐARLEGUR LYFJAKOSTNAÐUR** Ingibjörg Vala hefur þurft að greiða hátt í þrjátíu þúsund í lyfjakostnað eftir að hún sýktist af salmonellu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þau sögðu mér að það væri rosalega erfitt að sanna þetta – nema ég hefði matinn vakúm-pakkaðan með mér til greiningar.
>
> **INGIBJÖRG VALA SIGURÐARDÓTTIR**
> FERÐALANGUR OG NEMI

fyrr en nú að margir Íslendingar veiktust þar um miðjan ágúst. Ingibjörg segist hins vegar einmitt hafa sett sig í samband við Heimsferðir vegna sinna veikinda.

„Þeir sögðu mér að það hefði ekki komið upp önnur sýking á þessum tíma sem ég var þarna og því gætu þeir ekkert gert en mér væri frjálst að leggja inn kvörtun engu að síður,“ segir Ingibjörg sem einnig ræddi málin við starfsfólk sjúkrahússins sem hún lá á hér heima. „Mér var sagt að það væri rosalega erfitt að sanna þetta – nema ég hefði matinn vakúm-pakkaðan með mér til greiningar.“

Tómas segir að eftir að málið í ágúst hafi komið upp hafi sýni verið tekin á hótelinu. Þar hafi ekki fundist salmonellusýking. Þrátt fyrir það var hótelið sótthreinsað og matvælum hent.

Þess má geta að sóttvarnalæknir óskar eftir því að þeir sem urðu magaveikir í Rhodos í ágúst hafi samband við lækni. Þótt flestir jafni sig án aðstoðar geti sýkingin orsakað vökvatap og borist í blóðrásina og orðið alvarleg.

gar@frettabladid.is

# Jarðsunginn á laugardaginn

Dr. Sigurbjörn Einarsson, fyrrverandi biskup yfir Íslandi, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju laugardaginn 6. september klukkan 14. Sjónvarpað og útvarpað verður frá athöfninni.



**DR. SIGURBJÖRN EINARSSON**

Í tilkynningu frá Biskupsstofu segir að minningarbók um dr. Sigurbjörn liggi frammi á Biskupsstofu, Kirkjuhúsinu við Laugaveg 31, fram á föstudag. Bókin liggur frammi milli klukkan 9 og 18.

Dr. Sigurbjörn andaðist 28. ágúst síðastliðinn, 97 ára að aldri. Hann var biskup frá árinu 1959 til ársins 1981.

Rúmlega fimmtugur maður:

# Sekt fyrir gabb á Neyðarlínu

**DÓMSMÁL Rúmlega fimmtugur karlmaður í Reykjavík var í gær dæmdur til að greiða hundrað þúsund krónur í sekt fyrir að gabba lögreglu.**

**Hann hringdi í 112 frá heimili sínu. Hann sagðist vera með hníf og ætlaði að myrða sambýliskonu sína. Það varð til þess að lögreglumenn voru sendir að heimili mannsins. Málið var þingfest í gær. Maðurinn játaði sök. - jss**

## DÓMSTÓLAR

### Brutust inn og stálu tölvum

Tveir menn hafa verið ákærðir fyrir að brjótast inn í húsnæði í Karfavogi í Reykjavík og stela þaðan tveimur tölvum að verðmæti 285 þúsund.






Bráðabirgðaniðurstöður réttarkrufningar liggja fyrir:

# Áverki á enni talinn eiga þátt í andláti mannsins á Skúlagötu

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðaniðurstöður réttarkrufningar mannsins sem fannst látinn á heimili sínu við Skúlagötu leiddu í ljós í gær, að áverki á enni hans hafi líklega átt þátt í dauða hans.

Þegar lögregla kom að manninum var hann látinn. Hann reyndist hafa misst mikið blóð áður en hann lést.

Tveir karlmenn sitja í gæsluvarðhaldi fram á mánudag vegna rannsóknar málsins. Þeir hafa báðir stöðu grunaðs manns. Annar þeirra er sá hinn sami og lét lögreglu vita að eitthvað grunsamlegt gæti verið á seyði á heimili hins látna. Hann hafði ætlað að heimsækja manninn á Skúlagötunni en enginn komið til dyra þegar hann hringdi dyrabjöllunni ítrekað. Lögregla fór þegar á staðinn. Þegar þangað var komið reyndist húsráðandi vera látinn. Er talið að hann hafi látist nokkrum klukkustundum áður en lögregla kom á vettvang.

Maðurinn sem hringdi í lögregluna var úrskurðaður í gæsluvarðhald, svo og annar maður sem var handtekinn skömmu síðar. Annar maðurinn er nær sextugu en hinn 45 ára.

Rannsókn lögreglu beinist meðal annars að því hvernig hinn látni fékk áverkann á höfuðið. **- jss**



**SKÚLAGATA 68** Maðurinn fannst látinn á heimili sínu við Skúlagötu.

# Aðeins brot af úrvalinu



30% AFSLÁTTUR

**Salernisskál**
Vegghengd, seta fylgir.
Siflon húð sem gerir þrif auðveldari.
8076003

22.790
~~32.630~~

Electrolux

3 ÁRA ÁBYRGÐ



**Ísskápur Electrolux**
Kælir/frystir, 176x90.5x68x2 sm. Kælirými 357 ltr. Frystir 165 ltr. Hurðir stál, aðrir fletir svartir
1839907

198.990
~~227.700~~

Electrolux



**Ofn Electrolux**
Blástursofn úr ryðfríu stáli, 3 falt gler í hurð, barnalæsing.
1830118

76.990

3 ÁRA ÁBYRGÐ



40% AFSLÁTTUR

**Sturtusett, Damixa**
8000580

15.999
~~26.483~~



30% AFSLÁTTUR

**Blöndunartæki**
Eldhús, með útdregnum barka.
8005075

25.990
~~37.377~~



30% AFSLÁTTUR

**Steikarhnífapör**
Fyrir 4.
2200023

2.555
~~3.649~~



139.900
~~219.900~~

**Skel án tenginga**
Serenity, 203x193x87 sm, klæðning fylgir ekki.
8070603-5



40% AFSLÁTTUR

**Blöndunartæki**
Eldhús, einnar handar.
8005073

5.999
~~9.990~~

# Eldhús og Baðdagar

Gildir til 17. september á meðan birgðir endast.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 03.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 84,97 | 85,37 |
| Sterlingspund | 150,52 | 151,26 |
| Evra | 122,41 | 123,09 |
| Dönsk króna | 16,417 | 16,513 |
| Norsk króna | 15,278 | 15,368 |
| Sænsk króna | 12,921 | 12,997 |
| Japanskt jen | 0,7812 | 0,7858 |
| SDR | 131,81 | 132,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

160,3788

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ágúst Fylkisson sem réðst á lögreglumanninn á Kirkjusandi:

# Fangelsi fyrir fólskulega árás

**DÓMSMÁL** Ágúst Fylkisson sem réðst með fólskulegum hætti á lögreglumann á Kirkjusandi í apríl, var í gær dæmdur í sex mánaða fangelsi. Þar af voru fjórir mánuðir skilorðsbundnir til tveggja ára.

Atvikið átti sér stað þegar verið var að afhenda vörubíla sem hald hafði verið lagt á í mótmælum vörubílstjóra í vor.

Ágúst var ákærður fyrir að hafa slegið lögreglumann með krepptum hnefa í andlitið, tekið hann hálstaki, fellt í jörðina og hert takið þannig að lögreglumaðurinn náði vart andanum.

Ágúst sleppti ekki takinu fyrr en lögreglumenn komu að og náðu honum af lögreglumanninum.

Við árásina hlaut lögreglumaðurinn blóðnasir, mar og bólgu yfir nefi, mar og bólgu yfir vinstra kinnbeini, sár á innanverða vör og áverka á hálsi.

Að auki var Ágúst ákærður fyrir að hafa haft í fórum sínum innanklæða fjörutíu sentimetra langa lögreglukylfu úr viði.

Málið var þingfest í héraðsdómi í gær. Ágúst játaði sök og var dæmdur til ofangreindrar refsingar. **- jss**



**ÁTÖKIN** Ágúst í höndum lögreglu eftir að hafa ráðist á lögreglumann og slasað hann.

Forsætisráðherra Pakistans:

# Misheppnað banatilræði

**PAKISTAN, AP** Tilraun var gerð til að ráða Yousuf Raza Gilani, forsætisráðherra Pakistans, af dögum í gær. Skotið var á bílalest og komu skot í bifreið forsætisráðherrans, en hann var sjálfur hvergi nærri og sakaði ekki.

Þetta gerðist á þjóðveginum milli höfuðborgarinnar Islamabad og borgarinnar Rawalpindi, sem er skammt frá höfuðborginni.

Kamal Shah innanríkisráðherra sagði bifreiðarnar hafa verið á leiðinni á flugvöllinn til að ná í forsætisráðherrann, sem hafði verið í Lahore. **- gb**

Tvær líkamsárásir:

# Réðst með rörtöng að lögreglu

**DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa hótað tveimur lögreglumönnum og slá í tvígang til þeirra með rörtöng. Atvikið átti sér stað á heimili mannsins.**

**Þá var kona á fertugsaldri ákærð fyrir að ráðast á aðra konu á veitingastað í Reykjavík, rífa í hár hennar, klóra hana og kýla í andlitið. Fórnarlambið krefst 445 þúsunda króna í skaðabætur.**

**Fyrir utan sama veitingastað bætti árásarkonan um betur og réðst á lögreglukonu, reif í hár hennar, klóraði og kýldi hana rétt eins og þá fyrri, þannig að á henni sá.** **- jss**

Eldsvoðar í rannsókn:

# Tvisvar kveikt í íbúðarhúsinu

**LÖGREGLUMÁL** Ljóst er orðið að kveikt var tvisvar í sama íbúðarhúsinu á Ísafirði í nýliðnum mánuði. Þetta er niðurstaða vettvangsrannsóknar lögreglunnar á Vestfjörðum.

Slökkvilið og lögregla voru kölluð út í tvígang að húsnæðinu á Suðurtanga 2 á Ísafirði vegna elds. Fyrra útkallið var miðvikudaginn 20. ágúst. Hið seinna átti sér stað mánudaginn 25. sama mánaðar.

Lögreglan á Vestfjörðum vinnur að rannsókn málsins. Hún biður alla þá sem einhverja vitneskju hafa um þessi tvö tilvik að hafa samband í síma 450 3730. **- jss**

## BANDARÍKIN

### Sleppt úr Guantanamo

Bandaríkjaher hefur sleppt þremur föngum í viðbót úr fangabúðunum við Guantanamo á Kúbu. Tveir þeirra voru sendir til Afganistans en sá þriðji til Pakistans. Enn eru um 255 fangar eftir í fangabúðunum á Kúbu.

# Þungaðar konur hafa áhyggjur af verkfalli

**Verkfall ljósmæðra átti að hefjast á miðnætti í nótt. Búist var við að óþægilegt ástand, jafnvel hálfgert neyðarástand, myndi strax skapast á Landspítalanum. „Óþægilegt og veldur ákveðnu stressi,“ segir kona sem var sett á 1. september.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég hélt að ríkið tæki á sig rögg og semdi við ljósmæður,“ segir Margrét Jóna Ísólfsdóttir sem var sett 1. september. Hún segist aldrei hafa trúað því að til verkfalls myndi koma. „Þegar verkfall er yfirvofandi er óþægilegt að vita ekki hvernig staðan er. Það virðist enginn vita hvernig þjónustan verður. Það er óþægilegt að geta farið af stað í fæðingu án þess að vita hvernig þetta verður. Það veldur ákveðnu stressi.“

Verkfall ljósmæðra átti að hefjast á miðnætti í nótt en samningafundur er boðaður klukkan tíu í dag, tíu klukkustundum eftir að verkfallið átti að hefjast. Búist er við því að fæðingarþjónusta skerðist verulega í verkfallinu. Þungaðar konur sem Fréttablaðið ræddi við voru áhyggjufullar í gær og töldu óljóst hvernig fyrirkomulagið yrði í verkfallinu.

Búist var við að óþægilegt ástand myndi strax skapast á Landspítalanum, jafnvel neyðarástand. Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins, segir að fjórar umsóknir um undanþágur hafi legið fyrir undanþágunefnd. Þeim hafi verið hafnað í Keflavík og á Selfossi en bakvakt hins vegar leyfð fyrir eina ljósmóður fyrir fæðingargang, og meðgöngudeildarljósmóðir verði á bakvakt fyrir skjólstæðinga á sængurkvennadeild á Landspítalanum.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði á Alþingi í gær að hann vonaðist til þess að samningar tækjust „áður en til verkfalls eða raunverulegrar hörku kæmi“. Bára Hildur Jóhannsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra, segir að ljósmæður hafi orðið hissa þegar þær heyrðu orð ráðherrans. Bára Hildur sagði að engar samningaviðræður eða þreifingar hefðu átt sér stað milli deiluaðila í gær.

Ljósmæður hittu heilbrigðisnefnd Alþingis í gær til að fara yfir stöðuna. Þá fjölmenntu þær á þingpalla þegar þingfundur hófst. Ekki máttu fleiri en 25 fara inn og því urðu 70-80 að bíða fyrir utan alþingishúsið.

Ljósmæður voru önnum kafnar við að undirbúa verkfallsaðgerðir og verkfallsvörslu í gær. „Við reynum auðvitað eftir öllum mætti að finna leiðir til að ná samningi en við erum svartsýnar. Meðan ekki er talað saman er einskis að vænta,“ sagði Bára Hildur.

„Við hörmum þetta ástand. Við finnum mikið til með mæðrum en verkfallið er neyðarúrræði.“

**ghs@frettabladid.is**



**HÉLT AÐ RÍKIÐ TÆKI Á SIG RÖGG** Margrét Jóna Ísólfsdóttir, sem sett var á 1. september, hélt alltaf að ríkið myndi taka á sig rögg og semja við ljósmæður. Enginn viti nú hvernig þjónustan verður nákvæmlega. „Óþægilegt að geta farið af stað í fæðingu án þess að vita hvernig þetta verður,“ segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bæjarstjórinn í Kópavogi:

# Spyr um afdrif stjórnsýslukæru

**SVEITARSTJÓRNIR Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóra í Kópavogi, er farið að lengja eftir kæru oddvita Samfylkingarinnar vegna mannaráðinga hjá bænum í lok júlí. Gunnar segir Guðríði Arnardóttur hafa haft uppi stór orð um þessar ráðningar og boðað kæru til samgönguráðuneytisins sem nú fer með málefni sveitarfélaga. Spurði Gunnar á síðasta fundi hver staða þessa kærumáls væri. „Eins og bæjarstjóra er kunnugt um, þar sem hann hefur fengið á sig margar stjórnsýslukærur, þá taka slík mál oft nokkurn tíma,“ svaraði Guðríður Arnardóttir.** **- gar**

Félag einstæðra foreldra:

# Leiguíbúðir virkuðu ekki

**FÉLAGSMÁL** Félag einstæðra foreldra hefur selt fjórar leiguíbúðir sínar til Félagsbústaða í Reykjavík. „Þetta virkaði því miður einfaldlega ekki,“ segir Laufey Ólafsdóttir, formaður félagsins, um ástæðu fyrir sölu íbúðanna sem félagið átti í fjögur ár.



**LAUFEY ÓLAFSDÓTTIR**

Aðspurð segir Laufey að núverandi leigutökum sé tryggð áframhaldandi leiga eftir að Félagsbústaðir hafa tekið við íbúðunum. Íbúðalánasjóður krafðist uppboðs á íbúðunum vegna vanskila. Laufey segir vanskilin ekki til komin vegna greiðsluerfiðleika heldur af misskilningi vegna þess að frágangur sölunnar hafi dregist. Þau mál séu nú frágengin. **- gar**


TILBOÐ DAGSINS

Fiskibollur að hætti prinsins

590kr/kg

Hafið Fiskiprinsinn hefur einnig opnað að Reykjarvíkurvegi 68, Hafnarfirði

Þú getur alltaf treyst á prinsinn

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200

Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220

www.hafid.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**

Veðurfræðingur

**FÍNASTA VEÐUR**

Hægur vindur er í kortunum í dag og næstu daga. Er helst að sjá að á sunndaginn bæti í vind vestan til á landinu. Má búast við úrkomulitlu veðri fram undir helgi þó einhverjir dropar kunni að falla hér og þar, einkum þó með ströndum. Hann er heldur að kólna frá því sem verið hefur.



Á MORGUN

Hægviðri

FÖSTUDAGUR

3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 16° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 19° |
| París | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Berlín | 23° |
| Alicante | 31° |
| Mallorca | 30° |
| Basel | 24° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 32° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

1998: Ný lög um háskóla taka gildi.

1998: Viðskiptaháskólinn í Reykjavík settur í fyrsta sinn.

2000: Nafni skólans breytt í Háskólinn í Reykjavík. Fyrsti rektor skólans er dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir. Nemendur 300 talsins.

2002: Lagadeild stofnuð við Háskólann í Reykjavík.

2002 og 2003: HR valið Fyrirtæki ársins.

2005: Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík sameinast undir nafni þess síðarnefnda.

2007: Dr. Svafa Grönfeldt tekur við stöðu rektors HR.

2007: Fyrsta skóflustungan er tekin að nýrri byggingu HR í Vatnsmýrinni.

2008: Nemendur skólans eru ríflega 3000. Starfsmenn eru um 300. Kennarar frá 23 löndum. Samstarfssamningar við yfir 100 háskóla um allan heim.

2008: Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands.

2008: Heimsmeistarar í gervigreind í annað sinn.

2008: Brons á heimsleikum MBA.

2008: Viðskiptadeild HR – ein af 50 bestu í Vestur-Evrópu.

2008: Sigur í hönnunarkeppni verkfræðinema.

2008: Háskólinn í Reykjavík heldur upp á tíu ára starfsafmæli sitt sem einkarekinn háskóli. Sterk tengsl við atvinnulífið einkenna HR.

# Háskólinn í Reykjavík í 10 ár

## Til hamingju!

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SI Samtök iðnaðarins

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

BAKHJARLAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-1547

## KJÖRKASSINN



*Velur þú frekar innlenda framleiðslu en innflutta vöru?*

| | |
|---|---|
| Já | 65,1% |
| Nei | 34,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með beinum útsendingum frá Alþingi?*

Segðu þína skoðun á vísi.is

Vísir

Skipulagsráð samþykkti að breyta og auglýsa nýtt skipulag í Hádegismóum:

# Hillir undir lóð fyrir búddista

**SKIPULAGSMÁL** Búddistafélag Íslands fær að reisa búddahof í Hádegismóum, að því er skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti í gær.

Búddistar hafa um árabil leitað að lóð undir hof sitt hérlendis. Í júní greindi Fréttablaðið frá því að til greina kæmi að hofið risi í Hádegismóum. Nú hefur skipulagsráð ákveðið að breyta skipulagi svæðisins þannig að búddahofið fái þar 4.235 fermetra lóð. Nýja skipulagið verður síðan kynnt með auglýsingu.

Páll Júlíusson, sem er talsmaður búddista í lóðamálinu, segir byggingu hofsins verða fjármagnaða af taílenska auðkýfingnum Dr. Prasert Prasathong Osoth, eiganda Bangkok Airways. Hofið muni bera nafn taílensku prinsessunnar Galayani Vadahana. „Því fylgir að sjálfsögðu ýmislegur heiður og gjafir frá konungsfjölskyldunni þegar hofið verður tilbúið,“ segir í bréfi sem Páll sendi Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, þáverandi borgarstjóra, í apríl í fyrra.



Taílenskt búddahof rísi í Hádegismóum

Búddistar með liðsinni taílensks milljarðamærings vilja hof á Hólmsheiði. Þeir segja straum ferðamanna munu fylgja hofinu. Auðkýfingurinn sé til viðræðu um samstarf í heilbrigðismálum og geti gefið góð ráð um Reykjavíkurflugvöll.

BÚDDAHOF Vilja reisa taílenskt búddahof við Rauðavatn í sama stíl og þetta glæsilega hof í Bangkok í Taílandi.

„Mikið yrði ferðast til Íslands svo fólk gæti sagt að það hefði komið í nyrsta búddahof í heiminum.“

PÁLL JÚLÍUSSON
TALSMAÐUR BÚDDISTA Á ÍSLANDI

**FRÉTTABLAÐIÐ** Sagt var frá því í Fréttablaðinu 1. júní í sumar að búddistar vildu fá lóð í Hádegismóum.

Þá kemur fram í bréfi Páls til þáverandi borgarstjóra að æðstu menn búddista í heiminum væru spenntir fyrir hofi á Íslandi. „Kom greinilega fram að mikið yrði ferðast til Íslands svo fólk gæti sagt að það hefði komið í nyrsta búddahof í heiminum.“ - gar

Þorsteinn Kragh:

# Laus úr haldi en í farbanni

**LÖGREGLUMÁL** Þorsteini Kragh athafnamanni var í gær sleppt úr gæsluvarðhaldi sem hann hefur setið í frá því í júlí. Þorsteinn er grunaður um aðild að stóra hassmálinu svokallaða sem upp kom í júní þegar aldraður Hollendingur reyndi að smygla um 190 kílóum af hassi, einu og hálfu kílói af marijúana og einu kílói af kókaíni í húsbíl til landsins.

Lögreglan fór fram á að Þorsteinn sætti áframhaldandi gæsluvarðhaldi, en því hafnaði héraðsdómur. Hann úrskurðaði Þorstein hins vegar í farbann til 9. október. Lögreglan kærði úrskurðinn til Hæstaréttar í gær. - jss




# Hjúkrunarnemum fækkar um fjórðung

**Nemendum á fyrsta ári í hjúkrunarfræði hefur fækkað talsvert. Óvenjufáir, eða aðeins 86, hófu nám í haust og það þó að fjöldatakmörkun hafi verið felld niður. Kynningarátak skilaði ekki miklu. Kjaraumræðan í vor hafði kannski áhrif.**

**MENNTAMÁL** Hjúkrunarfræðinemum á fyrsta ári hefur fækkað nokkuð í Háskóla Íslands frá því í fyrra og það þó að fjöldatakmörkun, „numerus clausus“, hafi verið felld niður. Nemendur á fyrsta ári eru 86 talsins í haust en voru 115 í fyrrahaust. Heildarfjöldi nemenda hefur þó ekki minnkað þar sem veruleg aukning er á nemendum í framhaldsnámi við hjúkrunarfræðideildina við Háskóla Íslands.

Sóley S. Bender, deildarforseti hjúkrunarfræðideildar, segir að toppnum hafi verið náð árið 2003 þegar 240 nemendur sóttu nám á fyrsta ári eftir vel heppnaða herferð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, en nemendum á fyrsta ári hafi farið fækkandi eftir það. Þannig hafi nemendur verið aðeins 79 árið 2001 og 86 nú í haust.



SÓLEY BENDER

„Við erum búin að fella niður „numerus clausus“ þannig að það er ekki lengur takmarkaður fjöldi sem getur haldið áfram á vormisseri fyrsta árs. Það kemur okkur kannski á óvart að það hafi ekki meiri áhrif á aðsóknina. Þetta var hugsanlega viss grýla hjá nemendum og olli þeim samkeppni og kannski kvíða. Nú er ekki lengur miðað við ákveðinn fjölda heldur að nemendur fái 6,0 í meðaleinkunn í jólaprófunum og þá er einstaklingurinn að keppa við sjálfan sig.“

Sóley nefnir að FÍH hafi kynnt störf hjúkrunarfræðinga í vor auk þess sem hjúkrunarfræðideildin hafi staðið að góðri kynningu á náminu. Þetta virðist ekki hafa skilað miklum árangri. Hún veltir fyrir sér hvort ástæðan geti verið mikil og neikvæð umræða um kjör hjúkrunarfræðinga og kjarasamninga þeirra í vor. Hún rifjar upp að nemendur hafi verið að skrá sig í nám áður en gengið var frá kjarasamningum.

„Sú jákvæða niðurstaða sem varð með kjarasamningunum fer ef til vill ekki að hafa áhrif á aðsóknina fyrr en á næsta ári. Sama má segja um efnahagslægðina sem við erum að sigla inn í. Hún var ekki orðin raunveruleg í vor. Þar sem nám í hjúkrunarfræði veitir atvinnuöryggi þá getur það kannski haft jákvæð áhrif næst.“

Fleiri þættir geta komið til skýringar. Nemendur í hjúkrunarfræði þurfa til dæmis nú í fyrsta skipti að vera með tvo áfanga í efnafræði í stað eins áður. „Við breyttum þessu með góðum fyrirvara og komum því inn í allar námskynningar og settum snemma á heimasíðuna en það virtist samt koma nemendum í opna skjöldu,“ segir hún og bendir líka á að námsframboð hafi aukist mikið síðustu árin. ghs@frettabladid.is



**Á SJÚKRAHÚSI** Nemendum á fyrsta ári í hjúkrunarfræði hefur fækkað um fjórðung frá því á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**NÝNEMAR Í HJÚKRUNARFRÆÐI**
**Fjöldi við Háskóla Íslands 1995-2008**




**ÞRÓUNIN** Línuritið sýnir þróunina í fjölda nýnema í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Eins og sjá má voru nemendurnir flestir árið 2003 en fæstir árið 2001.

Fíkniefnin í fólksbílnum í Norrænu falin í niðursuðudósum undan pylsum:

# Var með tuttugu kíló af hassi og tæp tvö af amfetamíni

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem tekinn var með fíkniefni í fólksbifreið sinni í fyrradag reyndist vera með 19,7 kíló af hassi og rúmlega 1,7 kíló af amfetamíni.

Manninum, sem er þýskur og hátt á sjötugsaldri, hefur verið gert að sitja í gæsluvarðhaldi til 16. september. Við tollleit í Færeyjum, þar sem ferjan stoppaði á leið sinni til Íslands, sýndi fíkniefnaleitarhundur bíl mannsins mikinn áhuga. Viðvörun var þegar send tolla- og lögregluyfirvöldum hér á landi.

Íslenskir fíkniefnaleitarhundar sýndu einnig fólksbílnum áhuga í ferjunni og var hafin leit í honum. Hún leiddi í ljós að mikið magn af fíkniefnum hafði verið falið í bílnum, sumt í niðursuðudósum undan pylsum. - jss



**FÍKNIEFNI Í PYLSUDÓSUM** Fíkniefnin sem tekin voru í fólksbíl um borð í ferjunni Norrænu í fyrradag. Hluti þeirra var í niðursuðudósum undan pylsum. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**



# 25% afsláttur

## af öllum lífrænum vörum

OPIÐ til 20 alla daga







**Thermo DynamX**
Gríðarlega öflug fitubrennsluhylki sem hafa margsannað virkni sína í rannsóknum. Aukin hitamyndun, brennsla og orka sem jafngildir meiri svita og afköstum á æfingum.




**Precision Burner Light**
Svalandi og grennandi orkudrykkur ómissandi á æfingunni. Innihaldsefnin í drykknum vinna að hærra orkustigi og úthaldi ásamt því að flytja fitu til vöðvafruma, svo þær geti brennt henni sem orku.




**Myoplex**
Það er vel vitað að mikilvægast er að fá máltíð að lokinni æfingu sem færir öll þau næringarefni sem líkaminn þarfnast til að endurnærast og byggja upp. Myoplex máltíðir eru með rétt hlutfall próteina, kolvetna, vítamína, steinefna og trefja til að hámarka afköst þín.

Gildir til 7. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hentar vel í vetur

HLÝIR KROPPAR

SVANUR

Primaloft®

Léttur ungbarna heilgalli sem veitir einstaka hlýju í köldu veðri. Fóðraður með Primaloft® sem er byltingakennd hágæða fylling sem er létt, mjúk og vatnsfráhrindandi.



66° NORÐUR

Verð: 16.500 kr.

Borgar börn



Byggjum upp fyrir Borgarbörn!

Þjónustutrygging og fleiri kostir fyrir yngstu íbúana

Átaksverkefnið Borgarbörn leggur áherslu á markvissa uppbyggingu þjónustu og fjölgun valkosta fyrir yngstu borgarbúana. Jafnframt er stefnt að fleiri og betri valkostum í dagvistun allra barna fram að skólaskyldu með umbótum, uppbyggingu og auknum sveigjanleika í þjónustu.

Þjónustutrygging er mánaðarleg greiðsla til foreldra barna sem bíða eftir plássi í leikskóla eða hjá dagforeldri. Greiðsluna má t.d. nota til að greiða ættingja fyrir gæslu barnsins heima eða til að auðvelda foreldrum að taka lengra frí frá vinnu. Þjónustutryggingin nemur 35.000 kr. á mánuði. Sótt er um þjónustutrygginguna á www.leikskolar.is.

Nánari upplýsingar á www.leikskolar.is og í síma 411 1111

Reykjavíkurborg

Skipan héraðsdómara:

# Skipan Þorsteins enn í rannsókn



**Í RANNSÓKN** Skipan Þorsteins Davíðssonar í stöðu héraðsdómara er enn í rannsókn hjá umboðsmanni Alþingis.

**STJÓRNSÝSLA** Skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystri er enn í rannsókn hjá umboðsmanni Alþingis.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra skipaði Þorstein í desember í fyrra, en Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði sig frá málinu vegna tengsla. Umboðsmaður leitaði rökstuðnings Árna í febrúar síðastliðnum.

Samkvæmt upplýsingum frá umboðsmanni Alþingis er málið enn í rannsókn og ekki vitað hvenær úrskurðar er að vænta. Málið hafi ekki tekið óeðlilega langan tíma. **- kóp**



**FJÁRSVIKARAR** Tveir eða þrír Rúmenar hafa náð að svíkja út fé með því að rugla afgreiðslufólk í ríminu.

# Sviku út fé í verslunum og bönkum

**Rúmenskir karlmenn hafa að undanförnu náð að svíkja út peninga í verslunum og bönkum hér á landi með skipulögðum hætti. Þeirra er leitað.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir eða þrír rúmenskir karlmenn hafa að undanförnu svikið út fé í bönkum og verslunum með blekkingum.

Í vikunni komu tveir erlendir karlmenn í fyrirtæki og banka á Suðurnesjum. Þar vildu þeir skipta peningaseðlum. Með því að „rugla“ starfsmann bankans tókst þeim að hafa á brott með sér peningaseðla.

Í síðustu viku beittu nokkrir útlendingar blekkingum í verslunarmiðstöð í Reykjavík til að ná peningum frá starfsfólki. Þeir voru með nokkra fimm þúsund krónu seðla sem þeir lögðu á afgreiðsluborðið og báðu starfsmann að skipta þeim í þúsund krónu seðla. Rugluðu þeir síðan öllu saman og hættu við að láta skipta fyrir sig. Í öllum ruglingnum tóku þeir hluta af þúsund króna seðlunum og settu með þeim peningum sem þeir komu með. Þannig náðu þeir að svíkja fé út úr nokkrum verslunum.

Þá gerðu útlendingar einnig tilraun til þess að fá skipt peningaseðlum í matvöruverslun í Garðabæ, en starfsmaðurinn neitaði að skipta við þá enda matvöruverslanir ekki bankar í þeim skilningi. Í öðru tilviki er vitað til þess að mennirnir hafi notað þá aðferð að biðja afgreiðslufólk að skipta tvö þúsund króna seðlum í fimm þúsund króna seðla. Þegar þeir höfðu fengið stærri peningamyntina í hendur þá hættu þeir við, en skiluðu aðeins hluta peninganna til baka.

Ómar Smári Ármannsson, yfirmaður fjármunabrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, bendir afgreiðslufólki verslana og banka á að hafa framangreint í huga. Hann segir lögreglu nú leita mannanna, sem fari líkast til á milli landa til að svíkja út peninga. Þeir hafi ekki haft verulegar fjárhæðir upp úr krafsinu svo vitað sé. Vakni grunur hjá fólki um að mennirnir séu á ferðinni er það vinsamlegast beðið um að láta lögregluna vita. **jss@frettabladid.is**

VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna:

# Skora á Ingibjörgu

**VINNUMARKAÐUR** Stjórn VR og stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna, LÍV, skora á Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann LÍV og varaforseta Alþýðusambands Íslands, ASÍ, að bjóða sig fram til forseta ASÍ, þegar kosið verður á ársfundi sambandsins í október.

Grétar Þorsteinsson, núverandi forseti, hefur lýst því yfir að hann muni ekki gefa kost á sér áfram.

„Ég tek þessar áskoranir mjög alvarlega og mun ræða þær við aðra í verkalýðshreyfingunni á næstu dögum og vikum,“ segir Ingibjörg. og kveðst fagna þessum stuðningi.

Ingibjörg hefur verið formaður LÍV frá 1989 og varaforseti ASÍ í þrettán ár. Hún er eina konan sem kjörin hefur verið formaður landssambands innan ASÍ. **- ghs**




Djerba undan suðurströnd Túnis nýtur mikilla vinsælda hjá ferðamönnum, enda bjóðast þar frábært veður, pálmatré, fallegar strendur og lúxushótel. Heillandi norður-afrískri menningu má kynnast í frábærum skoðunarferðum: Hringferð um Djerba, þar sem við berjum augum rómverskar rústir og handverk heimamanna, og Djerba-kvöld sem kynnir ferðamönnum framandi veröld.

Hægt er að sigla í sjóræningjaskipi til Ras Rmel, eyju flamingóanna, þar sem sólin skín og synt er innan um höfrunga, eða halda til Tataouine, syðst í Túnis, að skoða kryddmarkað og fornar byggðir. Síðast en ekki síst er boðið upp á ótrúlegt tveggja daga eyðimerkurævintýri, þar sem haldið er út í Sahara og gist í Bedúínatjöldum langt inni í eyðimörkinni. Einstakt ferðalag fyrir ævintýragjarna!

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

## Vincci Alkantara Thalassa
★★★★★



Nútímalegt og glæsilegt hótel við fallega einkaströnd í hótelhverfinu Zone Touristique, þar sem þú finnu bestu strendurnar og tærasta sjóinn.

Verðdæmi: **124.900,-**

á mann í tvíbýli með útsýni yfir garðinn. „Allt innifalið“

## Meliá Palm Azur
★★★★★



Hótel í dýrðlegri vin við rólega strönd. Svalir, loftkæling, gervihnattasjónvarp. Stór sundlaug og frábær íþróttaaðstaða.

Verðdæmi: **117.025,-**

á mann í tvíbýli með útsýni yfir garðinn. „Allt innifalið“

## Mövenpick Ulysse Palace
★★★★★



Glæsilegt hótel við fallega, óspillta strönd. Smekklega innréttuð herbergi og heilsulind þar sem auðvelt er að slaka á og njóta ljúfa lífsins.

Verðdæmi: **129.870,-**

á mann í tvíbýli með útsýni yfir garðinn og morgunverði

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Bókunarsíminn er opinn til kl. 19 alla virka daga og frá kl. 10–14 á laugardögum

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS




Andlega veikur Bandaríkjamaður varð sex manns að bana:

# Harmleikur í Washingtonríki

**BANDARÍKIN, AP** Sex manns féllu í valinn og tveir særðust eftir að Isaac Zamorra, 28 ára gamall maður, hafði farið um með skotvopn og hleypt af á fólk sem varð á vegi hans í Washingtonríki, vestast í Bandaríkjunum.

Zamorra hafði setið hálft ár í fangelsi fyrir fíkniefnamisferli, en var látinn laus 6. ágúst síðastliðinn. Móðir hans, Dennise Zamorra, segir hann alvarlega veikan á geði, en ekkert hafi gengið að fá handa honum þá læknishjálp sem nauðsynleg hefði verið.

„Ég vildi að það hefði verið hann eða ég sem hefðum verið drepin,“ sagði hún. „Við erum gjörsamlega miður okkar vegna fjölskyldunnar.“


**ZAMORRA HANDTEKINN** Zamorra gaf sig sjálfur fram við lögregluna eftir langan eltingarleik um þjóðvegina í Skagitsýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meðal hinna látnu var lögreglukona, sem hafði áður reynt að hjálpa fjölskyldu Zamorras. „Hún vissi nákvæmlega hvað við þurftum að ganga í gegnum. Hún sagði að bróðir sinn væri að ganga í gegnum það sama,“ sagði móðir Zamarras.

Zamorra myrti fólk á nokkrum stöðum í nágrenni smábæjarins Alger. Þegar lögregla kom á vettvangi lagði Zamorra á flótta á bifreið sinni og upphófst þá eltingaleikur á þjóðvegum þar sem ekið var á allt að 145 kílómetra hraða.

Fyrstu skotunum var hleypt af um klukkan tvö eftir hádegi, en hálfum öðrum tíma síðar gaf Zamorra sig loks fram á lögreglustöð Skagit-sýslu í Mount Vernon. **- gb**

# Hver borhola kostar yfir átta milljarða

**Olía eða gas á Drekasvæðinu myndi fyrst skila Íslendingum tekjum eftir fimm ár. Ekki er gert ráð fyrir tekjum af leyfisútboði í janúar. Svæðinu verður skipt í 100 reiti og verður hægt að sækja um leyfi til olíuleitar í hverjum þeirra**

**ORKA** Norðurhluti Atlantshafsins verður sífellt meira spennandi hvað olíuleit og olíuvinnslu varðar, enda gerir hátt olíuverð og betri tækni það nú mögulegt að vinna olíu og gas á meira dýpi en áður.

Olíuleit á sér stað á nokkrum svæðum í norðanverðu Atlantshafi, austan við Grænland og við Noregsstrendur, og þótt gjöful. Við Grænland hefur norska olíufyrirtækið Statoil Hydro fengið það hlutverk að gera yfirborðsrannsóknir, svipaðar þeim sem þegar hafa átt sér stað á Drekasvæðinu. Við Grænland eru erfiðleikar við rannsóknir og vinnslu af völdum hafíss, bæði borgaríss og hafísþekju, yfir veturinn en á strönd Grænlands sjást merki um að þar sé olíu að finna.

Norðmenn hafa unnið olíu og gas fyrir utan Stafangur og Björgvin og verið að fikra sig norður eftir. Fyrir utan Mæri hefur aðallega fundist gas. En í Barentshafi hefur fundist gas og er talið að þar sé einnig olíu að finna.

„Þeir hafa gjarnan viljað skoða olíu á Lófóten en þar er andstaða við olíuvinnslu vegna fiskveiða.“ segir Kristinn Einarsson, deildarstjóri hjá Orkustofnun og einn helsti olíusérfræðingu Íslendinga.

„Þeir eru samt að gera jarðeðlisfræðilega leit þar. Síðan hafa þeir skoðað svæði í Barentshafi og fundið gas. Gasið virðist vera þeim mun meira eftir því sem norðar dregur en hvort það á við um Jan Mayen-hrygginn veit ég ekki.“

### Þyrfti leiðslu í land

Líklegt þykir að Drekasvæðið hafi að geyma olíu og gas, til þess benda margar stórar og litlar holur á botni svæðisins sem hefur verið kortlagður. Ef aðeins er um gas að ræða þarf fundurinn að vera stærri en ef um olíu er að ræða því meiri fjárfestingu þarf til að nýta gasið.

„Þetta er svo langt úti í hafi að það þyrfti að leggja leiðslu í land og svo eru í þróun aðferðir til að vinna gas og þjappa, til dæmis um borð í skipi,“ segir Kristinn.

Aðstæður þykja um margt erfiðar þó að Drekasvæðið þyki „rólegheitasvæði,“ að sögn Kristins. Drekasvæðið er langt frá landi, lítt kannað og utan við helstu siglingaleiðir og veiðisvæði. Það er á heimskautasvæði þar sem langt er um aðdrætti, veður válynd, dagsbirta og skyggni lítið og líklega þokusælt á sumrin. Þó hafís virðist ekki vera algengur megi búast við lagnaðarís og borgarísjökum. Straumar eru hinsvegar ekki sterkir og öldurnar ekki háar. Kristinn segir að þetta sé í og með vegna þess að veikur hringstraumur sé á svæðinu.



**OLÍA Á ATLANTSHAFI** Verið er að leita að olíu undan strönd Grænlands og olíuvinnsla er hafin við strönd Noregs. Líklegt þykir að olía og gas geti leynst á Drekasvæðinu sem er talið „rólegheitasvæði“ hvað strauma og veður varðar.

> Þetta er svo langt út í hafi að það þyrfti að leggja leiðslu í land.
>
> **KRISTINN EINARSSON**
> DEILDARSTJÓRI HJÁ ORKUSTOFNUN



Í skýrslunni Olíuleit á norðanverðu Drekasvæði frá 2007 er bent á að lífríki sé snauðara á úthafinu en við Íslandsstrendur en dýrasvif sé þó viðkvæmt fyrir olíumengun.

Ríkisstjórnin stendur fyrir útboði sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi um miðjan janúar. Til undirbúnings hittast vísindamenn og starfsmenn olíufyrirtækja á olíuráðstefnu á Íslandi í dag og á morgun en þetta er fyrsta olíuráðstefnan sem haldin er hér á landi. Alls eru hátt í 100 gestir á ráðstefnunni.

Kristinn segir að það sé keppikefli Íslendinga að rannsaka og finna olíu eða gas á svæðinu þannig að tekjur skapist af olíu og vinnslu í framtíðinni. Ekki sé reiknað með neinum tekjum af sjálfu útboðinu. Spurningin sé miklu frekar hvað fyrirtækin séu tilbúin til að leggja í mikinn kostnað og fjárfestingar við rannsóknir á svæðinu.

Drekasvæðinu hefur verið skipt í 100 reiti og geta fyrirtækin sótt um sérleyfi á hverjum reit. Þau fyrirtæki sem fá úthlutað sérleyfum senda væntanlega borskip á svæðið í nokkra mánuði. Um verulegar fjárfestingar er að ræða. Að reka fullkomnustu borskipin kostar um 70 milljónir króna á dag. Talið er að ein borhola kosti jafnvirði 8,5 milljarða króna og sé því fimm til tíu sinnum dýrari en dýrustu borholur vegna háhita hér á landi.

### Stjórnlaus borhola aðaláhættan

Rannsóknarleyfin verða úthlutuð til tólf ára með möguleika á framlengingu í fjögur ár. Í framhaldi fá fyrirtækin forgang að vinnsluleyfum til 30 ára. Búast má við að rannsóknir taki minnst fimm ár, ef heppnin er með, en búast má við tíu til tólf árum í rannsóknir. Borað er á 1.000 til 2.000 metra dýpi.

Hvað umhverfismálin varðar þá er olíuvinnsla mengandi starfsemi og getur haft neikvæð áhrif á umhverfið. Í skýrslunni frá 2007 kemur fram að megináhættan felst í því að borhola verði stjórnlaus, óhapp verði við geymslu olíunnar eða olíuflutningaskip verði fyrir skaða þannig að mengunaróhapp verði á svæðinu. Í skýrslunni er bent á að umferð olíuflutningaskipa fari vaxandi á þessu svæði á næstu árum og því verði hætta á olíumengun þó að ekki verði borað á svæðinu á vegum Íslendinga.

Tugir smárra og meðalstórra, aðallega breskra og norskra, olíuleitarfyrirtækja hafa sýnt Drekasvæðinu áhuga, þar á meðal norska fyrirtækið Statoil Hydro og íslenska-norska fyrirtækið Sagex sem er meðal annars í eigu Jóns Helga Guðmundssonar, starfandi stjórnarformanns Norvik. Ísland hefur sérstöðu í olíuleitinni að því leytinu til að ekki er ríkisolíufélag hér á landi heldur er útboðið öllum opið. Sérstaklega má búast við áhuga breskra, bandarískra og norskra fyrirtækja þar sem þau eru vön svipuðum aðstæðum og eru í hafinu við Ísland.

Norðmenn eiga eftir að skoða möguleika á olíu sín megin á Jan Mayen-hryggnum og má búast við að það verði gert á næstu árum. Hugsanlegt er að Íslendingar verði að stofna ríkisolíufélag til að geta nýtt sér réttindin Noregsmegin. Kristinn segir að afstaða verði tekin til þess þegar þar að kemur.

ghs@frettabladid.is

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

# Útsölunni lýkur nú um helgina!

## Opið laugardag 11-16, sunnudag 13-16.




**Þessa skápa lætur enginn sem annt er um bækurnar sínar fram hjá sér fara**

Eigum til á lager þessa frábæru finnsku bókaskápa sem seldir eru í einingum og eru úr gegnheilu lituðu birki. Hver eining er 87 sm. breidd, 31 sm. á dýpt og 31 eða 36 sm. hæð. Skúffum sem hægt er að raða á milli eru 12 sm. háar. Sökkull er fáanlegur með og án skúffu. Einnig er hægt að sérpanta í ljósum viðarlitum, svörtu eða hvítu, með gler- eða viðarhurðum, hærri og dýpri einingar, horn o.s.frv.







**Bjóðum upp á vaxtalaust lán til allt að 12 mánaða.**
**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Öndvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16



**HANGIR Í HÁKARLAÖNGLUM** Alice Newstead heitir hún, þessi gjörningalistakona, sem hangir í hákarlaönglum í glugga sápuverslunar í London til þess að mótmæla hákarlaveiðum. NORDICPHOTOS/AFP

Bæði Rússar og Georgíumenn beittu klasasprengjum í stríðinu stutta:

# Uppbyggingarstarf að hefjast

**GEORGÍA, AP** Evrópuþingið hvatti í gær Rússa eindregið til að kalla allt herlið sitt frá Georgíu, og gagnrýndi jafnframt harðlega notkun á klasasprengjum, sem bæði Rússar og Georgíumenn virðast hafa beitt í stríðinu sem braust út í síðasta mánuði.

Stjórnmálasambandi milli Georgíu og Rússlands hefur nú alfarið verið slitið, en það bitnar helst á Georgíumönnum sem eiga ættingja í Rússlandi og fá nú ekki vegabréfsáritun þangað.

Bandaríkjamenn sendu í gær þriðja herskip sitt inn á Svartahaf áleiðis til Georgíu að flytja þangað hjálpargögn, við litla hrifningu rússneskra stjórnvalda.



**EYÐILEGGINGIN ER MIKIL** Þessi kona í Tskhinvali á mikið verk fyrir höndum að koma heimili sínu í samt lag á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur ákveðið að veita milljarð dala til aðstoðar Georgíu, en til Suður-Ossetíu streyma hins vegar rússneskir byggingaverkamenn hundruðum saman til að byggja upp Tskhinvali, höfuðborg héraðsins sem fyrst Georgíumenn og síðar Rússar eyðilögðu að stórum hluta með sprengjuregni í síðasta mánuði.

„Hún verður fegurri en nokkru sinni,“ segir einn verkamannanna, Igor Semjonov, sem er stoltur af að taka þátt í uppbyggingunni.

Rússar hafa árum saman dælt fé í bæði Suður-Ossetíu og Abkasíu, héruðin tvö sem vilja segja skilið við Georgíu þótt ekkert annað ríki en Rússland hafi viðurkennt það. Margir búast við að á næstu árum muni Rússar innlima annað þeirra eða bæði. - gb

Borgarstjórn:

## Tillaga Ólafs F. til borgarráðs

**REYKJAVÍK Tillögu Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa um að gera grein fyrir heildarlaunagreiðslum, ferða- og dagpeningakostnaði, risnu- og veislukostnaði, símgreiðslum og öðrum kostnaði borgarinnar vegna embættismanna og borgarfulltrúa árin 2005-2008 hefur verið vísað til borgarráðs að tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra.**

**Hanna Birna sagði á borgarstjórnarfundi í fyrradag að efnislega sama tillaga lægi fyrir borgarráði og lagði því til að henni yrði vísað þangað.** - ghs



**MYNDBANDIÐ** Á myndbandinu sást lögreglumaðurinn taka unglinginn kverkataki.

Embætti ríkissaksóknara:

## 10-11 lögreglumaður ákærður

**DÓMSMÁL** Embætti ríkissaksóknara hefur gefið út ákæru á lögreglumann sem tók unglingspilt kverkataki í 10-11 verslun í Grímsbæ í lok maí. Lögreglumaðurinn er sakaður um líkamsárás og brot í opinberu starfi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Myndband af atvikinu var birt á vefnum YouTube. Þar sást lögreglumaðurinn ráðast á piltinn eftir að hafa beðið hann um að tæma vasa sína.

Lögreglumaðurinn var enn við störf í gær, að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. - jss

# Breiðavíkursamtökin vilja allt að tífalt hærri bætur

**Breiðavíkursamtökin eru ósammála aðferðarfræði sem beitt er til útreikninga á bótum til fyrrum vistmanna á Breiðavík. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tekur upphæð bóta mið af dómum Hæstaréttar Íslands þar sem bætur eru dæmdar til handa þolendum langvarandi og alvarlegs kynferðislegs ofbeldis.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Bætur til manna sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu verða á bilinu 375 þúsund til rúmra tveggja milljóna samkvæmt lagafrumvarpi forsætisráðherra sem lagt verður fyrir Alþingi á næstunni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru bæturnar miðaðar við dóma á Íslandi þar sem bætur hafa verið dæmdar til þolenda langvarandi og alvarlegra kynferðisbrota.

Breiðavíkursamtökin eru ósátt við aðferðafræðina sem notuð er við útreikninga bótanna og vilja að bæturnar séu hátt í tífalt hærri. Samtökin vilja að fyrrverandi vistmenn fái greitt fyrir þær vinnustundir sem þeir unnu á Breiðavíkurheimilinu.

„Mér finnst þetta ekki stjórnvöldum sæmandi,“ segir Bárður R. Jónsson, formaður Breiðavíkursamtakanna.

Hann segir samtökin hafa fundað með lögfræðingum forsætisráðuneytisins þar sem þeim var kynnt frumvarpið. Lögmaður þeirra hafi svo verið boðaður á fund þar sem kom fram að tillögur



**BÁRÐUR RAGNAR JÓNSSON**

Breiðavíkursamtakanna hafi ekki verið teknar til efnislegrar meðferðar. „Á þessum fundi mátti auðveldlega draga þá ályktun að þeir myndu halda áfram í sama farvegi,“ segir Bárður.

Hann minnist þess að Geir H. Haarde, forsætisráðherra hafi nefnt það að fara sömu leið og farin hefur verið í Noregi. Þar sé löng hefð fyrir því að þingið ákveði bætur til handa þeim sem telji þjóðfélagið hafa brotið á sér með einhverjum hætti. Í sambærilegum málum í Noregi séu bætur hinsvegar nálægt 15 milljónum íslenskra króna.

Bárði finnst réttlætanlegt að bótaupphæð sé um 15 milljónir. „Það er upphæð sem skiptir máli en það er alltaf snúið að greiða bætur,“ segir Bárður.



**BREIÐAVÍK** Á Breiðavíkurheimilinu voru drengir á aldrinum sjö til sextán ára vistaðir á árunum 1953 til 1979 en síðustu sex árin voru stúlkur einnig vistaðar þar.

Breiðavíkursamtökin funduðu í gær og segir Bárður fundarmenn hafa verið reiða og slegna. Þeir vonist þó til frekari umræðu í þjóðfélaginu, að hún verði opin og almenn en ekki í bakherbergjum. „Málið er viðameira en svo að við náum utan um það. Þetta er dökkur blettur í sögu þjóðarinnar og umræðan er þjóðfélagsins.“

olav@frettabladid.is






50PC51
## 50” Plasma sjónvarp
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m2
Svartími 0,001 ms

VERÐ 289.900
**249.900**
TILBOÐ




42LF75
## 42” Full HD LCD sjónvarp
Upplausn 1920 x 1080
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari

VERÐ 249.900
**229.900**
TILBOÐ




37LT75
## 37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari

VERÐ 229.900
**189.900**
TILBOÐ



**59.900**

L-1026
## Edesa þvottavél
6 kg
1000 snúninga



**69.900**

1LE-031SX
## Edesa uppþvottavél
12 manna
4 kerfi



CFV20NFX
## Fagor frystiskápur
Hæð 163 cm
Breidd 60 cm
No Frost
Stál litaður

VERÐ 126.900
**99.900**
TILBOÐ



FH40GAVX
## Nardi gashelluborð
Breidd 58,5 cm
Dýpt 50 cm

VERÐ 39.900
**24.900**
TILBOÐ



5CDC60X
## Fagor veggháfur
Breidd 60 cm
650 $m^3$

VERÐ 39.900
**19.900**
TILBOÐ

KOG-63NR
## Daewoo örbylgjuofn
20 lítra, 800 wött
Grill
Stafrænar stillingar
Skjár með klukku



VERÐ 15.900
**12.900**
TILBOÐ



965010146
## Fagor djúpsteikingar-pottur
2100 wött
3 lítra

VERÐ 10.990
**7.490**
TILBOÐ



964010256
## Fagor blandari
350 wött
Plastkanna

VERÐ 6.590
**4.990**
TILBOÐ



961010653
## Fagor hitaketill
2000 wött
1,7 lítra

VERÐ 5.490
**3.490**
TILBOÐ

# RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG
Lífið er gott

til
afgreiðslu
af lager

# Eldhúsinnréttingar

*- glæsileg og vönduð vara*


DUCAL ljós eik



til
afgreiðslu
af lager

Verð kr. 765.680.- Verð með afslætti kr. **535.900.-** stgr.

*Innifalið í öllum innréttingum BLUM mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum*


Amerísk hnota - spónlögð


sprautulakkað
DUCALE - hvítt háglans

Verð kr. 729.750.- Verð með afslætti kr. **510.850.-** stgr.

Verð kr. 526.120.- Verð með afslætti kr. **368.300**

## Eldhúsvaskar og blöndunartæki


DAVE 45


CUADRO 60 - B CN


CLASSIC


SINE 50


STYB 1b

# r fyrir þitt heimili

*eitt hagstæðasta verð á markaðnum*

**30% afsláttur til 30. sept. eða meðan byrgðir endast!**

*- hvítt háglans höldurlaus*
*sprautulakkað*



*LINE*

Verð kr. 877.540.- Verð með afslætti kr. **614.300.-** stgr.



*DUCAL ljós eik*

Verð kr. 323.180.- Verð með afslætti kr. **226.800.-**

*- hvítt háglans*



*LINE hvítt*

Verð kr. 279.850.- Verð með afslætti kr. **195.800.-**

*Innifalið í öllum innréttingum BLUM mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum*



.- stgr.

*sprautulakkað*
*- hvítt háglans*



*COUNTRY* fulningar - hvít lakkað

Verð kr. 447.460.- Verð með afslætti kr. **313.200.-** stgr.



*DUCAL hvít*

Verð kr. 277.800.- Verð með afslætti kr. **194.400.-**

*Öll verð án borðplötu*



CENTROVAL 45



DAME 50

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** *- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

„ORÐRÉTT“

*To be grateful*

**„Ég fagna því að til séu fyrirtæki á Íslandi sem enn sjá sóma sinn í því að nota íslenska tónlist í íslenskar auglýsingar. Og þegar þær eru sungnar að það sé gert á íslensku.“**

LAGIÐ LÍTILL DRENGUR EFTIR MAGNÚS KJARTANSSON HLJÓMAR Í AUGLÝSINGU SPRON - Í ÓSUNGINNI ÚTGÁFU.

Fréttablaðið 3. september.

*Gljáður svínahnakki*

**„Við sáum ekki betur en svínið væri með rakaðan pung eins og Gillzenegger.“**

BRAGI VALDIMAR SKÚLASON SEGIR MARGT HAFA MINNT Á ÍSLAND Í NORÐUR-AMERÍKUFERÐ BAGGALÚTS.

Fréttablaðið 3. september

tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTINN EINARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI GEYSIS

## Gangsetja atvinnu- og menntadeild



„Það er allt gott að frétta hjá okkur. Við erum önnum kafin við að gangsetja nýja atvinnu- og menntadeild sem er hugsuð fyrir fólk með geðraskanir og á að gera þeim kleift að ná markmiðum sínum varðandi atvinnu og menntun,“ segir Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri Klúbbsins Geysis.

„Fólk sem hefur veikst af geðröskunum hefur oft flosnað upp úr námi og veikindin hafa gert það að verkum að sumir hafa ekki náð markmiðum sínum og hafa því tiltölulega litla menntun. Það stendur fólki gríðarlega fyrir þrifum. Deildin okkar er hugsuð þannig að við ætlum að styðja þá betur til að nýta sér tækifærin í umhverfinu. Okkar stuðningur felst í því að gera náms- og atvinnutækifæri sýnilegri og hjálpa fólki í starfsleit. Starfsemi klúbbsins gengur út á það að efla virkni fólks og er nokkurs konar staður fyrir fólk til að fara á flug og vera virkt. Við trúum því að fólk geti komist þangað sem það vill.“

Mikið er um að vera í Klúbbnum Geysi, fólk er að koma til starfa í klúbbnum eftir sumarleyfi. Klúbburinn er að fara í gang með heilsueflingu þar sem aukin áhersla er á hreyfingu og mataræði. Margvíslegir fyrirlestrar verða í boði um hollustu og hreyfingu og heilsuverndandi þætti. „Heilsueflingin er þema í september og október,“ segir Kristinn. „Við leggjum áherslu á að hjálpa fólki að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og verðum því með fyrirlestra og bjóðum upp á blóðþrýstings- og kólesterólmælingar.“

## LIONEL RICHIE

### DÁÐUR Í ARABARÍKJUM

■ Söngvarinn geðþekki, Lionel Richie, nýtur gríðarlegra vinsælda í arabalöndunum. Hann hefur meðal annars haldið tónleika í Marokkó, Dubai, Quatar og Líbýu. Að sögn ABC fréttastofunnar má sjá fullvaxta írakska karlmenn voteyga yfir tónlist Richies.



Þegar tónlistarframleiðandinn Dallas Austin var hnepptur í varðhald fyrir að vera með kókaín í fórum sínum í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, var hann náðaður þegar Richie lýsti mannkostum hans fyrir Sjeik Múhammeð. **Heimild: Wikipedia**

## SJÓNARHÓLL

**RÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA UM EFNAHAGSMÁLIN**



**SVEINN BIRKIR BJÖRNSSON**
Ritstjóri Reykjavík Grapevine.

### *Ófrumlegur endurflutningur*

„Einu sinni var ég staddur í afmælisveislu þar sem Geir H. Haarde steig á svið og söng nokkur vel valin lög. Þó að sviðsframkoma Geirs væri ekki sérlega spennandi, enginn luftgítar og engin háspörk, og lögin allt saman endurteknar ábreiður og ekkert frumsamið efni á dagskránni, þá reyndist hann vera ágætis raulari og myndi sóma sér vel í Broadway-sýningu með Ragga Bjarna,“ segir Sveinn Birkir Björnsson, ritstjóri Reykjavík Grapevine. „Ræða forsætisráðherra um efnahagsmál minnti mig talsvert á tónlistarflutning Geirs. Flutningurinn var tilþrifalítill en fagmannlegur, en efnistökin reyndust meira og minna ófrumlegur endurflutningur á gömlum tuggum með fáum og litlausum tilbrigðum við upprunalegu útgáfuna sem naut talsverða vinsælda í upphafi tíunda áratugarins.“

# Hugmyndin datt úr skýjunum

**Flugdrekinn stóri neðst á Arnarhóli hefur vakið athygli gesta og gangandi að undanförnu. Fréttablaðið spjallaði við Axel Eiríksson, höfund verksins.**



**Á ARNARHÓLI** Axel segir skemmtilegt að sjá andstæðurnar milli Flugdrekans og styttunnar af Ingólfi Arnarsyni. Bæði verkin búi vissulega yfir sinni sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég hef fengið verulega góð viðbrögð við verkinu. Það er sérstaklega gaman að sjá svipinn á fólkinu sem labbar niður Hverfisgötuna. Þegar það sér flugdrekann verður það hreinlega ungt í annað sinn og brosið festist á andlitunum,“ segir Axel Eiríksson, úrsmíðameistari og listamaður. Axel er höfundur listaverksins „Flugdreki“, sem er neðst á Arnarhóli við Hverfisgötu og hefur vakið athygli borgarbúa síðustu vikur.

Listamaðurinn segir hugmyndina að verkinu hafa kviknað þegar hann heimsótti son sinn til Vínarborgar. „Eins og margar aðrar hugmyndir þá datt þessi nú bara ofan úr skýjunum. Í Vínarborg var ég mikið að hugleiða lífið og tilveruna og þá hugsun að eitthvað sé til sem er stærra og meira en við mannfólkið. Þessa hugmynd langaði mig til að gera sýnilega á einhvern hátt og úr varð Flugdrekinn,“ segir Axel.

Þegar hann sá auglýst eftir listaverkum til að setja upp í tengslum við menningarnótt í Reykjavík ákvað hann að sækja um pláss fyrir Flugdrekann. Í upphafi sá hann fyrir sér að verkið myndi rísa í Laugardalnum, þar sem Náttúruhljómleikarnir voru haldnir fyrir skömmu.

„Mér datt ekki í hug í mínum villtustu draumum að ég fengi að reisa flugdrekann á Arnarhóli, en er að sjálfsögðu afar ánægður með staðsetninguna. Hér vekur verkið mikla athygli og margir ferðamenn hafa lýst yfir ánægju sinni með verkið og tekið af því ljósmyndir.“

Axel hefur samið stutt ævintýri, sem fylgir verkinu, og sent til leikskóla borgarinnar. „Ævintýrið var samið meira til gamans, því ég býst við því að hver einstaklingur upplifi verkið á sinn hátt. En oft er gott fyrir börnin að saga fylgi verkinu til að koma ímyndunaraflinu af stað,“ segir Axel.

Flugdrekanum var einungis ætlað að standa á Arnarhóli í tvær vikur og verður því tekinn niður í dag. Að sögn Axels er ekki víst hver afdrif verksins verða. „Þetta er svo góð smíði að það er allt til í dæminu.

Það er vel mögulegt að flytja það eitthvert annað og líka að pakka því saman og geyma. Það verður bara að koma í ljós,“ segir Axel og bætir við að honum hafi þótt virkilega gaman að sjá þessa hugmynd sína verða að veruleika.

kjartan@frettabladid.is

## UPPRUNI FLUGDREKANS

Margir telja að fyrsti flugdrekinn hafi verið smíðaður fyrir um 2.800 árum í Kína, en þar munu nauðsynleg efni til flugdrekagerðar hafa verið til taks, líkt og silki og bambus. Þó eru þeir til sem halda því fram að flugdrekinn sé enn eldri uppfinning.

Ljóst þykir að flugdrekar þekktust í Asíu og Afríku löngu áður en þeir birtust fyrst í Evrópu, en menn greinir á um hvenær það á að hafa gerst. Einna helst hefur verið talið að fyrstu flugdrekunum hafi verið flogið í Evrópu einhvers staðar á bilinu frá miðöldum og fram að sautjándu öld.

Flugdrekar hafa verið notaðir í ýmsum tilgangi í gegnum söguna, meðal annars sem hernaðartæki, í listrænum tilgangi og sem dægradvöl.

## ÆVINTÝRIÐ UM FLUGDREKANN

Um hinn upplýsta heim hafði í áranna rás breiðst út sú saga manna á milli að einhvers staðar langt í burtu hafi fæðst barn sem óx hraðar en önnur börn. Að endingu varð það stærra, já miklu stærra en íbúarnir í byggðarlaginu sem samt voru mjög hávaxnir.

Sagan segir að dag einn hafi stóra manneskjan byrjað að smíða flugdreka og hafði fólk aldrei séð annað eins. Almennt var talið að ekki væri hægt að láta nokkuð svona þungt fljúga.

Sumir spurðu; af hverju ertu að þessu? Aðrir spurðu; hvernig datt þér þetta í hug? Þá var það ung stúlka sem sagði: „Ætlar þú að senda skilaboð með drekanum?“ Þá á stóra manneskjan að hafa hrist höfuðið og sagt já, ja eða da, flest höfum við heyrt þessi tilsvör.

Ef það er rétt að stóra manneskjan hafi hrist höfuðið og jánkað þá gæti þetta allt eins hafa gerst í Búlgaríu eða einhverju öðru landi þar sem fólk jánkar með því að hrista höfuðið.

Alla vega gerðist þetta ekki hér á Íslandi. Við vitum jú að þegar við segjum já þá nikkum við með höfðinu.

Áfram með söguna.

Svo kom að því að draga átti drekann á loft og hafði fjöldi fólks safnast saman til að verða vitni að svo merkilegum atburði. Stóra manneskjan dró drekann nokkra metra eftir jörðinni og hófst hann þá til flugs með háværu hvisshljóði og söng í dráttarreipinu. Flugdrekinn hækkaði flugið óðfluga og að endingu hvarf hann upp í skýjaþykknið en um leið lýstist allur himinninn upp með miklum þrumugný.



Í sömu andrá skall dráttarreipið í jörðina og um leið brast á haglél og voru höglin á stærð við hænuegg. Þar með var flugdrekinn horfinn sjónum manna.

Haldið var uppi spurnum af afdrifum drekans næstu árin. Almannarómur segir að stóra manneskjan hafi fengið svar við því sem hún spurði um. Alla vega fór hún nú að taka meiri þátt í lífi íbúanna með því að vinna þau störf þar sem stærð hennar nýttist best til dæmis við að pússa kirkjuklukkur, tína eplin úr eplatrjánum og fleira því líkt.

Víkur nú sögunni hingað til Íslands, nánar til tekið til Reykjavíkur, já alla leið hingað í miðbæinn á Arnarhólinn. Þar lenti þessi ægistóri flugdreki eina bjarta sumarnótt.

Getur verið að þarna sé kominn flugdreki stóru manneskjunnar eftir öll þessi ár, eða … eða hvað? Eða er þetta bara eins og hver annar flugdreki?

**Axel Eiríksson**





NÝTT NÁMSKEIÐ

# Tölvu- og bókhaldsnám
198 stundir. Verð: 149.000.-

Morgunnámskeið | Kennt er alla virka daga nema föstudaga frá 8:30 til 12:30 | Byrjar 15. október og lýkur 10. desember.
Kvöld- og helgarnámskeið | Kennt er á þri.- og fim. frá 18:00 til 22:00 og lau. frá 8:30 til 12:30 | Byrjar 14. október og lýkur 17. janúar.

Í þessu námi er megináherslan lögð á hagnýta tölvunotkun og bókhald. Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur fyrir störf á skrifstofu og byggir námið sérlega góðan grunn fyrir þá sem vilja vinna sem bókarar.

***Bókhald (36 stundir)***
Helstu reikningar eru teknir fyrir og verkefni færð í dagbók. Kennd er afstemming með prófjöfnuði ásamt reikningsjöfnuði og gerð efnahags- og rekstrarreiknings.

***Tölvubókhald - Navision (54 stundir)***
Færðir eru sjö mánuðir með raunverulegum fylgiskjölum og tilheyrandi uppgjöri og afstemmingu. Einnig eru gerð virðisaukaskatts- og launauppgjör.

***Verslunarreikningur (24 stundir)***
Sá hluti af stærðfræðinni sem mest er notaður í almennri skrifstofuvinnu. Prósentureikningur, afsláttur og álagning, útreikningur á vísitölu, vörureikningi og veltuhraða, vaxtareikningur o.m.fl.

***Tímastjórnun (6 stundir)***
Farið er í helstu þætti tímastjórnunar og mikilvægi þess að setja sér raunhæf markmið og ná þeim.

***Windows stýrikerfið, Internetið og Outlook 2007 (12 stundir)***
Rík áhersla er lögð á þá þætti sem tengjast almennri notkun, afritun og skipulagningu.

***Word 2007 ritvinnsla (24 stundir)***
Farið er yfir margar helstu aðgerðir sem Word ritvinnsluforritið býður upp á. Krefjandi og skemmtileg yfirferð.

***Excel 2007 töflureiknir (24 stundir)***
Kenndar eru helstu aðgerðir við útreikninga og virkni töflureiknis ásamt grafískri framsetningu gagna.

***PowerPoint 2007 (12 stundir)***
Kennt er hvernig má útbúa skemmtilegar kynningar (glærur) og lifandi, gagnvirka fyrirlestra.

**UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 544 4500 OG WWW.NTV.IS**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**ntv**

Alþjóðahús flutt á Laugaveginn:

# Of þröngt í gamla húsinu



**LAUGAVEGUR 37** Hýsir nú starfsemi Alþjóðahúss.

„Það var orðið allt of þröngt um alla starfsemi og starfsfólk í gamla húsnæðinu á Hverfisgötu,“ segir Katla Þorsteinsdóttir, stjórnarformaður Alþjóðahússins. Starfsemi Alþjóðahússins hefur verið flutt í nýtt húsnæði að Laugavegi 37.

Að sögn Kötlu er nýja húsnæðið ekki mikið stærra en hið gamla í fermetrum talið, en mun rýmra sé um alla starfsemi. Þar verði meðal annars afar rúmgóð móttaka, þar sem fólk getur fengið sér sæti, skoðað bækur og blöð og kynnt sér starfsemi hússins.

Alþjóðahúsið hefur á árinu opnað útibú í Breiðholti og á Akureyri. - kg

**FBL-GREINING:** UTANRÍKISSTEFNA RÚSSLANDS

# *Meginreglurnar fimm*

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, segir að stríðið í Georgíu hafi leitt í ljós mikilvægan sannleika, sem Rússar hafi lengi vonast til að fólk í öðrum löndum áttaði sig á. Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands, útskýrði um helgina nánar hvaða kröfur Rússar gera í utanríkismálum, í viðtali sem hann átti við rússneskar sjónvarpsstöðvar.



**Hvað segjast Rússar vilja?**
Medvedev sagði utanríkisstefnu Rússlands byggða á fimm meginreglum. Sú fyrsta er að farið verði að alþjóðalögum um samskipti ríkja, önnur er höfnun á yfirburðastöðu Bandaríkjanna í heimsmálum. Sú þriðja er fullyrðing um að Rússar vilji engin átök við önnur ríki. Sú fjórða er yfirlýsing um að það verði forgangsverkefni að verja rússneska ríkisborgara, jafnvel utan landsteina Rússlands, og sú fimmta segir að Rússar hafi sérstakra hagsmuna að gæta á svæðum utan Rússlands.

**Við hverju má búast?**
Yfirlýsingar Medvedevs og annarra ráðamanna Rússlands benda varla til þess að þeir hafi áhuga á nýju köldu stríði né vilji einangrast frá umheiminum. Þvert á móti vilja þeir eiga samstarf við önnur ríki á jafnréttisgrundvelli. Þetta er þó háð því skilyrði, að önnur ríki fallist á þá hagsmuni, sem Rússar telja sig þurfa að verja.

**Hvaða hagsmunir?**
Medvedev lýsir því yfir að Rússland muni verja Rússa sem búsettir eru í nágrannaríkjum Rússlands. „Ákvarðanir okkar í utanríkismálum verða byggðar á þessari þörf. Við munum einnig verja hagsmuni fyrirtækja okkar erlendis,“ sagði hann. Einnig vilja Rússar hafa sitt áhrifasvæði, sem samkvæmt Medvedev takmarkast ekki alfarið við þau ríki, sem eiga landamæri að Rússlandi. Medvedev gerði það lýðum ljóst, að Rússar yrðu vinveittir öllum sem tækju fullt tillit til þessara hagsmuna. Að öðrum kosti mætti búast við átökum.






**FRÉTTASKÝRING:** Varaforsetaefni Repúblikanaflokksins



**JOHN MCCAIN KYNNIR SÖRUH PALIN SEM VARAFORSETAEFNI SITT** Bandarískir stjórnmálaskýrendur hafa spurt hvort Palin muni draga sig til baka sem varaforsetaefni McCain. Slíkt gerðist síðast fyrir 36 árum þegar George McGovern, frambjóðandi demókrataflokksins skipti um varaforsetaefni. McGovern tapaði fyrir Richard Nixon með miklum mun. NORDICPHOTOS/AFP

# Afleikur eða snilldarútspil

**Val Johns McCain á Söruh Palin kom stjórnmálaskýrendum vestanhafs mjög á óvart. Ekki var vitað til þess að þau þekktust eða hefðu unnið saman, og Palin er nánast óþekkt og talin reynslulítil. Stuðningsmenn McCains þykjast hins vegar sannfærðir um að tilnefning hennar væri snilldarbragð sem gæti loksins komið McCain fram úr Barack Obama.**

Forsetakosningar 2008

Á föstudag fyrir viku tilkynnti John McCain, forsetaframbjóðandi repúblikana, að hann hefði valið Söruh Palin, ríkisstjóra Alaska, sem varaforsetaefni sitt. Stuðningsmönnum McCain þótti valið á Palin klókur leikur, enda er hún ung og að margra mati mjög glæsileg. Að auki bauð Palin sig fram til ríkisstjóra sem baráttukona gegn spillingu og sóun almannafjár sem þykir landlæg í Alaska.

Repúblikanar vonuðust því til þess að McCain, sem til þessa hefur ekki tekist að ná Obama í könnunum, myndi nú geta snúið taflinu við. Sérstakar vonir voru bundnar við að Palin gæti klofið raðir demókrata með því að ná til sín atkvæðum óánægðra stuðningsmanna Hillary Clinton.

Það er hins vegar mikið vafamál hvort sá kjósendahópur sé mjög stór, því ekkert bendir til þess að meðal demókrata sé útbreidd óánægja með valið á Barack Obama sem forsetaframbjóðanda.

**Sveigja til hægri, ekki inn á miðju**
Palin er mjög langt til hægri í bandarískum stjórnmálum, tvímælalaust hægra megin við McCain. Valið á henni mun því síst til þess fallið að auka vinsældir McCains meðal stuðningsmanna Clinton, sem er vinstrisinnaðri en Obama, eða meðal miðjusinnaðra demókrata.

Palin er eitilharður andstæðingur fóstureyðinga. Haft hefur verið eftir henni að hún sé andsnúin fóstureyðingum í öllum tilfellum, jafnvel þegar um nauðgun eða sifjaspell sé að ræða. Í viðtali við Anchorage Daily News 2006 sagðist hún ekki gera undanþágu á þeirri skoðun sinni, jafnvel þótt hennar eigin dóttur væri nauðgað.

Þá er Palin þeirrar skoðunar að kenna eigi „sköpunarhyggju“ samhliða þróunarkenningunni í líffræði í barnaskólum.

**Óánægðir kjósendur McCains**
Fréttaskýrendur hafa því bent á að með valinu á Palin sé McCain að biðla til óánægðra kjósenda í eigin flokki, frekar en óánægðra kjósenda Demókrataflokksins. Kristnir íhaldsmenn hafa lengi haft horn í síðu McCains og tilraunir hans í vor til að vinna traust þeirra hafa ýmist mistekist eða endað með ósköpum, samanber fjölmiðlafárið í kringum sjónvarpspredikarana John Hagee og Rod Parsley. McCain hafði sótt stíft að fá opinberan stuðning Hagee og Parsley, en þegar fjölmiðlar tóku að kanna fortíð og verk þeirra kom í ljós að báðir voru vafasamir ofstækismenn.

Stjórnmálaskýrendur töldu það mál sýna að McCain hefði ekki þekkt verk Hagee og Parsley, eða látið hjá líða að kanna feril þeirra. Aðrir héldu því fram að málið vekti alvarlegar spurningar um hvernig McCain tæki ákvarðanir. Frekar en að stýrast af skýrum grundvallarhugsjónum virtust ákvarðanir hans stjórnast af hvatvísi og skammtímahagsmunum.

**Dómgreind McCains dregin í efa**
Umfjöllun fjölmiðla um Palin síðan á föstudag virðist renna stoðum undir þessa mynd. Þó að talsmenn McCains staðhæfi að fortíð Palin hafi verið þaulkönnuð bendir ekkert til að svo sé. Repúblikanar í Alaska segja til dæmis að fulltrúar McCains, sem áttu að kanna feril Palin, hafi ekki komið til Alaska fyrr en degi áður en hún var kynnt sem varaforsetaefni flokksins. Þá komst dagblaðið Washington Independent að því að enginn hefði leitað til bæjarskrifstofu Wasilla, þar sem Palin var bæjarstjóri um nokkurra ára skeið, um gögn eða upplýsingar frá valdatíma hennar.

Vitað er að McCain og Palin þekkjast lítið og hafa aldrei unnið saman. McCain mun aðeins hafa rætt við Palin einu sinni eða tvisvar áður en hann valdi hana sem varaforsetaefni sitt.

Þó að staða varaforseta sé valdalítið embætti samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna hefur það orðið mun mikilvægara í tíð tveggja síðustu forseta, og liggur við að Dick Cheney hafi í raun starfað sem aðstoðarforseti Bush. Þá mun McCain, ef hann nær kjöri, verða elsti forseti í sögu Bandaríkjanna, og í ljósi þess að Palin mun taka við sem forseti landsins falli hann frá, er því eðlilegt að spurt sé hvaða eiginleikum McCain hafi leitað að í fari Palin. Flestir stjórnmálaskýrendur vestanhafs telja að McCain hafi valið frambjóðanda sem hann teldi líklegastan til að vinna sér inn atkvæði, frekar en varaforseta sem gæti tekið við af sér. Í ljósi þess hversu slæma umfjöllun Palin hefur fengið virðist það hafa verið afleikur.

Stjórnmálabloggarar, aðallega á vinstri vængnum, en þó einnig til hægri, hafa því spurt hvort hægt sé að treysta dómgreind McCains.

**Af hverju valdi McCain Palin?**
En þá vaknar spurningin af hverju McCain valdi Palin. Heimildir segja að McCain hafi fram á síðustu stundu haldið í þá von að hann gæti valið náinn vin sinn, Joe Lieberman, fyrrverandi demókrata og öldungadeildarþingmann Connecticut, eða Tom Ridge, fyrrum ríkisstjóra Pennsylvaníu. Hægri vængur flokksins hafði hins vegar hafnað báðum, þar sem þeir eru fylgjandi rétti kvenna til fóstureyðinga. Að sögn heimildarmanna New York Times hafnaði McCain Mitt Romney, fyrrum ríkisstjóra Massachusetts, og Tim Pawlenty, ríkisstjóra Minnesota, sem „of augljósum“. Ákvörðunin um Palin hafi í raun verið tekin á síðustu stundu.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS SVEINN HELGASON
msh@markadurinn.is


## NOKKUR VANDRÆÐAMÁL SÖRUH PALIN

- Palin hefur verið sökuð um að hafa rekið yfirmann ríkislögreglu Alaska þegar sá hinn sami neitaði að reka lögregluþjón sem var nýskilinn við systur Palin. Palin hefur neitað þessu, en rannsókn hefur sýnt að aðstoðarmenn hennar hringdu á þriðja tug símtala í skrifstofu ríkislögreglunnar vegna málsins. Palin hefur nú ráðið lögfræðing vegna málsins, og að auki krafist þess að opinberri rannsókn þess verði hætt.
- Palin hefur verið sökuð um að hafa verið meðlimur í sérkennilegum öfgaflokki, „Sjálfstæðisflokki Alaska“, en stofnandi hans fordæmdi Bandaríkin og sagðist hata ríkisstjórn þeirra. Palin neitar þeim ásökunum, en eiginmaður hennar var skráður meðlimur flokksins frá 1995 til 2002.
- Ed Kalnins, prestur í kirkju Palin, hefur staðhæft í messu að þeir sem gagnrýna George Bush fari til helvítis.
- Stuðningsmenn McCains hafa sagt að Palin hafi barist gegn sóun á almannafé, og sérstaklega alræmdri brúarsmíð í Alaska. Brúin, sem átti að kosta um 400 milljónir Bandaríkjadala, og þjónaði litlum tilgangi, var kölluð „the bridge to nowhere“. Hið sanna er að Palin barðist fyrir því að brúin yrði reist þar til brúarsmíðin var orðin að aðhlátursefni í fjölmiðlum. Brúarsmíðin var meira að segja eitt af kosningamálum Palin þegar hún bauð sig fram til ríkisstjóra 2006.
- Ólíkt því sem talsmenn McCains hafa haldið fram, þá hefur Palin haft náin tengsl við öldungadeildarþingmann ríkisins, repúblikanann Ted Stevens, sem hún varði opinberlega eftir að hann var ákærður fyrir mútuþægni og spillingu.



# LAGERHREINSUN



Allt að
**80%**
afsláttur

Gjafavara

Smávara

Jólaskraut

Kertastjakar

Ljós og lampar

Sófar og stólar

Borðstofuhúsgögn

Hillur og skápar

Barnahúsgögn frá Cilek

Útlitsgallaðar dýnur

og skiptidýnur frá

Svefn & heilsa



Takmarkað magn af öllu

Kletthálsi 13
mán.-fös. 10-18, lau. 12-15
Sími 660 0035




HÚSGÖGNIN
HEIM

Komdu í Brimborg í dag

rýming



Rýmingarafsláttur 400.000 kr.

**Volvo S60**
2,0 sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer JS536
Skrd. 7/2001. Ek. 94.000 km.
Verð áður 1.690.000 kr.
Rýmingarafsláttur 400.000 kr.
**Rýmingarverð 1.290.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 1.000.000 kr.

**Volvo C70**
2,4 sjálfskiptur 2 dyra
Fast númer RR615
Skrd. 5/2006. Ek. 27.000 km.
Verð áður 4.690.000 kr.
Rýmingarafsláttur 1.000.000 kr.
**Rýmingarverð 3.690.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 400.000 kr.

**Ford Focus Trend**
1,6 sjálfskiptur station
Fast númer VF151
Skrd. 2/2006. Ek. 38.000 km.
Verð áður 1.990.000 kr.
Rýmingarafsláttur 400.000 kr.
**Rýmingarverð 1.590.000 kr.**

**Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig**
**- farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.**
**Komdu í Brimborg**

Cohn & Wolfe Public Relations Ísland

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# arsala á notuðum bílum

**Það er alltaf gaman að skoða bíla. Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag. Skoðaðu úrvalið, aftur og aftur. Skoðaðu fjármögnunina. Komdu bara í Brimborg í dag.**

**100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.**



**Rýmingarafsláttur 660.000 kr.**

## Hyundai Tucson

2,7 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer YG302
Skrd. 1/2007. Ek. 34.000 km.
Verð áður 3.050.000 kr.
Rýmingarafsláttur 660.000 kr.
**Rýmingarverð 2.390.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 700.000 kr.**

## Mitsubishi Pajero GLS

3,5 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer NJ713
Skrd. 4/2005. Ek. 60.000 km.
Verð áður 3.690.000 kr.
Rýmingarafsláttur 700.000 kr.
**Rýmingarverð 2.990.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 340.000 kr.**

## Citroën C4

1,6 beinskiptur 5 dyra
Fast númer BR253
Skrd. 1/2007. Ek. 12.000 km.
Verð áður 1.990.000 kr.
Rýmingarafsláttur 340.000 kr.
**Rýmingarverð 1.650.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 400.000 kr.**

## Subaru Forester Lux

2,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer ZT114
Skrd. 2/2005. Ek. 48.000 km.
Verð áður 2.390.000 kr.
Rýmingarafsláttur 400.000 kr.
**Rýmingarverð 1.990.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 600.000 kr.**

## Toyota Landcruiser 120

4,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer ZV293
Skrd. 3/2003. Ek. 98.000 km.
Verð áður 3.190.000 kr.
Rýmingarafsláttur 600.000 kr.
**Rýmingarverð 2.590.000 kr.**

Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag.

**100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.**

**100% fjármögnun**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

## Útgjöldin

> Meðalverð á einu kílói af ýsuflökum í ágústmánuði ár hvert.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HAUKUR MAGNÚSSON, GÍTARLEIKARI OG BLAÐAMAÐUR

## *Fagnar mistökum eins og Óli Stef*

„Ég er óttalegur auli eins og aðrir og alltaf að kaupa eitthvað sem ég hef engin not fyrir," segir Haukur Magnússon, blaðamaður og gítarleikari hljómsveitarinnar Reykjavíkur!, um verstu kaupin sín. Hann segist hins vegar löngu hafa tileinkað sér heimspeki Ólafs Stefánssonar landsliðsfyrirliða í handknattleik.

„Ég reyni bara að fagna mistökum mínum eins og Óli og læra af þeim frekar en að sýta þau og vera leiður. Þessar vondu ákvarðanir eru yfirleitt teknar undir áhrifum áfengis og ég reyni bara að læra af þeim."

Hvað bestu kaupin varðar er Haukur ekki í neinum vafa. „Það var þegar ég í félagi við fjóra aðra náunga ákvað að fjárfesta í því að búa til hljómplötu. Það var frumburðarskífa okkar í Reykjavík!

Við vorum búnir að spila mikið saman og langaði að gera plötu, en enginn okkar var sérstakur snillingur í að taka upp. Við ákváðum því að slá hver sitt bankalánið og fjármagna plötuna þannig."

Haukur segist hafa verið um tvö ár að greiða af láninu og hann sé mjög sáttur og ánægður með það. „Við mátum það þannig að þetta væri á pari að fara á skíði til Sviss. Við höfðum hins vegar engan áhuga á því og gerðum því frekar plötu. Þetta eru ugglaust bestu, og þá jafnframt afdrifaríkustu, kaupin mín."



## GÓÐ HÚSRÁÐ
### TILTEKT FYRIR MÖMMU

■ *Kristín Rós Hákonardóttir, sunddrottning, grafískur hönnuður og kennari, segir það hið besta húsráð að taka alltaf vel til áður en foreldrar koma í heimsókn.*



„Mér hefur þótt mikilvægt að reyna að hafa nokkuð hreint áður en mamma og pabbi koma í heimsókn," segir Kristín Rós. Þetta hafi hún reynt að tileinka sér þar sem móðir hennar eigi það til að taka til í kringum sig, þyki henni ekki nægilega snyrtilegt. „Um daginn byrjaði hún til að mynda að þurrka úr gluggakistunum hjá mér á meðan hún var í heimsókn," segir Kristín Rós og skellir upp úr við tilhugsunina um umhyggjusemi móður sinnar.

■ **Innlend bjórframleiðsla**

## Nýtt íslenskt öl að breskri fyrirmynd




Móri, ný bjórtegund frá Ölvisholti Brugghúsi kom á markað í vikunni en bjórinn er frá sömu framleiðendum og Skjálfti. Nýi bjórinn, Móri er Ale-bjór, eða yfirgerjað öl að breskri fyrirmynd, maltríkur og kröftuglega humlaður. Sjö mismunandi maltafbrigði eru notuð við ölgerðina ásamt blöndu af fjórum breskum humlategundum sem undirstrika engilsaxneskan uppruna Móra.

Nafnið er dregið af þekktum sunnlenskum draug sem sést hefur á sveimi í námunda við brugghúsið.

Móri er seldur í hálfslítra flöskum til reynslu í verslunum ÁTVR í Heiðrúnu og Kringlunni auk þess sem hann er hægt að sérpanta í öðrum verslunum ÁTVR. Áfengisinnihald Móra er 5,5 prósent.

■ **Ólögmæt auglýsing um sólarvörn**

## Neytendastofa tekur auglýsingu úr umferð

Neytendastofa hefur tekið þá ákvörðun að Celsus ehf. hafi brotið lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því að fullyrða í auglýsingum að Proderm-sólarvörn veiti sex klukkustunda vörn óháð svita, sandi, sjó, leik eða handklæðaþurrkun. Þetta kemur fram á vef Neytendastofu.

Í auglýsingum Celsus er annars vegar fullyrt að sólarvörnin sé sú eina sem skráð sé læknisfræðileg og hins vegar að sólarvörnin sé skráð læknavara og eina læknisfræðilega sólvörnin. Neytendastofu þótti ljóst að auglýsingin gæfi það til kynna að varan væri notuð af læknum við störf sem hún reyndist ekki vera.

Celsus hefur verið bannað að nota framangreindar fullyrðingar við auglýsingu Proderm-sólarvarnar.



Jakki 25.900 KR
Stígvél 32.900 KR

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Litlatúni 3 • Gardabær • 517 4806
www.ilsejacobsen.dk

# Dans fyrir sál og líkama

**Heiðar Ástvaldsson danskennari hefur kennt börnum að feta fyrstu danssporin í meira en hálfa öld. Hann segir það sýna hjartans innri sannfæringu að engin íþrótt sem hann þekki þjálfi jafn vel huga og líkama í senn.**

„Í huga mínum er það gríðarlega þýðingarmikill hluti í uppeldi hvers barns að það læri dans vegna þess hve mjög hann reynir á persónuna andlega og líkamlega," segir Heiðar, sem nú er að verða 72 ára. „Af þessum sökum þykir mér sérlega mikilvægt að lítil börn og eldra fólk æfi dans," bætir hann við en tekur skýrt fram að með þeim orðum sé hann ekki að gera lítið úr mikilvægi þess að aðrir aldurshópar dansi. Þessi sannfæring hans sé sterk og hafi orðið til þess að það sem átti aðeins að vera stutt hlé á lögfræðinámi til að geta sinnt danskennslu varir enn. Dansinn á enn hug hans allan.

Heiðar viðurkennir að oft sé erfitt að fá stráka til að dansa. Þeir stígi fyrstu skrefin fussandi og sveiandi en ástæðan fyrir þeirri hegðun sé að því er virðist ómeðvituð skoðun þeirra um að stelpurnar séu óæðri verur. „Þegar þeir byrja svo að dansa við stelpurnar verða samskipti barnanna svo miklu eðlilegri og þýðari," segir Heiðar, sem segir danskennslu því að sínu mati mikilvæga lexíu um samskipti kynjanna og stuðla að því að þau skilji að jafnrétti eigi að ríkja þeirra á milli.

Heiðar segist vonast til þess að sameining Kennaraháskólans og Háskólans verði til þess að dans verði gerður að sérgrein sem börnum verði skylt að mæta í einn tíma í vikulega til tólf ára aldurs. „Það er einfaldlega mín hjartans sannfæring að dans sé svo mikilvægur þáttur þótt samkvæmisdansana sé ekki hægt að dansa hvar sem er nú til dags," segir hann að lokum. **karen@frettabladid.is**



**HEIÐAR ÁSTVALDSSON** Hóf að kenna dans á Siglufirði sautján ára gamall. Hann er nú að verða 72 en áhuginn hefur ekki dvínað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### NÁMSKEIÐ Í SAMKVÆMISDÖNSUM

| Dansskóli | Verð f. barn | Verð f. fullorðið par |
|---|---|---|
| Dansskóli Sigurðar Hákonarsonar | 13.500 | 27.500 |
| Dansskóli Ragnars Sverrissonar | 16.900 | 71.800 |
| Dansskóli Jóns Péturs og Köru | 18.900 | 38.900 |
| Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar | 15.900 | 29.900 |
| Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar | 15.215 | 36.600 |

Listinn miðast við uppgefið verð fyrir tíma í samkvæmisdönsum einu sinni í viku í um fjórtán vikur hjá barni frá sex ára aldri og svo fyrir tíma í samkvæmisdönsum einu sinni í viku í um fjórtán vikur fyrir par. Ekki er tekið tillit til systkinaafsláttar á hverjum stað, eða niðurgreiðslu sveitarfélaga, aðstöðu, menntunar kennara eða hvort einhvers konar búnaður eða gögn séu innifalin í verði. Verðið miðast eingöngu við uppgefið verð hjá dansskólum. Listinn yfir dansskóla er ekki tæmandi.

Lesendur leggja orð í belg:

# Enn um leiðréttingargjöld Icelandair og „Núllið"




Mikil viðbrögð hafa verið við síðustu tveimur færslum í neytendahorninu. Í gær var nefnt að Icelandair taki 4.000 krónur fyrir að leiðrétta mistök í netbókun. Smári L. Kristinsson, sem segist ekkert eiga að vera að svara fyrir hönd flugfélagsins, gerir það samt: *„Það er ekki rétt sem kom fram að það taki eina mínútu að breyta miðum vegna nafnabreytinga,"* skrifar hann. *„Það eru í það fyrsta IATA-reglur sem kveða á um að nöfn verði að vera rétt í öllum tilfellum. Þegar þarf að breyta miðanum, verður að búa til alveg nýja bókun, sem getur haft þær afleiðingar að sætið sem var á besta verði, er svo ekki til mínútu seinna vegna þess að bókunarkerfið er „live". Svo þarf að reyna að bóka á réttum nöfnum og flytja yfir sætin á eins lágu verði og hægt er (sem er ekki alltaf hægt), endurgreiða gamla miðann gegn hinum nýja og gefa nýja miðann út.*

*Ég starfaði lengi hjá Air France KLM í Lundúnum og svona prósess gat tekið stundum alveg upp í þrjátíu mínútur á hvern miða! Ímyndið ykkur þá ef verið er að vinna með 5-6 manna fjölskyldu! Það er ekki sanngjarnt að flugfélagið tapi vegna þess að fólk úti í bæ gerir mistök. Það er tímafrekt verk að breyta miðum, og ég vildi koma því á framfæri."*

Á þriðjudaginn var fjallað um fjölskylduþjónustu Símans, „Núllið". Þórður V. Oddsson vill bæta við þá umfjöllun: *„Konan mín beið í 15-20 mínútur eftir þjónustuveri Símans í gær þar sem skrá skyldi alla fjölskylduna í Núllið,"* skrifar hann. *„Þegar loksins náðist samband og erindið var borið upp komu í ljós alls kyns skilmálar, sem hvergi er minnst á í mikilli auglýsingaherferð Símans. Samtalið endaði á því að þessi bráðsnjalla hugmynd sem lagt var af stað með reyndist eintóm svik. Vonbrigðin, ekki síður en reiðin, voru því mikil eftir alla biðina og væntingarnar.*

*Það sem Lára Waage* (upplýsingafulltrúi Símans) *vitnar í sem aðra hentuga þjónustuþætti, virkar á sama hátt. Til þess að skrá vini í „Mitt frelsi" verður að leggja inn 1.000 krónur mánaðarlega til þess að sá þjónustuþáttur virki. Þar sem fjölskyldan samanstendur af foreldrum með 8 og 14 ára börn, er fjarri lagi að 1.000 krónur verði lagðar inn á hvort barn mánaðarlega og því er þessi „vina-valkostur" miklu frekar „ókostur" ef eitthvað er.*

*Að lokum finnst mér réttast að skoðað verði hvorum megin auglýsingaherferð Símans dansi, að vera hrein blekking eða auglýsing."*



**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**


MÁLTÍÐ MÁNAÐARINS
Style Club Samloka
franskar & Coke
895.-
AMERICAN STYLE
BÍLDSHÖFÐI ★ SKIPHOLT ★ TRYGGVAGATA
★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR
STOFA 53

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.170 **-1,31%**

**Fjöldi viðskipta:** 235
**Velta:** 2.847 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ICELANDAIR** | +0,49% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **SPRON** | -5,28% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -3,45% |
| **ATORKA** | -2,98% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,80 -0,73% ... Atorka 4,88 -2,98% ... Bakkavör 26,00 -2,44% ... Eimskipafélagið 14,00 -3,45% ... Exista 7,51 -2,59% ... Glitnir 14,95 -0,67% ... Icelandair Group 20,40 +0,49% ... Kaupþing 703,00 -1,13% ... Landsbankinn 23,70 -1,13% ... Marel 85,80 -0,92% ... SPRON 3,41 -5,28% ... Straumur-Burðarás 8,97 -2,18% ... Össur 94,70 -0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Vel sloppið, eða hvað?

Fjármálaeftirlitið hefur sektað Tryggingamiðstöðina (TM) um eina milljón króna fyrir brot á tilkynningarskyldu fruminnherja. Brotalömin tengist þeirri reglu að fruminnherji, eða aðili tengdur honum, á að tilkynna samdægurs um viðskipti sín í félaginu.

Fram kemur í tilkynningu á vef FME að 20. febrúar á þessu ári hafi orðið viðskipti með næstum hálfa milljón hluta í TM, á genginu 47. Viðskiptin námu tæplega 21,5 milljónum króna. Ekki var hins vegar tilkynnt um viðskiptin fyrr en tveimur dögum síðar.

Ein milljón króna er dágóð upphæð að greiða vegna slíkrar yfirsjónar, en spurning hvort það þyki ekki bara vel sloppið. Ákveði FME á annað borð að sekta er lágmarkssektin 50 þúsund krónur, en 50 milljónir að hámarki.



### Í banka er ekki gott að stela

Slæmar fréttir virðast elta bandaríska fjárfestingarbankann Lehman Brothers, en þrálátur orðrómur er á kreiki um fjárhag bankans og margir telja víst að það fari eins fyrir Lehman og Bear Stearns. Síðustu fréttir munu því miður gera lítið til að bæta orðspor fyrirtækisins. Starfsmaður á greiningardeild Lehman hefur nefnilega verið rekinn eftir að upp komst að skýrsla sem hann samdi fyrr á þessu ári (efniviðurinn var úttekt á sýndarveruleikatækni) var að mestu tekin upp úr skýrslu annars verðbréfafyrirtækis að nafni Sanford Berstein. Starfsmaðurinn stal heilu blaðsíðunum með texta og línuritum. Stjórnendur Lehman báðu viðskiptavini sína afsökunar og „gripu til viðeigandi ráðstafana" hvað sérfræðing greiningareildarinnar varðaði.

## MARKAÐSPUNKTAR

Útibú Straums-Burðaráss í Prag í Tékklandi var skráð hjá fyrirtækjaskrá í gær. Gert er ráð fyrir að starfsemi hefjist þar innan tíðar, að því er segir í tilkynningu frá bankanum.

Vaxtaákvörðunardagur er bæði hjá Englandsbanka, evrópska seðlabankanum og sænska seðlabankanum í dag. Greiningardeild Kaupþings segir flesta reikna með óbreyttum vöxtum en að óvissa ríki um ákvörðunina í Svíþjóð.

Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um tæpa 3,4 milljarða króna í ágúst. Þetta er verulegur viðsnúningur frá í fyrra þegar hann var óhagstæður um 17,5 milljarða. Greiningardeild Landsbankans segir viðsnúninginn hægari en búist var við.

# Ekki múkk um kjörin

„Við höfum ekki gefið það upp. Bæði af tillitssemi við þá sem eru að lána okkur og eins teljum við skynsamlegt að hafa það fyrir okkukr," sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra í samtali við Markaðinn, spurður um kjör á nýju erlendu láni íslenska ríkisins.

Fram kom í máli forsætisráðherra á Alþingi að ríkið væri að ganga frá að minnsta kosti 250 milljóna evra láni, eða sem nemur um þrjátíu milljörðum íslenskra króna. Lánið væri tekið á kjörum sem væru mun betri en sem nemur skuldatryggingarálagi íslenska ríkisins. Álagið nam um 250 punktum í gær, samkvæmt upplýsingum Landsbankans.

Engar upplýsingar fengust um lánið frá Seðlabankanum, þegar eftir því var leitað. Upplýsingar yrðu veittar síðar, meðal annars í reikingum bankans þegar þeir yrðu birtir. **- ikh**



**GOÐAFOSS Á FULLRI SIGLINGU** Stjórnendur Eimskipafélagsins vinna að því að því að bæta eiginfjárstöðuna með sölu eigna félagsins. Sindri Sindrason útilokar jafnvel ekki að Versacold, sem keypt var í fyrra, verði selt í heilu lagi, fáist gott tilboð.

# Tveir bítast um Lehman Brothers

Reikna má með baráttu um bandaríska fjárfestingarbankann Lehman Brothers. Orðrómur hefur verið á lofti um að hann kunni að feta í fótspor fjárfestingarbankans Bear Stearns, sem JP Morgan og bandaríski seðlabankinn björguðu í sameiningu frá gjaldþroti í vor. Bréf bankans hafa fallið um 75 prósent frá áramótum.

Fyrir nokkru var frá því greint að kóreski þróunarbankinn væri að leita fjárfesta til að leggja fram tilboð í fjórðungshlut bankans. Í vikunni greindi svo kóreska dagblaðið Chosun Ilbo frá því að evrópski risabankinn HSBC væri að vinna með kínverskum banka og fleirum að því að taka sama hlut. Financial Times greindu frá því í gær að eftirlaunasjóður Kóreuhers væri einn hugsanlegra fjárfesta.



**SVEKKTUR FORSTJÓRI** Richard Fuld, forstjóri Lehman Brothers, hefur þráfaldlega sagt að bankinn eigi ekki við erfiðleika að etja. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Deilt er um verðið, að sögn breska dagblaðsins Times, er liggja á bilinu 4,4 til 5,3 milljarðar Bandaríkjadala (rúmir 370 til 450 milljarðar króna). **- jab/-msh**

# Útilokar ekki að Versacold verði selt í heilu lagi í haust

**Stjórnarformaður Eimskips segir unnið að sölu eigna til að rétta við eiginfjárhlutfall félagsins. Hann útilokar ekki að Versacold Atlas verði selt í heilu lagi, fáist gott tilboð. Hugsanlegir kaupendur hafi þegar sýnt sig.**

„Þetta er í fullum undirbúningi og er raunar komið í gang. Áhugasamir aðilar hafa sýnt sig nú þegar," segir Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskipafélagsins, um sölu á tilteknum eignum félagsins.

Fram kom í uppgjöri félagsins fyrir annan fjórðung ársins að eiginfjárstaðan væri ekki nógu góð. Hún væri 14,4 prósent, en í mörgum lánasamningum félagsins væri kveðið á um betri stöðu.

Afskriftir á breska fyrirtækinu Innovate skýra að mestu leyti lækkun eiginfjárhlutfallsins.

Sindri segir að ýmislegt sé skoðað til að bæta stöðuna, til að mynda að selja kanadíska félagið Vesracold Atlas, að hluta eða öllu leyti. „Við höfum verið að vinna að því að selja ákveðnar eignir, eða einhvern hluta starfseminnar," segir Sindri. „Þetta er stórt í veltunni og mikið af skuldum fyrirtækisins er tengt þessu," segir Sindri, en bætir því við að ásættanlegt verð verði að fást fyrir Versacold eigi það að fara í heild sinni. Þessum málum öllum ætti að vera lokið fyrir áramót.



**SINDRI SINDRASON**

Hann bætir því við að Eimskipafélagið eigi einnig ýmsar eignir sem ekki séu bundnar kjarnastarfsemi félagsins og sama eigi við um þær. Hann vill hins vegar lítt tíunda hverjar þær eru.

Hann tekur hins vegar fram að fjárfestingin í Versacold Atlas hafi verið góð, en það var um mitt síðasta ár sem Eimskip gerði tugmilljarða króna yfirtökutilboð í félagið um mitt síðasta ár. „Sá gjörningur hefur gengið mjög vel. Markaðirnir hafa ekki verið góðir, en engu að síður ætti ekkert að koma í veg fyrir að við getum gert góða sölu."

Sindri segir að einnig hafi komið til tals að Eimskiptafélagið færi í hlutafjárútboð, „en markaðurinn virðist ekki ginnkeyptur fyrir því nú um stundir," segir Sindri.

Eimskipafélagið situr uppi með 280 milljóna Bandaríkjadala ábyrgð vegna XL Leisure Group. Sindri segir að alltaf hafi staðið til að losna við hana. Ljóst sé að XL hafi átt í vandræðum með endurfjármögnun. „Við vitum að þeir hafa unnið að þessu og vonumst til þess í lengstu lög að það takist."

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hefur ekki verið rætt um að afskrifa ábyrgðina, en það telji menn verstu hugsanlegu niðurstöðuna. **ingimar@markadurinn.is**

# Búinn að fá nóg

„Ég er búinn að fá nóg. Það hafa verið miklir erfiðleikar í sumar," segir Gísli Kjartansson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu.

Aðspurður hvað taki við segist Gísli ætla á eftirlaun, enda verði hann brátt 65 ára gamall.



**GÍSLI KJARTANSSON**

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sparisjóða er hann þó enn á skrá yfir starfsmenn sparisjóðs Mýrarsýslu. Hann er formaður Sambandsins og samkvæmt lögum þess verða menn að vera í starfi til að geta gegnt þar trúnaðarstörfum. Ársfundur sambandsins verður haldinn um miðjan október.

Bernhard Þór Bernhardsson hefur tekið við af Gísla sem sparisjóðsstjóri. Hann var áður forstöðumaður viðskiptaþjónustu sparisjóðsins.

Rekstur Sparisjóðs Mýrasýslu hefur gengið afleitlega í ár. Eigið fé sparisjóðsins hefur rýrnað um fimm milljarða það sem af er ári, einkum vegna verðfalls á hlutabréfamörkuðum.

Kaupþing hefur komið að málefnum sparisjóðsins og skráð sig fyrir 1.750 milljónum króna af tveggja milljarða stofnfjáraukningu sparisjóðsins. Skammt er frá því að hluthafar í SPRON samþykktu að Kaupþing tæki bankann yfir. **- ikh**

**PERMA** hársnyrtistofa

Óska eftir hársnyrtimeistara/sveini
Og einnig nema sem hefur lokið 1. og 2. önn

Upplýsingar í síma: 561-1160 eða 862-0161

Hársnyrtistofan PERMA • Eiðistorgi 13-15

# Dollar sjaldan sterkari

**Síðast var dollar á 85 krónur í lok desember 2002.**

„Efnahagslífið í Bandaríkjunum gaf fyrr eftir en á evrusvæðinu. Það skýrir að hluta styrkingu Bandaríkjadals nú," segir Tómas Brynjólfsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans.

Gengi Bandaríkjadals fór yfir 85 íslenskar krónur í gær. Gengi sem þetta hefur ekki sést síðan seint í desember 2002 þegar dalurinn var að koma niður úr methæðum. Hæst fór gengið í 110,39 krónum í nóvember árið 2001.

Tómas bendir á að Bandaríkjadalur hafi verið að sækja í sig veðrið gagnvart öllum helstu gjaldmiðlum síðustu daga eftir veikingu frá fyrrahausti.

Á móti hafi evran staðið í hæstu hæðum upp á síðkastið og því hafi mátt búast við að eðlilegt væri að hún gæfi eitthvað eftir. Nýlegar tölur sem sýna hraða veikingu hagkerfis evrusvæðisins hafa aukið þrýstinginn.

Krónan hefur á móti veikst um rúm 25 prósent frá áramótum. Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir því að hún muni haldast veik áfram, við 155 stigin, fram á næsta vor. Hún stóð í rúmum 160 stigum í gær.

Þróunin hefur haft sitt að segja um verð á innfluttum vörum frá Bandaríkjunum. Átta gígabita iPod-tónlistarspilari sem kostaði 25 þúsund krónur í nóvember í fyrra í Apple-versluninni kostar nú tæpar 33 þúsund krónur. Munurinn nemur 32 prósentum. **- jab**



**VÖÐLAÐIR DOLLARAR** Gengi Bandaríkjadals gagnvart krónu hefur ekki verið hærra í tæp sex ár.


METNAÐARFULL FRAMLEIÐSLA
Ali
SÍÐAN 1944
Reykt skinka
Nýjung á Íslandi
Silkiskorið
álegg
Ali hefur nú hafið framleiðslu á nýrri tegund áleggs
sem skorið er í næfurþunnar sneiðar og pakkað í nýja tegund umbúða
sem auðvelt er að loka aftur.
Sneiðarnar eru silkiskornar með sérstakri aðferð sem leggja þær öðruvísi niður
í pakkninguna. Með þessu fæst ferskara bragð og enn girnilegra álegg.
Ali
Hamborgarhryggur
álegg
BESTI
ÁN MSG
LÉTT REYKT
Ali
Salami álegg
Endurlokanlegar
umbúðir
Ali
ÁLEGG
Kjúklingaálegg
Silkiskorið
1% FITA
LÉTTREYKT
Ali
Kjúklinga
álegg
1% FITA
HOLLT OG BRAGÐGOTT
Ali
ÁLEGG
Reykt skinka
3% FITA
SILKISKORIÐ
Ali
ÁLEGG
Reyktur kalkúnn
Silkiskorið
1% FITA
LÉTTREYKT
Ali
Salami álegg
ÁN MSG
SILKISKORIÐ
Ali
ÁLEGG
Kalkúna
álegg
1% FITA
HREIN HOLLUSTA
Ali
Bacon
Kurlað og steikt
ÁN MSG
LÉTT RISTAÐ
Ali
2973 / TAKTIK 8.2008

# Aukin verðbólga í OECD

Verðbólga hækkaði í 4,8 prósent í OECD löndunum í júlí. Hún var á ársgrundvelli 4,4 prósent í fyrra mánuði.

Verðhækkun matvæla og olíu er sögð ráða mestu um þróunina.

Verðlag hækkaði þó hægar í júlí en júní. Neysluvöruverðlag hækkaði um 0,4 prósent í júlí, en 0,6 prósent í júní.

Samkvæmt tölum OECD var verðbólga á „evrusvæðinu" 4,1 prósent í júlí en 4,0 prósent í júní, en hæsta verðbólgan í OECD löndunum var á Íslandi, 13,1 prósent. Næst kom Tyrkland með 12,1 prósenta verðbólgu. Engin önnur OECD lönd voru með meira en 10 prósenta verðbólgu. - msh

# Enn aukast vanskil vestanhafs

## Nauðungarsölur vegna „öruggra" fasteignalána nú fleiri en vegna undirmálslána.

Nauðungarsölur í kjölfar veðkalla vegna „öruggra" fasteignalána eru nú fleiri en vegna svokallaðra undirmálslána. Þá aukast vanskil á öruggum, eða fyrsta flokks, (prime) fasteignalánum nú hraðar en vanskil á undirmálslánum. Þetta kemur fram í gögnum sem samtökin Hope Now birtu í síðustu viku. Samtökin voru stofnuð af fjármálafyrirtækjum að tilstuðlan stjórnvalda til að aðstoða lántakendur að ná tökum á afborgunum af fasteignaskuldum.

Tölur samtakanna sýna að vanskil á undirmálslánum hafa nú aukist stöðugt síðan í apríl, en þá höfðu þau farið minnkandi um nokkurra mánaða skeið. Sú minnkun var talin til marks um að undirmálslánakrísan væri í rénum, en aukning síðustu mánaða þykir benda til þess að hið versta sé ekki afstaðið. Þá hafa vanskil á öruggum fasteignalánum aukist í hverjum mánuði síðan samtökin tóku að safna upplýsingum. Alls eru um 3.6 prósent allra fasteignalána meira en 60 daga í vanskilum. - msh




**NAUÐUNGARSÖLUR** Fjöldi „öruggra" lántakenda sem lenda í nauðungarsölu bendir til þess að „undirmálslánakrísan" hafi breitt úr sér. MARKAÐURINN/AFP

# Kristilegt bankagjaldþrot

**Integrity Bank í Georgíuríki í Bandaríkjunum var lokað síðasta föstudag. Er þar um að ræða tíunda bankagjaldþrot ársins vestanhafs.**

**Integrity Bank var stofnaður árið 2000 sem „kristilegt fyrirtæki" og hafði „kristilega menningu" að leiðarljósi í öllum viðskiptum. Eignir bankans námu 1,1 milljarði Bandaríkjadala.**

**Ástæða gjaldþrotsins er sögð vera hrun bandaríska húsnæðismarkaðarins, en 76 prósent lána Integrity voru til byggingarverktaka. Meira en helmingur allra lána Integrity til byggingarfyrirtækja var í vanskilum á öðrum fjórðungi þessa árs. - msh**

# Opnar vörumerkjasafnið logo.is á netinu

„Að því sem ég best kemst að er þessi þjónusta ekki í boði á Íslandi. Einkaleyfastofa heldur utan um skráð vörumerki, en þeir bjóða ekki upp á notendavænan eða aðgengilegan gagnagrunn," segir Bryndís Óskarsdóttir, stofnandi og eigandi Logosafnsins sem hóf starfsemi sína fyrir helgi.

Bryndís, sem áður rak auglýsingastofuna Concept, segir hugmyndina með Logosafninu vera að safna vörumerkjum fyrirtækja og félagasamtaka á einn stað þar sem þau yrðu aðgengileg.

Bryndís segir algengt að útgefendur og aðrir séu ekki með nýjustu útgáfur vörumerkja, og að það geti tekið langan tíma að fá nýjustu útgáfur vörumerkja í góðri upplausn frá auglýsingastofum.

Bryndís segist stefna að því að hægt verði að fletta upp hver hannaði vörumerki í Logosafninu, og sömu leiðis sjá sögu merkjanna og breytingar gegnum tíðina. Fyrirtæki borga skráningargjald og árgjald fyrir að skrá vörumerki, en fá á móti tilkynningar í hvert sinn sem vörumerki þeirra eru sótt í safnið. - msh



**VEFUR LOGO.IS** Á nýjum vef geta fyrirtæki gegn gjaldi boðið upp á aðgang að vörumerkjum sínum.

# Hefur áhyggjur af því að bankarnir fari úr landi

**Varaformaður Framsóknarflokksins segir fátt heyrast frá stjórnvöldum um framtíð krónunnar. Það veki upp spurningar um hvort bankarnir starfi hér á landi til frambúðar. Formaður Vinstri grænna spyr hvert þeir gætu farið.**



**HÖFUÐSTÖÐVAR STÓRU BANKANNA ÞRIGGJA** Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, óttast að bankarnir séu á leið úr landi. MYND/SAMSETT

„Ég lít svo á að við stöndum frammi fyrir því núna hvort við ætlum að halda bönkunum í landinu eða ekki," segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins.

Hún segir að berist engin skilaboð frá stjórnvöldum um að einhverra breytinga sé að vænta í málefnum krónunnar, „þá tel ég að það sé mjög mikill möguleiki á að við missum þessi mikilvægu fyrirtæki úr landi".

Valgerður kannast ekki við að hafa heyrt nokkuð um þetta innan úr bankakerfinu að öðru leyti en því sem forstöðumenn greiningardeilda Landsbankans og Glitnis hafa sagt um þessi mál. Edda Rós Karlsdóttir og Ingólfur Bender hafa bæði sagt að bankarnir hljóti að íhuga brottför, verði ekki breyting á gjaldmiðlaumhverfi hér.

Forystumenn bankanna sjálfra hafa hins vegar neitað því að við vera á förum.

„Auðvitað hljóta menn að neita því og ég tel að forystumenn bankanna vilji halda höfuðstöðvum þeirra áfram hér á landi. Það er hins vegar spurning hvað neyðin rekur menn út í," segir Valgerður. Hún segir að fátt heyrist um styrkingu gjaldeyrisvaraforðans, sem þyrfti að hennar mati að styrkja verulega og margfalda ef Seðlabankinn ætli að geta verið lánveitandi til þrautarvara. „Það eru engin merki um að það sé stefnt í breytingar hvað varðar íslensku krónuna, stöðu hennar og styrk. Þá er orðið mjög erfitt fyrir þessi fyrirtæki að starfa hér á landi. Það mun líka heldur betur koma við rekstur ríkissjóðs ef sú ákvörðun verður tekin, auk þess sem atvinnulífið hér verður einhæfara," segir Valgerður.

„Ég held að bankarnir fari að vísu ekki langt við þessar aðstæður og ekki veit ég hver tekur við þeim," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. „En að sjálfsögðu viljum við koma í veg fyrir það. Að sjálfsögðu ætlum við að skapa þannig skilyrði að fjármálastarfsemi geti verið öflug í landinu, hvort sem það er heppilegt fyrir okkur að öllu leyti að hún sé jafn ofvaxin, sérstaklega að hún vaxi jafn hratt og hún gerði, sem hefur ekki reynst vera sjálfbær vöxtur," segir Steingrímur og vísar til uppsagna í bankakerfinu á árinu.

„Það sem mestu máli skiptir núna er að verja lífskjörin og heimilin í landinu. Þau eru þrátt fyrir allt hornsteinn samfélagsins," segir Steingrímur. Aðrir verði að horfast í augu við að öllum vandanum verði ekki velt þangað. „Það verður aldrei nein þjóðarsátt um að senda heimilunum allan óráðsíureikninginn svo útrásar- og þotuliðið geti bara leikið sér áfram," segir Steingrímur.

Hann segir að hafi menn gert mistök eða lánað ógætilega þá verði þeir bara að bera ábyrgð á því. „Það verður að horfast í augu við að það kann að kosta afskriftir og slíka hluti. Það er betri kostur en að velta bara þessum vanda í heild sinni yfir á heimilin. Enda væri það svo himinhrópandi óréttlátt," segir Steingrímur. Ekki sé við heimilin að sakast í sjálfu sér um efnahags- og hagstjórnarmistök undanfarinna ára.

Ítarlega er rætt við Steingrím og Valgerði í Markaðnum sem kom út í gær. Hann má einnig nálgast á fréttavefnum visir.is.

ingimar@markadurinn.is

# Kaupviðræður truflandi fyrir rekstur Woolworths

„Það eru tækifæri í rekstrinum," segir Steve Johnson, nýr forstjóri bresku verslanakeðjunnar Woolworths, sem tók við um mánaðamótin. Hann segir mögulegt að taka verslunina í gegn. Það verði ekki létt verk.



**GUNNAR SIGURÐSSON**

Malcolm Walker, forstjóri frystivörukeðjunnar Iceland, og Baugur lögðu fram tilboð upp á 50 milljónir punda, rúma sjö milljarða króna, í rúmlega 800 verslanir Woolworths fyrir nokkrum vikum. Tilboðinu var vísað út af borðinu eftir að málið lak í fjölmiðla í síðasta mánuði.

Markaðurinn hefur haft eftir Gunnari Sigurðssyni, forstjóra Baugs, að rekstur verslunarinnar hafi lengi verið ómarkviss og verði þar að taka til hendinni eigi að snúa honum til betri vegar.

Johnson sagði í samtali við breska dagblaðið Independent í vikubyrjun að viðræður við Baugsmenn og Walker væru truflandi og gætu mögulega staðið í vegi fyrir hans eigin tiltekt. Hann þurfi tíma til að kynna sér reksturinn og ræða við starfsfólk áður en næstu skref verði útlistuð. - jab

Pappírsþurrkur
í öllum gerðum fyrir heimili og fyrirtæki



TAKK hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is

# Capacent kaupir sænskt ráðgjafarfyrirtæki

## Gengið hefur verið frá kaupum Capacent á meirihluta í Capto Financial Consulting í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Capacent hefur gengið frá samningi um kaup á meirihluta í sænska félaginu Capto Financial Consulting. Höfuðstöðvar Capto eru í Stokkhólmi, en félagið, sem hefur 60 starfsmenn, er einnig með skrifstofu í Helsinki og útstöðvar í Kaupmannahöfn og Ósló.

Capto verður um skeið rekið undir núverandi nafni, en innan fárra mánaða verður nafninu breytt í Capacent. Kaupverðið er trúnaðarmál.

Skúli Gunnsteinsson, forstjóri Capacent samstæðunnar, segir að með þessu hafi markmiði félagsins um öll Norðurlöndin í raun verið náð. Þetta er sjöunda félagið sem Capacent kaupir á Norðurlöndunum á tæplega þriggja ára skeiði, en það fyrsta utan Danmerkur.

Eftir kaupin munu starfsmenn Capacent samstæðunnar verða um 500, þar af 320 í Danmörku, 120 á Íslandi, 50 í Svíþjóð og 10 í Finnlandi. Heilarveltan er áætluð rúmir sjö og hálfur milljarður króna. Eftir viðbótina verða 75 prósent rekstratekna Capacent í Danmörku og Svíþjóð, en forsvarsmenn félagsins segja að með þessari viðbót sé Capacent „tvímælalaust komið í röð stærri ráðgjafarfyrirtækja á Norðurlöndum."

Skúli segir forsendur þessarar útrásar góða afkomu Capacent í Danmörku og trausta eiginfjárstöðu, en fyrr í ár keyptu Jón Diðrik Jónsson og Róbert Wessmann hluti í Capacent.

Í fréttatilkynningu frá Capacent segir að Capto hafi vaxið hægt en stöðugt og ávallt sýnt góða afkomu. Hjá Capto starfa nú 60 manns, en ráðgert er að fjölga þeim fyrir árslok. - msh



**AÐ KAUPSAMNINGI STAÐFESTUM** Skúli Gunnsteinsson og Hrannar Hólm (lengst til vinstri) frá Capacent International, ásamt eigendum Capto eftir að skrifað hafði verið undir kaupsamninginn. MARKAÐURINN/CAPACENT


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
879
KS LAMBALÆRI FROSIÐ 879 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
50% AFSLÁTTUR
KS FROSIN LAMBALIFUR
100 kr./ kg. MERKT VERÐ 199 KR./
798
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
798 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU FERSKT UNGNAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
BÓNUS KJÚKLINGUR
BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR
BÓNUS KRYDDAÐIR KJÚKLINGABITAR Í ÁLBAKKA - TILBÚNIR Í OFNINN
398 kr./kg. MERKT VERÐ 569 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
BLÓÐMÖR 383 kr./kg.
MERKT VERÐ 383 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRAPYLSA 419 kr./kg.
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
Nautaveisla
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
179
KF LAMBAKÆFA 250G
179 kr boxið.
PURE HEAVEN
139
HREINN ÁVAXTASAFI
Kókos og ananasblanda
139 kr.
Extra fresh
998
EXTRA TYGGJÓKARTON 24 PK.
Aðeins 998 kr.
VERÐ Í FRÍHÖFN KEF. 2199 KR.
179
KF SVEITAKÆFA 250G
179 kr. boxið.
BEST CHOICE FOR YOUR DOG
259
NAG „BEIN" FYRIR HUNDINN ! 259 kr.stk
GOLDEN HONING
598
GOLDEN LÍFRÆNT HUNANG
1 kg 598 kr.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin verður að taka af skarið.

## Hver er stefnan?

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Skýrsla forsætisráðherra um efnahagsmál og umræður um hana á Alþingi á þriðjudag var í senn fróðleg og gagnleg við þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi í íslenskum þjóðarbúskap. Almennt sýnast aðilar á markaði fagna tíðindum af erlendu láni til styrkingar gjaldeyrisforða Seðlabankans, þótt upphæðin sé ekki ýkja há, og taka viljann fyrir verkið. Flestir þeirra kjörnu fulltrúa, sem þátt tóku í umræðunum, sýndu þá skynsemi að draga ekki úr alvarleika málsins og ræða heldur mögulega viðspyrnu, en þegar kom að gamalkunnri grundvallarspurningu um aðgerðir til að örva hér hagvöxt á nýjan leik sýndist sitt hverjum. Og ekki sýndist ágreiningur um þau mál minnstur innan ríkisstjórnarinnar og millum oddvita hennar.

„Við núverandi aðstæður tel ég afar mikilvægt að frá pólitíkinni komi alveg skýr rödd um hvert ferðinni sé heitið,“ sagði Bjarni Benediktsson alþingismaður í viðtali við hann og Illuga Gunnarsson í Markaði Fréttablaðsins í júlí. Þeir félagar hvöttu þá ákaft til frekari stóriðjuframkvæmda og vöruðu sérstaklega við misvísandi skilaboðum frá landsstjórninni í þeim efnum: „Það má engum blandast um það hugur að það sé stjórnvöldum á Íslandi hugnanlegt að þau verði að veruleika. Hik og hálfkák er það síðasta sem við þurfum á að halda,“ sagði Bjarni einnig.

Forsætisráðherra tók undir þessi sjónarmið í opnuviðtali við Markaðinn í fyrri mánuði og ítrekaði þau á Alþingi í fyrradag, er hann sagði að við yrðum að nýta það sem okkur hefði verið gefið sem þjóð. „Ekkert verður til úr engu. Allar þjóðir heims kappkosta að nýta auðlindir sínar á sem hagkvæmastan og skynsamlegastan hátt. Við getum ekki verið undantekning þar á,“ sagði Geir H. Haarde og bætti við að besta leiðin til að vinna sig út úr tímabundnum erfiðleikum væri að framleiða, framleiða og aftur framleiða, eins og hann orðaði það. „Auðlindir eru lítils virði nema þær séu nýttar á hagkvæman máta og engin þjóð hefur efni á að vannýta auðlindir sínar,“ sagði hann enn fremur.

Þetta eru býsna skýr skilaboð og myndu teljast algjörlega afdráttarlaus ef ekki hefði verið fyrir þá sök að skömmu síðar sté hinn oddviti stjórnarflokkanna í pontu Alþingis og virtist ekki alveg á sama máli. Þvert á móti sagði formaður Samfylkingarinnar að nýting orkulindanna ætti að vera mótuð á langtímastefnu, en væri ekki „hagstjórnarákvörðun til skamms tíma“. Svo sagði utanríkisráðherra: „Auðlindirnar okkar eru þarna. Þær hlaupa ekki frá okkur. Verðmæti þeirra mun aukast ef eitthvað er og þess vegna þurfum við alltaf að tryggja að við nýtum þær með besta mögulega hætti og að besta verðið fáist sem fáanlegt er á hverjum tíma.“

Hafi umræður um efnahagsmál átt að skýra sameiginlega orkunýtingarstefnu ríkisstjórnarinnar er ljóst að það tókst ekki. Greinilega eru tvö sjónarmið uppi. Annars vegar telur forsætisráðherra að örva eigi strax hagvöxt með því að nýta orkuauðlindirnar, en utanríkisráðherra telur hins vegar að slíkt gangi ekki sem hagstjórnarákvörðun og ekkert liggi á, auðlindirnar hlaupi ekki frá okkur.

Iðnaðarráðherra sýndi í umræðum um orkumál á þingi í gær, að hann er einarður talsmaður frekari uppbyggingar og skynsamlegrar nýtingar. Hann veit enda sem er, að engum vafa er undirorpið, að miklu getur skipt um efnahagslegan styrk þjóðarbúsins til næstu framtíðar, hvort sjónarmiðið verður ofan á.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Við erum flutt!




Nýjar höfuðstöðvar í Askalind 1
þar sem Habitat var til húsa

Þar finnur þú eitt fullkomnasta slökkvitækjaverkstæði landsins ásamt verslun með öryggisvörur. Verið hjartanlega velkomin!

Prófaðu Heimaöryggi í 2 mánuði – án endurgjalds

Pantaðu núna á www.oryggi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Herra trúr!

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að taka 30 milljarða króna lán til að efla varagjaldeyrisforðann hefur almennt mælst vel fyrir. Ekki er þó víst að Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra þyki mikið til þess koma, í ljósi þess hvernig hann lét síðastliðið vor, þegar Vinstri græn stungu upp á að tekið yrði 80 milljarða króna lán. „Herra trúr!“ sagði Össur í pontu. „Heldur [Steingrímur J. Sigfússon] að 80 milljarðar af gjaldeyri dugi þegar við horfum fram á að bankarnir þurfa samtals að meðaltali að standa skil á hundrað milljörðum króna á mánuði í erlendum gjaldeyri.“



### Smáskammtalæknirinn

Össur er varla trúaður á þetta 30 milljarða lán, eftir að hafa kallað tillögur VG um 80 milljarða lán . „smáskammtalækningar“, sem væru „til marks um skammsýni þessa annars ágæta flokks“. Og þó, það hefur reyndar gerst áður að Össur skipti um skoðun. Og kannski hefur hann í hávegum þá lífsspeki að minna sé meira.

### Samherjar í andstöðu

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gerir sér mat úr því að Steingrímur J. Sigfússon svaraði framíköllum Guðna Ágústsonar þegar hann var í ræðustól með því að segja honum að þegja. Sigurður Kári segir það ekki á hverjum degi sem svona orðaskipti eigi sér stað á milli „samherja í stjórn eða stjórnarandstöðu“ og sýni hvers konar öngstræti stjórnarandstaðan er komin í. Hvað á Sigurður Kári við? Ólíkt ríkisstjórninni gerir stjórnarandstaðan ekki með sér málefnasamning. Af hverju ættu tveir ólíkir flokkar að vera samstíga í öllum málum bara af því að þeir eru ekki í ríkisstjórn?

bergsteinn@frettabladid.is

# Svipmynd af ritstjórn



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Blað flokkur banki

Dagbækur Matthíasar Johannessen fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins á vefnum þurfa ekki að koma neinum á óvart, þótt þar sé greint frá einkasamtölum milli manna. Þær þurfa ekki að koma á óvart vegna þess, að Ísland er eins og Færeyjar (Eðvarð T. Jónsson lýsti þessu vel í bók sinni Hlutskipti Færeyja 1994): hér vita allir allt um alla. Ísland er einnig eins og Færeyjar og mörg önnur smálönd að því leyti, að sumir þykjast ekki hafa hugmynd um ýmislegt af því, sem allir vita. Þar hefur Morgunblaðið gengið framarlega í flokki: með því að þegja um fréttir frekar en að segja fréttir. Þagnir Morgunblaðsins um ýmis almælt en óþægileg tíðindi – óþægileg fyrir flokkinn – hafa verið og eru enn eitt helzta kennimark blaðsins (og þá um leið einn lykillinn að lýðhylli Fréttablaðsins, enda komst Nyhedsavisen í þrot vegna þess, sýnist mér, að Danir eiga ekkert íslenzkt Morgunblað).

Dagbækur Matthíasar eru sama marki brenndar. Hann færir ekki til bókar ýmislegt, sem hann veit, þótt samhengið kalli á það. Þetta er bert og tilfinnanlegt í nýbirtum færslum hans um Landsbankamálið 1998, þegar þrír bankastjórar voru með offorsi gerðir burtrækir úr bankanum. Þeir, sem fylgdust vel með málinu, vita meira en fram kemur í færslum Matthíasar. Hann hirðir til dæmis ekki um að minnast á nafnlaust bréf, sem kemur við söguna og blaðamenn hafa greint frá á prenti. Hann getur þó vafalaust sagt sér það sjálfur, að bréfið hlýtur fyrr eða síðar að koma fram. Nema hann sé búinn að steingleyma því.

### Ein lög í landinu?

Allir vita, hvernig stjórnmálamenn í bönkunum misnotuðu aðstöðu sína með því að skiptast á upplýsingum um einstaka viðskiptavini, þótt trúnaðarbrot af því tagi varði við lög. Enginn skyni borinn maður, sem fylgist vel með stjórnmálum, getur leyft sér að þykjast ekki vita um þetta. Sjálfstæðismenn gátu fylgzt með framsóknarfyrirtækjum og öfugt samkvæmt skipuritum bankanna. Upplýsingar um fjármál einstaklinga fengu að fljóta með. Ríkisbankarekstur hlaut að vera þessu marki brenndur eins og allt var í pottinn búið. Af þessu má ráða brýna nauðsyn þess að koma bönkunum úr ríkiseigu í einkaeign svo sem gert var fyrir fáeinum árum, enda þótt framkvæmdin tækist ekki nógu vel. Morgunblaðið og Landsbankinn eru nú í eigu sama manns.

Það eru því ekki mikil tíðindi, að Matthías Johannessen skuli fjalla frjálslega um skuldir forseta Íslands við Landsbankann og í sömu andrá lýsa því, hvernig fráfarandi bankastjóri Landsbankans skellti trúnaðarskjölum úr bankanum á skrifborðið á ritstjórn Morgunblaðsins. Matthías lætur skína í efni skjalanna og segist þó halda, að hann hafi ekki brotið lög. Hann veit, að fleiri menn en forsetinn máttu una því, að stjórnmálamenn og erindrekar þeirra í bönkunum láku trúnaðarupplýsingum um fjármál andstæðinga sinna til að veikja þá og sverta mannorð þeirra. Þetta var og er snar partur af „andrúmslofti dauðans,“ sem Morgunblaðið lýsti vel í Reykjavíkurbréfi 25. júní 2006. Um þetta sagði einn erindrekinn: Friður óttans er bezti og varanlegasti friðurinn. Matthías hefur nú tekið upp þráðinn úr áður nefndu Reykjavíkurbréfi og svipt svartri hulunni af öllu saman, undir nafni. Það er út af fyrir sig, má segja, virðingarvert.

### Bæði skiptin í útlöndum

Matthías segir í einni færslu sinni frá stuttu samtali okkar tveggja á skrifstofu hans fyrir tuttugu árum. Því er ef til vill ekki úr vegi, og þó, kannski ekki, að ég segi nú frá saklausu símtali, sem við áttum um svipað leyti. Þannig var, að Morgunblaðið birti á þessum árum og lengi eftirleiðis margar greinar mínar um landbúnaðarmál og ýmislegt annað. Ég mátti vita, að virðingarmenn í Sjálfstæðisflokknum væru ekki allir ánægðir með þessa gestrisni Morgunblaðsins í minn garð. Ég hringdi einn morguninn til Matthíasar til að þakka honum fyrir að birta þetta; málið snerist um innflutning á kartöflum. Ekkert að þakka, sagði hann. Ég þóttist vita, að ýmsir hringdu á ritstjórnina til að kvarta undan kartöflugreinunum, og bað hann forláts á óþægindunum, sem áreitið bakaði ritstjórunum. Já, það er svolítið hringt, sagði Matthías. Ég þakkaði honum enn fyrir mig og sagðist vona, að Morgunblaðið gæti í leiðurum tekið undir góðfúsar óskir mínar og annarra um frjálsari innflutning landbúnaðarafurða til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Þá sagði hann: Veiztu það, Þorvaldur minn, ég hef tvisvar fengið matareitrun, í bæði skiptin í útlöndum.

# Þjónustutrygging

UMRÆÐAN

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um aðgerðaáætlunina Borgarbörn



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Í dag hefst fyrsti áfangi aðgerðaáætlunarinnar Borgarbörn. Foreldrar sem bíða eftir þjónustu hjá Reykjavíkurborg geta nú sótt um þjónustutryggingu á Rafrænni Reykjavík og fengið þannig 35.000 kr. á mánuði til að greiða þriðja aðila fyrir gæslu barns, til að nýta peninginn til að lengja fæðingarorlof eða til að brúa bilið vegna leyfis frá vinnu þar til að leikskólasvið býður foreldrum pláss á leikskóla.

Upphæðin, 35.000 kr. á mánuði, er sú sama og greidd er fyrir barn hjóna hjá dagforeldrum og um leið hækkar einnig niðurgreiðsla til dagforeldra fyrir börn hjóna um 7%. Þjónustutrygging er fyrir þá foreldra sem ekki hafa fengið vistun hjá dagforeldri eða í leikskóla og fellur niður um leið og slíkt boð berst. Foreldrar/forráðamenn í hjúskap eða í sambúð skulu skipta á milli sín þjónustutryggingu líkt og háttað er í fæðingarorlofslögum.

Þjónustutrygging er einn hluti af Borgarbörnum sem hefur það að meginmarkmiði að veita öllum börnum 12 mánaða og eldri vistun við leikskóla eða hjá dagforeldrum árið 2012. Uppbygging tekur tíma en til að ná þessu markmiði verða á tímabilinu opnaðir ungbarnaskólar, ný dagforeldraúrræði, deildir við gamla leikskóla, fleiri sjálfstætt reknir og borgarreknir leikskólar.

Eitt af mikilvægustu verkefnum Reykjavíkurborgar er að tryggja yngstu borgurunum og foreldrum þeirra öryggi, faglegt starf og vellíðan. Borgarbörn er átaksverkefni sem miðar að því að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu fyrir foreldra yngstu borgaranna. Kraftinum er beint að því flókna og álagsmikla tímabili í lífi foreldra sem hefst þegar fæðingarorlofi lýkur. Verkefnið miðar að auknum sveigjanleika í þjónustu fyrir yngstu börnin, til viðbótar við metnaðarfulla uppbyggingu leikskólakerfis borgarinnar. Lokamarkmiðið er að Reykjavíkurborg bjóði fjölbreytta þjónustu fyrir fjölskyldur allra barna frá 12 mánaða aldri.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# Silver Fox

## gæða kerrur og vagnar

Fáanlegt í Holtagörðum, Kringlu, Smáralind, Skeifu og Garðabæ

OPIÐ til 20 alla daga





### Silver Fox Manhattan

Einstaklega þægileg og fjölhæf kerra sem hægt er að nota við öll tækifæri. Frábær í göngutúrinn, skokkið og ferðalagið. Hægt er að snúa kerrunni að sér og frá sér og leggja hana saman. Kerran kemur með kerrupoka og regnslagi.

**49.999 kr**
GOTT VERÐ



### Silver Fox Red Castle

Kerra með stuðningi fyrir barnið. Hægt að nota við öll tækifæri og tilvalin í skokkið.

**59.999 kr**
GOTT VERÐ



### Silver Fox Elysian

Barnavagn léttur og þægilegur. Fæst í 2 litasamsetningum.

**54.999 kr**
GOTT VERÐ



### Silver Fox Fine plus

Frábær kerra og barnastóll.

**49.999 kr**
GOTT VERÐ

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Unnið á þríþættum vanda

UMRÆÐAN

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skrifar um efnahagsmál



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Á undanförnum mánuðum hefur orðið verulegur viðsnúningur í efnahagsmálum landsins. Eftir sex ára þensluskeið eru blikur á lofti. Verðbólga, háir stýrivextir og takmarkaður aðgangur að erlendu lánsfé bitnar á kaupmætti og greiðslubyrði almennings og rekstri og fjárfestingum fyrirtækja.

Ástæða er til að hafa áhyggjur af þessari stöðu og nálgast hana af raunsæi og ábyrgð. En skilningurinn og samúðin má ekki snúast upp í sjónhverfingar og hræsni þar sem kallað er eftir patentlausnum sem ekki eru fyrir hendi. Þegar erfiðleikar steðja að, hvort sem er í lífi einstaklinga eða samfélaga, er ekki nema eitt að gera og það er að vinna sig í gegnum þá stig af stigi. Það er engin einföld lausn til.

Það er ekki skollið á efnahagslegt óveður á Íslandi þó að ýmsir váboðar blasi við. Hér eru enn mörg merki um þenslu fremur en samdrátt. Mælt atvinnuleysi er enn mjög lítið eða 1,2% þó að uppsagnir hafi aukist, neysla er enn mikil, lítill samdráttur í dagvöruverslun og viðskiptahalli enn til staðar. Hitt er viðbúið að atvinnuleysi aukist þegar líður á veturinn og gjaldþrotum fjölgi.

**Lausafjárvandinn**

Við stöndum frammi fyrir þríþættu verkefni. Í fyrsta lagi lausafjárvanda bankanna sem stafar einkum af skorti á lánsfé á alþjóðlegum mörkuðum. Vandi bankanna er ekki skortur á eigin fé, og nýtt álagspróf Fjármálaeftirlitsins sýndi að þeir eru nokkuð vel í stakk búnir til að takast á við vandann. Seðlabankastjóri Bandaríkjanna líkti stöðunni í alþjóðlegum mörkuðum við náttúruhamfarir. Bankarnir og ríkisvaldið verða sameiginlega að glíma við þennan vanda. Bankarnir þurfa sjálfir að halda áfram að afla sér erlends lausafjár og losa um eignir þar sem það er hægt. Þeir þurfa að halda áfram að afla sér innlána á erlendum mörkuðum. Þeir þurfa að hætta að skerða starfsfé sitt með óhóflegum bónus- og arðgreiðslum sem ekki er hægt að réttlæta við núverandi aðstæður. Ríkisvaldið fyrir sitt leyti á að halda áfram að efla gjaldeyrisforðann með erlendri lántöku eftir því sem færi gefst. Það getur verið kostnaðarsöm aðgerð og þarf því að sæta lagi til að tryggja hagstæðustu kjör sem völ er á. Seðlabankinn þarf að halda áfram að leita eftir gjaldmiðlaskiptasamningum við erlenda seðlabanka. Ríkisstjórn, bankarnir og Seðlabankinn þurfa að stilla saman strengi eftir því sem fært er varðandi erlenda lausafjáröflun.

**Verðbólguvandinn**

Í öðru lagi stöndum við frammi fyrir hárri verðbólgu og umtalsverðum verðbólguvæntingum. Verðbólgan stafar fyrst og fremst af þeirri gengislækkun sem hefur orðið frá áramótum og hækkun á erlendum mörkuðum á eldsneyti og matvælum. Meðan verðbólgan er í tveggja stafa tölu og kjaramál í ákveðinni óvissu er ekki líklegt að Seðlabankinn lækki stýrivexti. Hjöðnunarferli í okkar ofþanda hagkerfi er óumflýjanlegt. Þensla og hagvöxtur undanfarinna ára var ekki drifinn áfram af aukinni framleiðni heldur fyrst og fremst af skuldsetningu og innflutningi á erlendu vinnuafli.

Það er ekkert sem getur komið okkur út úr þessum vanda annað en samstillt átak um að halda aftur af verðhækkunum eins og kostur er, skera niður útgjöld og draga úr neyslu. Það sem myndi þó kannski skipta mestu máli í þessu sambandi og gæti skapað aðstæður fyrir því að vaxtalækkunarferlið gæti hafist er ef aðilar vinnumarkaðar og stjórnvöld kæmu að einu borði nú á haustmánuðum til að sammælast um hvernig eigi að takast á við þá staðreynd að forsendur kjarasamninga virðast brostnar. Mikilvægt er að nýta haustið vel til að undirbúa ráðstafanir þó að kjarasamningarnir kveði á um að forsendur skuli metnar í febrúar.

*Það er ekkert sem getur komið okkur út úr þessum vanda annað en samstillt átak um að halda aftur af verðhækkunum eins og kostur er, skera niður útgjöld og draga úr neyslu.*

Ýmsir kalla nú á fráhvarf frá núgildandi peningastefnu og vilja að Seðlabankanum séu sett ný markmið. Hvað sem fólki finnst um erfiða stöðu á fjármagnsmörkuðum og hátt vaxtastig hér á landi hefur engum tekist að benda á betri leið í peningamálum, til skemmri tíma litið, en að fylgja núgildandi peningastefnu til þrautar. Það er eina skynsama leiðin í glímunni við verðbólguna í bráð. Ákall um ótímabært fráhvarf frá markaðri stefnu er ábyrgðarleysi og ávísun á enn meiri óstöðugleika. Rétt er að hafa samúð með erfiðum rekstraraðstæðum fyrirtækja, en atvinnulífið verður engu bættara ef gengið fellur frekar en orðið er og tveggja stafa verðbólga verður viðvarandi. Sterkt samband vaxta, gengis og verðlags verður ekki umflúið með óskhyggjuna eina að vopni.



UPPBYGGING „Þensla og hagvöxtur undanfarinna ára var ekki drifinn áfram af aukinni framleiðni heldur fyrst og fremst af skuldsetningu og innflutningi á erlendu vinnuafli,“ segir meðal annars í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Gengisvandinn**

Í þriðja lagi er verkefni okkar að vinna að efnahagslegum stöðugleika og langtímahagvexti. Sveiflur í íslensku hagkerfi eru allt of miklar og skapa meiri óvissu í rekstri heimila og fyrirtækja en eðlilegt er. Á að hluta til rót sína að rekja til gjaldmiðilsins sem sveiflast einfaldlega of mikið til að fjárfestar eða aðrir vilji undirgangast fjárhagslegar skuldbindingar eða binda við hann verðmæti til lengri tíma. Þess vegna erum við með verðtrygginguna.

Hvað er til ráða? Annars vegar er mikilvægt að móta stefnu til framtíðar um nýtingu orkuauðlinda og orkufrekan iðnað. Sú stefna á meðal annars að byggjast á rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Nýting auðlindanna er ekki hagstjórnarákvörðun til skamms tíma. Orkuauðlindirnar hlaupa ekki frá okkur. Verðmæti þeirra og eftirspurn eftir þeim er líkleg til að aukast fremur en hitt. Með orkusölusamningum er verið að binda sig til margra áratuga og mikilvægt að besta mögulega verð fáist og kaupendur séu ekki of fáir. Miklir hagsmunir eru í húfi og við megum ekki stjórnast af skammtímasjónarmiðum.

Hins vegar þarf að móta stefnu í gengismálum og stjórn peningamála. Sterkar vísbendingar eru um að núgildandi fyrirkomulag sé ekki það ákjósanlegasta og því nauðsynlegt að fram fari ítarleg og vönduð úttekt á framtíðarfyrirkomulagi peningamála við fyrsta tækifæri. Margar hugmyndir og tillögur hafa komið fram sem eflaust verða ígrundaðir í slíkri vinnu. Þá hafa sumir kallað eftir því að verðbólgumarkmiðið verði kallað að svokölluðum „íslenskum veruleika“. Það þýðir á mannamáli að verðbólgumarkmiðinu verði annað hvort vikið til hliðar tímabundið eða að Seðlabankinn fái fleiri markmið, svo sem hátt atvinnustig, viðskiptajöfnuð og gengisstöðugleika, sem hann svo vegur saman. Slíkar hugmyndir hjálpa Seðlabankanum afar lítið í þeirri viðleitni sinni að draga úr verðbólguspennu, því þær draga verulega úr trúverðugleika hans til að framfylgja aðhaldssamri peningastefnu í framtíðinni í því skyni að halda aftur af verðbólgu. Það kann vel að vera að Seðlabankinn eigi við trúverðugleikavanda að stríða en lausnin á þeim vanda getur ekki falist í því að gera markmið hans flóknari eða loðnari. Hættan er einkum sú að með fleiri markmiðum muni staðfestu og gagnsæi hraka og því verði enn erfiðara en ella fyrir markaðsaðila að mynda sér skynsamlegar væntingar um aðgerðir Seðlabankans. Vandinn er sá að það er aðeins eitt megin stjórntæki til ráðstöfunar, stýrivextirnir. Allir ættu að skilja hversu erfitt og ófyrirsjáanlegt það er að stefna að mörgum markmiðum á sama tíma með aðeins eitt stjórntæki að vopni.

Reynsla Íslendinga af fljótandi gengi með verðbólgumarkmiði getur þó ekki talist góð til lengri tíma litið og því full ástæða til að unnin verði ítarleg úttekt af reynslu undanfarinna ára af færustu sérfræðingum. Allar líkur eru þó á því að niðurstaða slíkrar greiningar verði ekki sú að veikja verðbólgumarkmiðið frá því sem nú er. Eina raunhæfa leiðin, önnur en sú að halda áfram á sömu braut, er að gerast aðili að traustu myntbandalagi og þar hlýtur Efnahags- og myntbandalag Evrópu helst að koma til greina.

Þetta er ekki hagstjórnaraðgerð til skamms tíma heldur mikið hagsmunamál til lengri tíma.

*Höfundur er utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.*



**HAUSTÖNN** hjá Dansstúdíói World Class hefst 15. september næstkomandi. Áhersla er lögð á að nemendur læri fleiri en einn stíl á hverri önn ekki síður en túlkun, leikræna tjáningu og framkomu. Á laugardögum er boðið upp á sérstaka danstíma fyrir börn á aldrinum fjögurra til sex ára. Sjá www.worldclass.is





**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

TILBOÐ

Húsgagnalagersala

Úrval nýrra vara á FRÁBÆRUM VERÐUM

Valdar vörur á allt að 50% afslætti

Sófar - Hornsófar - Sófasett
Tungusófar - Stólar - Rúm

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Ragna hefur lengi haft brennandi fataáhuga og hannar eigin peysur, kjóla og hárskraut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Síðasta pundið fór í pils

**Ragna Sigríður Bjarnadóttir kom við í London til að versla í sumar og eyddi allra síðustu peningunum sínum í ljósblátt pils með silkislaufu. Hún fékk rauða skó og hálsfesti í sömu verslunarferð.**

Menntaskólamærin Ragna Sigríður Bjarnadóttir fór í frí með fjölskyldunni til Perú í sumar og kom í leiðinni við í London til að versla. Í versluninni Apple Tree Boutique á Portobello Road sá hún ljósblátt pils með dökkblárri satínslaufu sem hún féll kylliflöt fyrir.

„Þegar ég kom heim og kíkti á heimabankann komst ég að því að ég hafði eytt allra síðustu krónunum mínum í pilsið og hefði það kostað pundi meira hefði ég fengið synjun,“ segir hún sposk. Rauðu skóna og hálsfestina keypti Ragna einnig í London en hún segist hafa gaman af því að blanda saman litum.

Ragna hefur lengi haft brennandi fataáhuga og situr gjarnan við saumavélina, sem hún fékk í jólagjöf fyrir nokkrum árum, og saumar á sig og aðra. Í sumar voru þónokkrar peysur eftir hana til sölu í versluninni Vintage á Laugavegi. Peysurnar eiga það allar sameiginlegt að vera litríkar og vinnur Ragna gjarnan með bútasaum af ýmsu tagi. Hún hefur auk þess saumað kjóla og hárskraut á sig og vinkonurnar.

Peysurnar er hægt að skoða á slóðinni www.myspace.com/_angar_ en Ragna hyggst sauma fleiri peysur þegar hún má vera að því að líta upp úr skólabókunum.

*vera@frettabladid.is*



*Balletnámskeið*

*fyrir yngri nemendur og framhaldsnemendur*

Ballet-leikskóli
*Ein kennslustund í viku, 3 – 4 ára*

Ballet-forskóli
*Ein kennslustund í viku, 4 – 6 ára*

Balletstig
*2 – 3 kennslustundir í viku, 7 ára og eldri*

Kennslan skiptist í tvær annir. Haustönnin er 12 vikna námskeið, og vorönnin 12 – 14 vikna námskeið.
**Kennt er í Skipholti 35 í Reykjavík, og Íþróttahúsi Breiðabliks í Kópavogi.**
Frekari upplýsingar á balletskoli.is
Skólinn er aðili að Frístundakorti ÍTR.

*Innritun er hafin í síma*
*567 8965 og 588 4960*

balletskóli sigríðar ármann





**NÚ ER TÍMINN** til að nýta sér það úrval ávaxta og grænmetis sem er á boðstólum, njóta þess að borða þá beint eða matreiða úr þeim góða rétti. Uppskriftir að ljúffengum grænmetisréttum má til dæmis finna á vefsíðunni www.cafesigrun.com.


## Fullkomin blanda!

Udo's choice 3•6•9 olíublandan er fullkomin blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsu okkar. Udo's 3•6•9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra.




**Í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni. Omega fitusýrur byggja upp ónæmiskerfið á marga vegu og hafa jákvæð áhrif á:**

- *Hjarta og æðakerfi*
- *Kólesteról í blóði*
- *Blóðþrýsting*
- *Liði*
- *Orkuflæði líkamans*
- *Minni og andlega líðan*
- *Námsárangur*
- *Þroska heila og miðtaugakerfi fósturs á meðgöngu*
- *Rakastig húðar*

*Udo's Choice fæst í apótekum og heilsubúðum*

heilsa –hafðu það gott



## TAI CHI

**10 vikna námskeið hefst 15 september**
Kennt á mánudögum og miðvikudögum
í Safamýrarskóla Safamýri 5

Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
Skráning: s.: 861 59 58 - *hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is*



## Býrðu í eitruðu umhverfi?



Íshúsið býður lofthreinsitæki og þurrktæki til að verjast

## myglusvepp

ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi
Loftkæling - Loftbæting - Viftur




Niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Háskólann í Melbourne benda til að regluleg hreyfing geti reynst mótvægi við lítilsháttar minnistapi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Æfingar mótvægi við minnistapi

**Niðurstöður úr nýlegri rannsókn sýna að hófleg líkamsrækt getur komið sér vel fyrir fólk sem á við lítilsháttar minnistap að etja.**

Talið er að hófleg líkamsrækt geti reynst ágætt mótvægi við lítilsháttar minnistapi. Þetta er útkoma úr rannsókn sem Háskólinn í Melbourne í Ástralíu lét gera á 138 sjálfboðaliðum sem komnir eru yfir fimmtugt.

Sjálfboðaliðunum var skipt í tvo hópa. Þátttakendur í öðrum hópnum voru beðnir um að framkvæma léttar fimmtíu mínútna æfingar þrisvar í viku, eins og að fara reglulega í góðan göngutúr, á meðan ekki var mælst til neins af hinum.

Í lok rannsóknarnar var allur hópurinn látinn leysa próf, sem miðaði að því að sýna hvort æfingarnar hefðu eitthvað að segja. Niðurstöðurnar voru þeim sem hreyfðu sig meira óneitanlega í hag.

Hópurinn sem iðkaði reglulegar æfingar kom þannig betur út en hinn í þeim þáttum prófsins sem reyndu á minni. Rannsókn sem gerð var á hópunum ári eftir að æfingaferlinu lauk sýndi enn fremur að þeir sem hreyfðu sig nutu enn góðs af. Ástæðan er talin vera sú að aukið blóðflæði er til heilans á meðan á líkamsæfingum stendur.

Að sögn Susan Sorensen, yfirmanns rannsóknarsviðs hjá Alzheimer-samtökum Ástralíu, er regluleg hreyfing ein besta aðferðin til að draga úr hættu á elliglöpum, auk þess sem hún getur hægt á einkennum þeirra. „Við þurfum þó að rannsaka frekar hvort hreyfing bæti ekki aðeins hugræna virkni heldur komi í veg fyrir að minnistap þróist yfir í elliglöp."

Frá þessu er greint á www.bbc.co.uk

# Streita eykur ofnæmi

**Áhyggjur og stress geta ýtt undir ofnæmisviðbrögð hjá fólki.**

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að mikið álag getur bæði aukið ofnæmiseinkenni fólks og lengt það tímabil sem ofnæmiseinkenni vara.

Rannsóknin var gerð við Háskólann í Ohio í Bandaríkjunum, en þar í landi er ofnæmi fimmti algengasti sjúkdómurinn. Voru 28 ofnæmissjúklingar settir í ofnæmispróf. Helmingur hópsins fékk að slaka á eftir prófið á meðan hinn helmingurinn þurfti að leysa krefjandi verkefni.

Niðurstöðurnar sýndu að ofnæmisviðbrögð hópsins sem var undir álagi voru tvöfalt meiri en hjá hinum hópnum. Því er talið að fólk geti fengið verri ofnæmisviðbrögð ef það er undir miklu álagi þegar ofnæmiskóstin byrja. *- kka*



Best er að reyna að draga úr streitu þegar ofnæmi skellur á.


ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166
www.ultra.is

Frír prufutími í líkamsmeðferð

## Áhrifarík meðferð
## megrun - styrking - líkamsþjálfun



Ég hef þurft að glíma við aukakíló í nokkur ár. Hef prófað ýmsa kúra og ekkert gengið. Það er ekki fyrr en ég kynnist Ultratone að sentímetrar og kíló fjúka af. Komin úr stærð sextán í stærð tólf í buxum og úr átján í fjórtán í bolum. Og svo er ég komin með mitti sem eg vissi ekki af. Er líka ánægðari með sjálfa mig. Staffið er æðislegt og umhverfið þægilegt. Búin að vera í Ultratone í fimm vikur og mæli með þessu.
*- Rósa Sigurðardóttir*

Loksins eitthvað vem virkar! Á þessum mánuði, sem ég er búin að vera í Ultratone hef ég misst sex kíló og mittismálið minnkað um ellefu sentímetra. Maginn, sem var togaður og teygður eftir fimm meðgöngur er loksins stinnari (og ekki bara skvap). Ég hlakka alltaf til að mæta, þjónustan er frábær og svo líður mér svo vel, líkamlega og andlega eftir hvern tíma. Bara frábært í alla staði.
*- Margrét Sigurpálsdóttir*

**Komdu niðri Faxafen og fáðu ráðleggingar frá stelpunum í Ultratone**


## Byggir upp styrk og þol

**Gymstick er nýtt fjölnota líkamsræktartæki sem hefur vakið lukku hérlendis.**



Gymstick er nýtt fjölnota líkamsræktartæki sem var að koma á markað hérlendis og hefur að sögn Írisar Huldar Guðmundsdóttur, rekstrarstjóra og yfirleiðbeinanda hjá Heilsuakademíunni, vakið mikla lukku á námskeiðum þar á bæ. Tækið nota menn við brennslu og til að byggja upp styrk og þol. Gymstick er líka kjörið fyrir þá sem hafa lítinn eða engan áhuga á að stunda æfingar í líkamsræktarsölum þar sem tækið er einfalt í notkun heima fyrir.
Sjá www.ha.is og www.gymstick.net.



**BIRTUSKILYRÐI** geta skipt miklu máli í vali á veggmálningu. Til dæmis getur verið sniðugt að mála herbergi blátt og velja þá kaldan og róandi lit ef birtan er góð. Á móti hentar oft vel að mála dimm herbergi gul, rauð eða appelsínugul til að hleypa smá hlýju þangað inn.



# Hreinsun illgresis að hausti léttir lífið að vori

**Nú þegar sól lækkar á lofti og kólna tekur í veðri er tímabært að huga að haustverkum í garðinum. Sigurður Kristjánsson garðyrkjufræðingur var beðinn um nokkur góð heilræði og hér koma þau.**

„Það fyrsta sem mér dettur í hug er að huga að lausum hlutum í garðinum. Þar eru trampólín, grill og garðhúsgögn sem þarf að ganga tryggilega frá þegar haustlægðirnar nálgast,“ byrjar Sigurður. „Svo eru blómapottar og blómaker sem þola ekki frost. Þau safna í sig vatni sem aftur þenst út þegar það frýs. Því er nauðsynlegt að tæma slík ílát áður en næturfrostið kemur.“

Sigurður varar líka við að sleppa illgresinu lausu undir haust. „Fólk áttar sig oft ekki á því að elfting, hófblaðka, lambaklukka og fleiri hvimleiðar plöntur eru mjög harðgerar og spíra oft og fella fræ næstum fram að jólum. Þannig að það er mjög gott að taka einn illgresishring í garðinum að haustinu. Þá er jarðvegurinn oft blautur, ræturnar lausar og auðvelt að ná plöntunum upp. Það gerir okkur lífið mun léttara næsta vor og minnkar verulega vinnuna.“

Þegar laufin taka að falla ráðleggur Sigurður að raka þau af grasflötinni. „Það er ekki gott að hafa þykkt lag af laufum á flötinni því það hindrar eðlilegt súrefnisflæði niður í grasið. Við sópum laufin líka af stéttum og pöllum en ekki úr beðunum því þar gera þau sitt gagn og skýla jurtunum í vetur. Þangað er líka kjörið að bera laufin af grasi og stéttum og dreifa úr þeim eða grafa þau niður þar sem þau brotna og verða að mold.“



„Að setja niður blómlauka er klassískt haustverk sem gott er að gera í september,“ minnir Sigurður Kristjánsson garðyrkjufræðingur okkur á. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki mælir Sigurður með að klippa stöngla á fjölærum blómum eins og venusvagni og útlaga þó þeir hafi lagst út af. „Stönglarnir eru gróðrinum svo góð hlíf yfir veturinn og sérstaklega á vorin þegar skiptast á hlýindi og frost,“ bendir hann á.

„Að setja niður blómlaukana er klassískt haustverk sem gott er að gera í september áður en fyrstu frostin koma,“ segir Sigurður og bætir við að lokum. „Enn er samt sumar í loftinu og ég hvet fólk til að njóta garðsins þótt hausti enda eru litir trjágróðursins aldrei fegurri.“

*gun@frettabladid.is*

Þegar hengja á þunga hluti upp á vegg úr spónaeða trefjaplötum, og alltaf á gifsplötum, þarf að finna undirstöðu eða bita til að negla/skrúfa í eða nota holrúmsfestingu/-tappa. Af þeim eru til nokkrar gerðir og fylgja skal leiðbeiningum við notkun þeirra.

**Heimild: Verk að vinna**


GEZE

Rennihurðabrautir

Fyrir vegghengdar glerhurðir



JÁRN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík

S: 58 58 900-www.jarngler.is

ÚTSALAN ER HAFIN!

VEIÐIPORTIÐ

Þegar sumir þurfa að pakka saman og hætta, þá er Veiðiportið að stækka.
Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir besta sumarið til þessa.



**Flugustangir**
FRÁ 4.900KR

**Öndunarvöðlur – Fisher's motion 6 laga Gore-Tex**
25% AFSLÁTTUR

**Joakims stangir og hjól**
20% AFSLÁTTUR

**Polaroid Gleraugu**
FRÁ 890KR

**Öndunarvöðlur m/ stígvélum**
FRÁ 14.900KR

**Allir sjó Pilkar**
495 KR

**11. feta slöngubátur - þolir 15 hö mótor - CE vottaður**
99.900KR

**Brass túpur 2 verð**
150 KR / 295 KR

**Silunga púpur 2 verð**
50 KR / 150 KR

**9 feta Kaststangir**
FRÁ 1.500 KR

**Scott svs Flugustangir m/ eilífðarábyrgð**
FRÁ 14.900 KR

**Fluguhjól**
20% - 50% AFSL.

**Kaststöng**
990 KR

**Klofstígvél**
5.980

**Bikíni**
5.900 KR (B OG C SKÁLAR, 3 LITIR)

**Veiðihjól**
FRÁ 1.590 KR

Léttar veitingar í boði harðfiskur & öl

SHIMANO JAXON FISHER'S motion CORTLAND

Veiðiportið • Grandagarði 3 • 101 Reykjavík • S: 552 9940



**JANIS SAVITT** er að setja á markað fyrstu skartgripalínuna undir eigin nafni, the Janis, en hún hefur varið síðustu árum í að byggja upp skartgripalínuna M+J Savitt. Þykir nýja línan nútímaleg og flott. Þess skal getið að Savitt hannar einnig skart fyrir vorsýningar Ralph Lauren og Veru Wang.

# Klæðilegt í kólnandi veðri

**Svart og grátt verður vinsælt í peysum og kápum í haust en fylgihlutir í sterkum litum verða áberandi.**

Þó við óskum okkur alltaf lengra sumars fer samt að kólna í lofti í september. En það þarf þó ekki að fela sig undir sæng. Nú er um að gera að drífa fram hlýlegar yfirhafnir eins og þykkar peysur og trefla og njóta haustblíðunnar. Starfsfólki tískuverslana ber saman um að svart og grátt verði áberandi með haustinu í peysum og kápum en einnig sterkir litir eins og fjólublár, bleikur og túrkisblár. Þá verða fylgihlutir í sterkum litum vinsælir í haust.

*heida@frettabladid.is*



Grátt og svart verða undirstöðulitirnir í yfirhöfnum í vetur. Þessari grámunstruðu kápu fylgir grár trefill með vösum til að smeygja köldum lófum í. Kápa og trefill krónur 16.900 í Vera Moda í Kringlunni.



Mikið verður um þykkar prjónapeysur sem yfirhafnir í haust og vetur og þá grófmunstraðar. Falleg peysa í gráu frá Warehouse sem gaman er að hressa upp á með fylgihlutum í lit. Peysan kostar 11.990 krónur.



Skvísulegur bleikur trefill með kögri til að henda yfir sig á leið út í haustið. Trefillinn kostar 3.990 krónur í Warehouse.



Fylgihlutir í hressandi litum verða vinsælir í haust sem endranær. Taskan fæst í Warehouse og kostar 6.990 krónur.











HENSON
LAGERSALA
AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA

OPNAR FIMMTUDAGINN
4. SEPTEMBER

SKIPHOLTI 19/NÓATÚNS MEGIN.
OPIÐ 12-18, LAUGARDAG 11-16.



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Litlir englar í umhverfisvænu

Skólaganga hófst í fyrradag hér í landi og fram undan er mikilvægasti verslunartími flestra barnafataverslana. Sumarföt eru ekki endilega keypt á einu bretti og því dreifist sumarverslunin yfir lengri tíma. Á haustin þarf hins vegar að hafa hraðar hendur. Fólk er ekki fyrr komið heim úr fríi en kaupa verður allt sem til skólans þarf eins og skólatösku, möppur, stílabækur og fleira og svo eru það fötin. Nú er liðin sú tíð að það sé látið nægja að kaupa skólabuxur og eina peysu. Flestir sem hafa ráð á kaupa gjarnan meira en einn alklæðnað fyrir börnin auk yfirhafnar og því er komandi laugardagur einn sá stærsti í verslunarárinu í Frakklandi og það þrátt fyrir versnandi efnahag. Börnin eru líklegast hjá flestum í forgangi og þau fá í það minnsta einhvern hluta af nýju vetrartískunni þó að sumir foreldrar láti kannski vetrartísku síðasta vetrar duga.

Enn og aftur eru það ódýrari verslunarkeðjur eins og H&M, Gap og Zara sem draga hvað mest að enda þekktar bæði fyrir hagstætt verð og að vera með á nótunum þegar tíska og hönnun er annars vegar. Margir láta C&A duga sem er enn ódýrari.

Enn aðrar lausnir bjóðast þeim sem eru útsjónarsamir. Til dæmis okkar „Hagkaup“, Monoprix sem sækir sífellt í sig veðrið hvað varðar tískuhönnun og stíl og ekki spillir fyrir að sífellt fleiri vörur bjóðast nú úr lífrænt ræktaðri bómull en venjuleg bómull er gríðarlega mengandi og vatnsfrek við framleiðslu. Þetta gleður almenning sem er æ áhugasamari fyrir umhverfisvernd.

Skólatöskur finnast nú úr lífrænt ræktaðri bómull hjá Caoutchouc (www.caoutchouc-paris.com) sem selur merkið Coq en pâte og þessar töskur má meira að segja þvo í þvottavél sem er alger lúxus fyrir foreldrana. Myndir og munstur á töskunum er rómantískt og dálítið gamaldags en það er aðalmálið í dag eins og sömuleiðis má sjá í fullorðinstískunni. Í ár er það ekki endilega Disney-taska með nýjustu afurðinni, Wall E, sem er á toppnum.

Barnatískan í ár er litrík og löngu hætt að vera í bleiku og bláu. Litirnir eru að einhverju leyti undir áhrifum frá fullorðnum eins og sjá má á köflóttum pilsum að hætti Skota (Finger in the nose) líkt og fyrir stórar dömur.

Þrátt fyrir mótvind í efnahagsmálum stoppa alltaf jafnmargar svartar Mercedez Benz-bifreiðar fyrir utan Baby-Dior á dýrustu götu Parísar, Avenue Montaigne. Í það minnsta er hægt að gleðjast yfir því að þessir viðskiptavinir veita fjölda manns vinnu, ekki veitir af hér í landi þar sem hagvöxtur er nánast horfinn. *bergb75@free.fr*



Vanessa Traina í fatnaði frá Altuzarra.
MYND/JOSEPH ALTUZARRA

# Fatnaður á nútímakonur

**Línu hönnuðarins Joseph Altuzarra er beðið með eftirvæntingu í New York.**

Joseph Altuzarra er einn þeirra nýliða sem beðið er með hvað mestri eftirvæntingu í tískuheiminum í haust, en hann mun sýna sína fyrstu fatalínu á tískuvikunni í New York.

Er það ekki síst vegna bakgrunns Altuzarra, sem hefur starfað fyrir hönnuðina Marc Jacobs, Proenza Schouler og Givenchy, og eins vegna tengsla hans við Juliu Restoin-Roitfeld og Vanessu Traina, sem eru báðar þekktar í tískuheiminum.

Altuzarra sem býr í New York er franskur að uppruna og segir að línan verði undir frönksum áhrifum. Traina sem hefur setið fyrir hjá hönnuðinum segir að fötin eigi eftir að höfða til nútímakvenna. *- rve*

Þótt sumarið sé á enda er engin ástæða til að hætta að nota sólgleraugu. Í þeim er ágætis vörn gegn haustsólinni sem hefur verið einkar áberandi undanfarna daga auk þess sem töff sólgleraugu geta sett punktinn yfir i-ið. Þá er ekki verra að velja sér sólgleraugu með litríkri umgjörð sem getur virkað vel með þeim svörtu og gráu yfirhöfnum sem eiga eftir að vera áberandi á næstunni.






# Bylgjandi hátíska



**Á tískuvikunni í Beirút kenndi ýmissa grasa en kjólar hönnuðarins Fawzia Al-Nafea þóttu áberandi glæsilegir.**

Hátískuhönnuðurinn Fawzia Al-Nafea hefur löngum getið sér orð fyrir glæsilegar flíkur og efnisval hennar einkennist af léttu og leikandi silki. Kjólarnir sem sýndir voru á tískuvikunni voru þar engin undantekning en þar kynnti hún haust- og vetrarlínu sína.

Sýningarstúlkurnar liðu um sviðið í skósíðum og bylgjandi kjólum. Litirnir voru fjólublár, eldrauður, gulur og brúnn og einnig mátti sjá glitta í fíngerðan útsaum sem er einnig eitt af hennar einkennum.

Al-Nafea hefur sagt fyrirmyndir sínar í tískuheiminum vera Chanel og Valentino og gerir sig út fyrir að hanna hátískufatnað úr hágæðaefnum. Aðdáendur hennar urðu ekki fyrir vonbrigðum með haustlínuna. *- rat*

Kjólarnir sem Al-Nafea sýndi voru í ýmsum litum og var fjólublár einn þeirra.

;ALLT HELGIN

Alla föstudaga






SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



# SIN FÓNÍU HLJÓM SVEIT ÍSLANDS 2008 | 2009



PISTILL STJÓRNARFORMANNS SÍ

# Ógleymanleg ferðalög

Mér er það í fersku minni þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands kom norður til Siglufjarðar þegar ég var strákur. Ég fékk að fara með foreldrum mínum á tónleikana og þessa kvöldstund varð bíósalurinn heima að ævintýralandi, Vilhjálmur Tell var þar lifandi kominn, forleikurinn úr Valdi örlaganna lukti upp dyrunum að stórkostlegum tónaheimi Verdis og ég man eftir að spilað var lag eftir Inga T. ásamt fleiri verkum. Þessir tónleikar kveiktu áhuga minn á klassískri tónlist, áhuga sem hefur haldist alla tíð síðan. Svipaða sögu eiga þúsundir Íslendinga sem hafa kynnst Sinfóníuhljómsveitinni og töfrum hennar. Hljómsveitin leggur enda mikla rækt við yngstu hlustendurna, tónlistarmennirnir heimsækja skóla, jólatónleikarnir fyrir börnin eru einstök upplifun og Maxímús Músíkús hefur vakið mikla hrifningu.



**Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður SÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það eru margir sem spyrja sig hvort klassísk tónlist sé eitthvað fyrir þá, hvort Sinfónían sé ekki eitthvað fyrir fáa og sérmenntaða. Svo er auðvitað ekki, listin er fyrir alla, enda spyrjum við ekki hvort vel skrifaðar bækur séu einungis fyrir útvalda eða hvort góð málverk gleðji bara sum augu. Listin er ein og hin sama, listformið er ólíkt. Klassísk tónlist færir í fagran búning mikilvæg gildi sem eiga erindi við okkur öll, ung jafnt sem gömul. Einleikararnir og hljómsveitin tengja okkur við hugarheim Bachs og Mozarts, Beethovens og Brahms, Stravinskíjs og Sjostakovitsj og allra hinna tónskáldanna sem með sköpunarkrafti sínum hafa fært heiminum ódauðleg listaverk.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er í fararbroddi menningarlífs þjóðarinnar og innan hennar vébanda eru framúrskarandi listamenn sem hlotið hafa frábæra dóma fyrir list sína. Efnisskrá hljómsveitarinnar nú í vetur er metnaðarfull og áhugaverð og síðast en ekki síst er hún skemmtileg. Það verður gaman í vetur á tónleikum Sinfóníunnar. Komdu því með og vertu samferða okkur um undraheim tónlistarinnar, það ferðalag verður ógleymanlegt.

*Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður SÍ*

STOÐIR

**Aðalstyrktaraðili hljómsveitarinnar**

Stoðir hf. eru aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Samstarfið hófst árið 2006 og tryggir hljómsveitinni veglegt framlag árlega til eflingar starfsemi sveitarinnar og tónlistarlífsins í landinu almennt.
Eitt helsta verkefni Stoða og hljómsveitarinnar er átaksverkefnið „Lífið kallar" sem er yfirskrift árlegra tónleika til stuðnings BUGL, barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss.
„Lífið kallar" miðar að því að styrkja fjölskyldur barna og unglinga sem eiga við andlega erfiðleika að etja, með áherslu á að móta nýja lífssýn í bráðameðferð og ekki síst að henni lokinni. Inntakið er lífsgleði, að hlusta eftir því hvernig lífið kallar á hvern og einn.
Sinfóníuhljómsveit Íslands færir Stoðum bestu þakkir fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

**Útgefandi:** Sinfóníuhljómsveit Íslands | **Heimilisfang:** Háskólabíó við Hagatorg | **Netfang:** sinfonia@sinfonia.is | **Ritstjóri:** Hrefna Sigurjónsdóttir | **Pennar:** Árni Heimir Ingólfsson, Þorgeir Tryggvason, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Vala Georgsdóttir | **Forsíða:** Fíton | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson Sími: 512 5471

# Krakkar eru óhræddir við þungar sinfóníur

**Meðal skemmtilegustu verka Sinfóníuhljómsveitar Íslands er samstarf með börnum og unglingum að sköpun og fræðslu um klassíska tónlist.**



**Arna Kristín Einarsdóttir er tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og heldur meðal annars utan um stórkostlegt fræðslustarf með æsku landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Klassísk tónlist er þeim töfrum gædd að vekja með hlustendum hughrif og stemningu. Þess vegna er svo hollt að hlusta og mikilvægt að kynna hana börnum í gegnum alla skólagönguna. Þau fræ sem við sáum nú með klassískri tónlistarfræðslu fáum við uppskorið í ríkum mæli seinna, því þegar börn læra að hlusta á sinfóníu frá unga aldri verður hún ekki ókunnug á fullorðinsaldri og þeim mun líklegra að þau njóti slíkra upplifana margsinnis á lífsleiðinni," segir Arna Kristín Einarsdóttir, tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

„Einn mikilvægasti þáttur í starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar er að ná til nýrra áhorfenda og með því sinnum við margþættu fræðslustarfi fyrir börn og unglinga. Fyrst ber að nefna skólaverkefni í samstarfi við tónmenntakennarana Þórdísi Heiðu Kristjánsdóttur og Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur, sem fá fjóra hljóðfæraleikara Sinfóníunnar í heimsókn í fimmta bekk grunnskóla, sem í samstarfi við börnin semja tónverk á vikutíma og flytja með þeim á skólatónleikum. Með þessu fá börnin bein tengsl við hljóðfæraleikarana og er boðið í kjölfarið á tónleika Sinfóníunnar með foreldrum sínum," segir Arna Kristín, en í vetur fara einleikarar í skólana.

„Það gildir einu þótt hljóðfæraleikarar séu stórstjörnur; allir í stétt hljóðfæraleikara eru meðvitaðir um mikilvægi þess að ná til barna því þar liggur vaxtarbroddur framtíðar. Þeir sinna þessu því með ánægju, enda með eindæmum gefandi og skemmtilegt. Skólaverkefnið er enn í þróun og nýtt af nálinni, en okkur þykir vænt um það og komumst vonandi í alla skóla höfuðborgarsvæðisins á endanum," segir Arna Kristín.

„Við verjum fjórum vikum af starfsári í skólaverkefnið og bjóðum börnum á aðgengilega tónleika, en reyndar eru börn svo opin fyrir tónmáli að þau hræðast hvorki þyngri tónlist né íslenska nútímatónlist sem margir eru hræddir við. Fyrir þau er þetta alltaf skemmtileg og dýrmæt upplifun," segir Arna Kristín og brosir.

„Auk skólaverkefnisins bjóðum við röð metnaðarfullra tónleika sem kallast Tónsprotatónleikar og eru stórkostleg fjölskylduskemmtun, í samstarfi við trúðinn Barböru, barnakóra og listdansskóla barna. Ég mæli með þeim fyrir öll börn, enda vönduð hámenning og tær skemmtun. Þá munum við endurtaka barnatónleikana Maxímús Músíkús eftir Hallfríði Ólafsdóttur, um litla mús sem villist inn á æfingu hjá sinfóníuhljómsveit og lendir þar í miklum ævintýrum. Við buðum leikskólabörnum á þá sýningu í fyrra og mátti heyra saumnál detta þar sem krílin sátu 900 talsins agndofa af undrun og hrifningu yfir því sem fyrir augu og eyru bar," segir Arna Kristín í sælli minningu.

„Fyrir ungt fólk á menntaskólaaldri og upp úr bjóðum við tónleikaröðina Heyrðu mig nú með eilítið krassandi verkum. Þar kynnir hljómsveitarstjóri verkið og hljómsveitin leikur hljóðbúta til glöggvunar, en síðan er verkið leikið í heild. Tónleikarnir eru á föstudagskvöldum og á eftir er partí í anddyrinu á þar sem gestir geta blandað geði við tónlistarfólkið sem aldrei því vant klæðist frjálslegri klæðnaði," segir Arna Kristín.

„Við höfum stundum áhyggjur af því að listgrein sem þessi verði útundan í skólum landsins, en í dag er virkileg þörf að kynna börn fyrir klassískri tónlist því upp eru vaxnar kynslóðir sem þekkja ekki tónmál klassíkur þar sem tónlistaruppeldi á heimilum hefur breyst frá því gamla gufan náðist ein í útvarpstækjum landsmanna með fjölbreyttari flóru tónlistar í boði." *- þlg*

# Þemað er ferðalög í tónum

**Tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Árni Heimir Ingólfsson, segir að þema efnisskrár tónleikaársins 2008-2009 sé ferðalög í tónum.**



**„Útgangspunkturinn okkar í vetur eru ferðalög í tónum," segir Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Útgangspunktur okkar í vetur er ferðalög í tónum," nefnir Árni Heimir Ingólfsson nýr tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. „Það er ótrúlegur fjöldi tónskálda sem hefur notað tónlist til að lýsa stað eða ferðalagi, eða búa til áhrif sem tengjast fjarlægum löndum," útskýrir Árni Heimir og bætir við að í vetur flakki hljómsveitin á milli heimshorna bæði í bókstaflegum skilningi með tónleikaferðum til Japans og Spánar, og í tónlistinni sjálfri.

„Við leikum tónlist sem á rætur að rekja til Indónesíu, Ítalíu, Grikklands, Tékklands, Bandaríkjanna og svo mætti lengi telja, og fáum einleikara frá fjarlægum löndum eins og Rússlandi og Palestínu," segir hann og minnist á að það geti verið ágætt þegar kreppa skellur á í efnahagslífinu að ferðast um heiminn með því að fjárfesta í einum tónleikamiða. „Það eru nokkur stórvirki sem Sinfónían er annað hvort að flytja í fyrsta sinn eða er langt síðan ráðist hefur verið í," segir Árni Heimir og nefnir þar Turangalila-sinfóníuna eftir Messiaen. „Líklega er hún eitt stærsta hljómsveitarverk sem flutt hefur verið á Íslandi og verður stórmerkur viðburður."

„Eitt helsta trúarlega tónverk klassíska tímans, Sköpunin, eftir Haydn er á efnisskránni í apríl og þar koma við sögu þrír frábærir einsöngvarar og tveir kórar, svo eitthvað sé nefnt. Síðan er spennandi lokasprettur í apríl og maí þar sem áhersla verður lögð á rússneska tónlist og flytjendur á borð við Nataliu Gutman, Olgu Kern og Gennadíj Rosdestvenskíj," segir Árni Heimir og bætir við að Rosdestvenskíj sé einn fárra eftirlifandi listamanna sem unnu náið með helstu tónskáldum Sovétríkjanna á 20. öld. Upphafstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru í kvöld, kl. 19.30. Þar verða meðal annars verk eftir Tsjajkovskíj, en aðalstjórnandi Sinfóníunnar, Rumon Gamba, stjórnar og einleikari er fiðluleikarinn Vadim Repin. *- vg*

# TÖFRAHEIMUR TÓNLISTARINNAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS




## GUL TÓNLEIKARÖÐ

Í gulu röðinni er lögð áhersla á tónlist klassíska tímans. Einleikskonsertar eftir Beethoven, Poulenc og Sjostakovitsj eru meðal þess sem fyrir eyru ber, auk vinsælla hljómsveitarverka eftir Dvořák, Debussy og Respighi. Auk þess minnist Sinfónían 200 ára ártíðar Haydns, með því að flytja hið ástsæla verk hans, Sköpunina.

## RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ

Rauða röðin byggir á stórum hljómsveitarverkum frá 19. og 20. öld. Á þessu starfsári fá tónleikagestir m.a. að heyra hina stórfenglegu Turangalila-sinfóníu Messiaens, Myndir á sýningu eftir Músorgskíj, einleikskonserta eftir Rakmaninoff, Sjostakovitsj, Prokofieff og Sibelius, og sinfóníur eftir Beethoven, Mendelssohn og Tsjajkovskíj.

## GRÆN TÓNLEIKARÖÐ

Græna röðin er hugsuð fyrir þá sem vilja heyra „vinsælustu smellina“ og einnig tilvalin fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin inn í heim klassískrar tónlistar. Hér er m.a. boðið upp á spennandi sígaunasveiflu með fiðlusnillingnum Rachel Barton, tónlist eftir Gershwin og Bernstein, og vinsælar óperuperlur. Hinir stórskemmtilegu og geisivinsælu Vínartónleikar eru hluti af Grænu röðinni.

## TÓNSPROTINN

Fjölskyldutónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands er einstök skemmtun sem ungir og aldnir geta notið saman. Fernir spennandi tónleikar verða á starfsárinu. Pétur og úlfurinn, ballettinn Öskubuska og íslenska ævintýraperlan Stúlkan í turninum verða á dagskránni. Sígaunar koma í heimsókn, og svo má ekki gleyma jólatónleikunum sem eru ómissandi þáttur í aðventunni hjá mörgum tónelskandi fjölskyldum.

## HEYRÐU MIG NÚ!

Heyrðu mig nú! er heiti tónleikaraðar sem hefur það markmið að leiða þá sem ekki hafa mikla reynslu af því að njóta lifandi flutnings á klassískri tónlist inn í heim hennar á nýstárlegan og aðgengilegan hátt. Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og verða á föstudagskvöldum kl. 21, en að þeim loknum verður slegið upp „eftirpartýi“ í anddyri Háskólabíós þar sem gestir fá tækifæri til að spjalla við hljóðfæraleikara og stjórnanda.

## KRISTALLINN

Unnendur kammertónlistar ættu að gefa Kristalnum gaum, en í þessari tónleikaröð koma hljóðfæraleikarar úr hljómsveitinni saman í ólíkum hópum og ausa sígrænum perlum og sjaldheyrðum gullmolum úr gnægtabrunni stofutónlistarinnar. Tónleikarnir fara fram í Þjóðmenningarhúsinu á laugardögum og hefjast kl. 17.

## REGNBOGAÁSKRIFT SETTU SAMAN ÞÍNA EIGIN TÓNLEIKARÖÐ

Regnbogaáskrift gerir þér kleift að velja þá tónleika af efnisskrá starfsársins sem höfða helst til þín og tryggja þér öruggt sæti á þá alla með góðum afslætti.

Tryggðu þér strax áskrift að góðum tónleikavetri með því að hringja í síma 545 2500 eða á www.sinfonia.is

# Fiðlustjarna frá Hollywood

**Kanadíska fiðlustjarnan Leila Josefowicz hefur átt langan og óvenjulegan feril þótt hún sé ekki nema þrítug að aldri.**

Leila er einstæð móðir, á soninn Lukas úr sambandi sínu við stjórnandann Kristjan Järvi, en á milli þess sem hún sinnir móðurhlutverkinu þeytist hún um heiminn með Del Gesù-fiðluna sína frá 1724 og heillar áheyrendur með þróttmiklum leik.

Leila er fædd í Ontario í Kanada 1977. Faðir hennar er vísindamaður af pólskum ættum sem hafði gaman af fiðluleik. Hann sendi Leilu í fiðlutíma eftir Suzuki-aðferðinni þegar hún var þriggja ára gömul, og um svipað leyti fluttist fjölskyldan til Kaliforníu þar sem hún ólst upp skammt frá Los Angeles.

### FINNUR EIGIN LEIÐIR

Leila þakkar foreldrum sínum það hvað hún hefur náð langt í tónlistinni. „Pabba hafði alltaf dreymt um að ég myndi læra á fiðlu, en foreldrar mínir höfðu auðvitað ekki hugmynd um að það myndi enda svona,“ segir hún. „Eftir að hafa lært í nokkur ár áttaði ég mig á því að það væri möguleiki á að ég gæti „meikað það“ sem atvinnuspilari. Ég hafði líka ótrúlegan stuðning frá fjölskyldunni. Sumir myndu líklega kalla það þrýsting, en án þess konar hjálpar hefði ekkert orðið úr þessu,“ segir Leila.

Hún nefnir dæmi: Þegar hún var búin með Suzuki-námið átta ára gömul fundu foreldrar hennar kennara sem gat hvatt hana til að finna sinn eigin stíl sem flytjandi. Tvisvar í viku keyrðu foreldrarnir með hana í fiðlutíma, þriggja tíma akstur hvora leið. „Tæknilega hef ég aldrei farið alveg eftir bókinni. Stundum eru fingrasetningarnar mínar skrýtnar eða boganotkunin óhefðbundin. En tækni er skrýtið orð, af því það getur haft svo ólíka merkingu. Fyrir sumu fólki snýst tækni um fingrafimi, en fyrir mér hefur hún að gera með hæfileikann að koma til skila nákvæmlega þeirri tjáningu sem ég upplifi í tónlistinni. Það mikilvægasta er að maður sé fær um að koma skilaboðunum áleiðis.“

### FIÐLUSPIL FYRIR FORSETA

Leila varð smám saman að barnastjörnu í Hollywood, og lék á fjölmörgum gala-kvöldum í Beverley Hills þar sem forsetar og kvikmyndastjörnur voru meðal gesta. „Þetta var ótrúlegur tími. Ég var litla stelpan sem heillaði alla upp úr skónum.“ Þegar Leila var tíu ára kom hún fram í sjónvarpsþættinum The Bob Hope Show. Þar lék hún virtúósastykki eftir Wieniawski og gamanleikkonan Lucille Ball kynnti hana fyrir milljónum sjónvarpsáhorfenda. „Þetta var gífurlega mikill viðburður. Ronald Reagan hélt ræðu í þættinum, Van Cliburn lék á píanó og Andrew Lloyd Webber kom líka fram. Þessi þáttur vakti mikla athygli og fékk gríðarlegt áhorf um öll Bandaríkin, en ég hafði ekki hugmynd um hvað þetta þýddi og áttaði mig varla á því hvað þetta var merkilegt.“



Leila Josefowicz hóf feril sinn sem barnastjarna í Hollywood og þegar hún útskrifaðist 18 ára gömul var hún komin með umboðsmann og útgáfusamning.

Fyrir þá sem vilja sjá og heyra hina barnungu Leilu munda hljóðfærið má benda á bráðskemmtilegar upptökur sem eru aðgengilegar á vefsvæðinu YouTube. Þar má sjá Leilu 12 ára gamla leika fiðlukonsert eftir Vieuxtemps í Hollywood Bowl sumarið 1990, og sömuleiðis upptökur frá 1991 þar sem hún leikur verk eftir Kreisler og Paganini. Vald hennar á hljóðfærinu er hreint ótrúlegt og túlkunin músíkölsk fram í fingurgóma. Á YouTube er einnig myndband þar sem hún leikur fiðlukonsert Bruchs á Proms-hátíðinni 2005, og þar sést að hún er orðin fullþroska listamaður sem lifir sig inn í tónlistina á einstakan og eftirminnilegan hátt.

„Ég er fyrst núna að gera mér grein fyrir því hvað líf mitt hefur verið, og er enn, óvenjulegt,“ segir Leila. „Það kom tímabil þar sem ég vissi ekki alveg hvernig ég átti að taka á því, og hvort mér yfirleitt líkaði það. Ég reyndi bara að hugsa ekki of mikið um það. En núna hef ég náð þeim punkti þar sem ég veit hvað ég vil, bæði hvað ferilinn og einkalífið varðar.“

### FRELSI OG EINBEITING

Þegar Leila var 13 ára komst hún inn í Curtis-tónlistarskólann í Fíladelfíu og foreldrar hennar fluttust með henni á austurströnd Bandaríkjanna. Þegar hún útskrifaðist 18 ára gömul var hún komin með umboðsmann og útgáfusamning hjá Philips Classics. Á fyrsta hljómdiski hennar voru fiðlukonsertar eftir Sibelius og Tsjajkovskíj, tveir þeir frægustu sem fyrirfinnast.

„Ég var eiginlega varla meðvituð um ábyrgðina sem fylgdi því að byrja ferilinn með svona frægum verkum,“ segir hún og hlær. „Ég var svo ung og saklaus, og þetta voru verkin sem ég hafði leikið oftast og fannst þessvegna eðlilegt að taka þau upp. Ég vissi auðvitað að það voru til útgáfur með öllum helstu fiðluleikurunum, en ég hef alltaf trúað því að best sé að hugsa ekki um hvað aðrir eru að gera. Ef maður vill vera virkilega frjáls í sinni eigin túlkun verður manni að vera sama um hvað fólki finnst um mann, og ekki hafa áhyggjur af hvað aðrir hafa gert áður. Maður verður að einbeita sér að því sem maður vill sjálfur gera, og kýla síðan á það.“

*Leila Josefowicz leikur fiðlukonsert Beethovens í Háskólabíói 19. febrúar 2009 og á tónleikaferð Sinfóníunnar til Spánar næsta vor.*





GESTASTOFA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSSINS

Í Gestastofu gefst þér kostur á að skoða lifandi sýningu í máli og myndum um byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins og skipulag Austurhafnarsvæðisins, fjölbreytta notkunarmöguleika hússins og væntanlega starfsemi sem í því verður.

Til sýnis eru líkön af húsinu, glerhjúpnum og heildarskipulaginu.



Gestastofa á Lækjartorgi er öllum opin alla daga vikunnar – Velkomin aftur og aftur.

GESTA STOFA VISITOR CENTER




MYND/SIGURÐUR HELGI HLÖÐVERSSON

## spurt og svarað...

**Hlöðver Sigurðsson nemi**

# Jón Leifs í uppáhaldi

**Nafn:** Hlöðver Sigurðsson

**Fæddur:** Reykjavík, 7. október 1989.

**Nám:** Er á lokaári við Menntaskólann við Sund og stunda nám við tónlistarskólann í Reykjavík þar sem aðalfag mitt er tónsmíðar. Ég byrjaði seint að elta minn draum sem er að verða tónskáld og að geta samið tónlist eins og meistararnir gerðu.

**Áhugamál:** Mitt áhugamál númer eitt er að hlusta á tónlist og greina hana, skoða nótur, lesa um tónskáldin og lesa sögur á bak við verkin. Auk þess hef ég mikinn áhuga á götuhjólreiðum og er veikur fyrir nýjum áhugamálum eins og heimspeki, stjörnufræði, bókmenntum og stærðfræði.

**Uppáhaldstónlist:** Öll tónlistartímabilin hafa öll sín ómetanlegu tónskáld, en það tímabil sem ég er mest hrifinn af er síðrómantísk tónlist og upphaf nútímatónsmíða. Tónskáldin Gustav Mahler, Debussy, R. Strauss, Ravel, Scriabin, Satie og Rakmaninoff eru góð dæmi um það. Jón Leifs er það tónskáld sem ég hlusta mest á og er í miklu uppáhaldi hjá mér.

**Fyrstu sinfóníutónleikarnir:** Ég fór allra fyrst á sinfóníutónleika þegar ég var í leikskóla og aftur snemma í grunnskóla. En tónleikarnir þar sem ég féll endanlega fyrir Sinfóníunni voru þegar hún flutti 7. sinfóníu Beethovens. Ég varð fyrir miklum áhrifum af tónleikunum og upplifunin stóð lengi eftir í mér.

**Eftirminnilegustu tónleikarnir:** Það er mjög eftirminnilegt þegar Penderecki kom og stjórnaði eigin tónlist, en flutningur SÍ á 10. sinfóníu Sjostakovitsj var á öðru tilverustigi, alveg ógleymanlegur.

**Tónlist er:** Öll hljóð og öll þögn.

Í vetur hlakka ég mest til: Eldur/Ís-tónleikanna með íslenskri tónlist 26. september.

**Nýja tónlistarhúsið verður:** Mjög fallegt hús og mun setja Sinfóníuna á nýjan stall.

NÝR STAÐUR Í HJARTA BÆJARINS

# ÚTSÝNISFERÐ FYRIR BRAGÐLAUKANA



BORDAPANTANIR Í
SÍMA +354 595 8545





Ingólfsstræti 1 . 101 Reykjavík . www.panoramarestaurant.is

panorama
restaurant





Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Látlaus landkönnuður

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari er löngu orðinn eitt af óskabörnum þjóðarinnar og hefur spilað sig inn í hjörtu landsmanna með kraftmiklum flutningi sínum og einlægri túlkun. Víkingur hefur um nokkurt skeið leikið einleik með Sinfóníuhljómsveitinni árlega og mun í vetur frumflytja píanókonsert Daníels Bjarnasonar sem sérstaklega er saminn fyrir hann.

Víkingur segist spenntur fyrir verkefninu og bendir á að möguleikar fyrir nýsköpun séu meiri í dag en nokkru sinni fyrr. „Nú standa allar flóðgáttir galopnar eftir heimsvæðingu liðinna ára. Upplýsingaáreitið gerir listamönnum raunar erfiðara en áður að hlusta eftir eigin rödd, í dag er svo auðvelt að vera stanslaust með hugann við það sem aðrir eru að fást við og týna kannski örlítið sjálfum sér. Þegar ég frumflyt nýtt verk þá er ég í hlutverki landkönnuðarins,“ segir Víkingur og bætir við: „Það er þroskandi og mikilvægt fyrir mig sem flytjanda að frumflytja verk, þá er jafnvel enn mikilvægara en annars að vera 100 prósent sannfærður um allar ákvarðanir. Það er frelsandi sköpun þegar undirmeðvitundin er ekki með fyrirfram ákveðið mót af verkinu sem er næstum óumflýjanlegt þegar um eldri tónverk er að ræða. Að því leyti er auðveldara að vera frumlegur í nýrri músík en um leið erfiðara að hafa heildaryfirsýn yfir verkið. Markmiðið er að allar litlar ákvarðanir falli fullkomlega inn í heildarformið svo að fyrsta myndin af verkinu sé heilsteypt og meitluð.“

Víkingur nýtur þess að spila með sinfóníuhljómsveit þótt vissulega sé það krefjandi. „Að spila með sinfóníuhljómsveit er það skemmtilegasta sem ég geri, en að gera það vel er líka erfiðara en næstum allt annað,“ segir Víkingur. „Það sem snýr að tæknilegu hliðinni þegar kemur að því að spila yfir 90 manna bandi er ekkert grín. Öll líkamsbeiting verður að vera á miklu stærri skala og margir frábærir píanistar njóta sín aldrei í konsertum en eru framúrskarandi að halda einleiks- eða kammertónleika. Listin að vera rytmískt frjáls þegar heil hljómsveit þarf að vera samtaka manni er líka sérstúdía og kemur bara með reynslunni. Það getur verið erfitt að finna hárfínt jafnvægi milli frelsis og aga en mikilvægast er að bregðast við þeim núönsum sem hljómsveitin framkallar á móti manni.“ En hverjir skyldu vera draumakonsertarnir? „Rakmaninoff nr. 3 sem ég lék í fyrra og dreymir um að leika miklu oftar, hann er á toppnum. Brahms á reyndar huga minn þessa dagana og konsertarnir hans tveir ásamt konsertum Beethovens eru í sérflokki. Svo bind ég vonir við að nýi konsertinn hans Danna verði ofarlega á listanum í framtíðinni.“

*Víkingur Heiðar frumflytur píanókonsert Daníels Bjarnasonar í Háskólabíói 12. febrúar 2009.*

# Rakmaninoff í blóðinu

**Það getur margt breyst á fjórum árum. Þetta fékk rússneski píanistinn Olga Kern að reyna með þátttöku sinni í Van Cliburn-keppninni þar sem hún hlaut gullið og tók líf hennar stakkaskiptum í kjölfarið.**



Rússneski píanistinn Olga Kern var fyrsta konan í 30 ára sögu Van Cliburn-keppninnar til að hljóta gullverðlaun.

Olga Kern tók fyrst þátt í hinni frægu Van Cliburn-keppni í Texas árið 1997 og stefndi vitaskuld á verðlaunasæti, en komst ekki einu sinni upp úr undanúrslitunum. Hún sneri aftur til dauflegrar tilverunnar í Moskvu, þar sem hún stundaði píanónám og bjó með foreldrum sínum í lítilli íbúð.

Þegar Olga sneri aftur til Texas árið 2001 hafði líf hennar tekið stakkaskiptum. Hún hafði tekið eftirnafn móður sinnar, sem er óneitanlega þjálla en upphaflegt eftirnafn hennar, Pushechnikova. Hún hafði gengið í hjónaband sem entist aðeins í nokkra mánuði, eignast soninn Vladislav, flikkað upp á útlitið og æft af meira kappi en nokkru sinni fyrr. Hún var tilbúin í slaginn. „Ég breytti öllu, af því að mig langaði til að eignast nýtt líf. Ég var verulega óánægð með lífið,“ sagði hún síðar í viðtali.

Það þurfti ekki að spyrja að viðbrögðunum. Olga varð fyrsta konan í 30 ára sögu keppninnar til að fara heim með gullmedalíuna og í kjölfarið biðu hennar tónleikar um allan heim. Hún hefur komið fram í flestum helstu tónleikasölum austan hafs og vestan, meðal annars La Scala í Mílanó og Carnegie Hall, og kom fram ásamt sópransöngkonunni Renée Fleming á hátíðartónleikum í Washington D.C. til heiðurs Van Cliburn árið 2004.

### TÓNLISTARFJÖLSKYLDAN

Olga á ekki langt að sækja tónlistargáfurnar. Langalangamma hennar var vinkona Tsjajkovskíjs, og langamma hennar var söngkona sem kom meðal annars fram á tónleikum með sjálfum Rakmaninoff. „Eitt sinn var hún á tónleikaferð í Rússlandi þegar undirleikarinn hennar veiktist skyndilega. Það leit út fyrir að aflýsa yrði tónleikunum, en Rakmaninoff var í sama bæ og bauðst til að spila undir hjá henni. Ég á efnisskrána ennþá,“ segir Olga.

Báðir foreldrar Olgu eru píanóleikarar og hún hóf nám hjá móður sinni fimm ára gömul. „Ég ólst upp við tónlist eftir Chopin og Rakmaninoff strax í móðurkviði, og þegar ég var lítil var ég alltaf að biðja mömmu um að spila Chopin á píanóið. Mér fannst hún spila Chopin svo vel. Rakmaninoff hefur líka alltaf verið eitt af mínum uppáhaldstónskáldum og tónlist hans hefur fylgt mér frá því að ég byrjaði að spila.“

Sonur hennar virðist líka hafa erft tónlistargenin. „Ég er mjög heppin. Foreldrar mínir hafa tekið þátt í uppeldi Vladislavs og hann býr hjá þeim meðan ég er á ferðalögum. Það er erfitt að vera svo lengi fjarverandi og það væri freistandi að taka hann með mér í ferðirnar, en það er betra fyrir hann að vera í Moskvu. Hann er sjálfur á kafi í tónlistinni, er í píanótímum hjá mömmu og er afar efnilegur, og þess vegna skilur hann þetta betur. Hann veit að þetta er vinnan mín, lífið mitt. Og hann er sjálfur að velja sams konar lífsstíl.“

### UNDRABARN Á ÍSLANDI

Olga heldur um 150 tónleika á ári og kveðst njóta þess til hins ýtrasta. „Ég elska að vera á sviðinu og miðla til áheyrendanna því sem ég elska mest af öllu. Tónlistin hefur verið ástríða mín allt frá því að ég var barn. Ég spilaði fyrst á tónleikum sjö ára gömul, konsert eftir Haydn, og ég man ennþá spennuna og orkuna frá áheyrendum þegar ég gekk inn á sviðið. Það var ótrúlegt! Mig langaði ekki að fara af sviðinu, ég óskaði þess að stundin myndi vara að eilífu.“

Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem Olga leikur á Íslandi. Hún kom fram á Listahátíð í Reykjavík 1992, þá aðeins fimmtán ára gömul, ásamt fjórum öðrum rússneskum undrabörnum í tónlist. Hópurinn kom fram á Ísafirði, Akureyri og í Þjóðleikhúsinu, og með í för var bróðir Olgu, Vladimír, sem er ári yngri og er trompetleikari. Olga Pushechnikova vakti mikla eftirtekt fyrir glæsilegan leik sinn í ferðinni, en líklega hefur fáa íslenska tónleikagesti grunað að hún ætti með tíð og tíma eftir að verða ein af stórstjörnum píanóheimsins.

*Olga Kern leikur 2. píanókonsert Rakmaninoffs í Háskólabíói 14. maí 2009.*

## spurt og svarað...

**Greta Guðnadóttir fiðluleikari**

# Fjallaþögnin er best



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Nafn:** Greta Guðnadóttir.
**Fjölskylduhagir:** Gift og á tvö börn úr fyrra hjónabandi.
**Hljóðfæri:** Fiðla.
**Nám:** Framhaldsnám í Bandaríkjunum, lauk doktorsgráðu 1995 frá Ríkisháskólanum í Flórída.
**Skemmtilegast að spila:** Alltaf skemmtilegast að spila kammermúsík.
**Skemmtilegast að hlusta á:** Langskemmtilegast að hlusta á fuglana á vorin. Svo þykir mér ekkert betra en að hlusta á þögnina á fjöllum.
**Helstu kostir:** Ég er samviskusöm og þyki búa til góðan mat.
**Helstu gallar:** Aðeins of sjálfsgagnrýnin á stundum.
**Uppáhaldsbók:** Ofvitinn eftir Þórberg.
**Uppáhaldskvikmynd:** Myndir með Dudley Moore eða Goldie Hawn.
**Eftirminnilegustu tónleikarnir:** Fiðlukonsertinn eftir Alban Berg með Yehudi Menuhin og New York Fílharmóníunni í Avery Fisher Hall í New York.
**Pínlegasta atvikið:** Alltaf jafn neyðarlegt að ætla að taka af skarið sem leiðari og spila dúndrandi hljóm í þögn á tónleikum.
**Hvað gerðirðu í sumar?** Var talsvert á fjöllum að ganga með fjölskyldunni, vinum og vandalausum. Svo vann ég mikið í garðinum heima.
**Til að slappa af er gott að:** vera í sumarbústaðnum, búa til góðan mat, fá sér vínglas og hlusta á gömlu gufuna.
**Nýja tónlistarhúsið verður:** vonandi frábært. Við þurfum svo að fá að spila í betra húsi. Vinnuaðstaðan er ekki góð og hljómburðurinn í Háskólabíói er ekki boðlegur tónleikagestum okkar.


Er þinn tími kominn?
Öll þessi námskeið í boði haustið 2008
- Hláturjóga námskeið hefst 9.sept.
- Jógaleikfimi 9.september
- Dansjóga 12.september
- Út úr skelinni 6.október
- Hristu sálina 10.október
- Orkudans 17.október
- Jákvæð hugþjálfun 3.nóvember
- Sjakradans 14.nóvember
- Orkurík fæða




Vertu með í fjörinu og lifnaðu við!
Tryggðu þér pláss með okkur!
Púlsinn námskeið
Skráning hafin og nánari upplýsingar á pulsinn.is



Olivier Messiaen við störf 16. mars árið 1972. MYND/GEORGE TAMES

# Gleði án enda

Það verða 105 hljóðfæraleikarar á sviði Háskólabíós 5. febrúar þegar SÍ flytur Turangalila-sinfóníuna, sem er eitt magnaðasta tónverk 20. aldarinnar. Franska tónskáldið Olivier Messiaen, sem hefði orðið hundrað ára í desember, fór ótroðnar slóðir í sköpun sinni. Hann var strangtrúaður og fyrir honum var tónlist dæmi um birtingarkraft guðdómsins á jörðu. Hann sótti meðal annars innblástur í fuglasöng og varð eins konar fuglafræðingur meðfram tónsköpuninni. Hann var til dæmis sagður geta borið kennsl á söng yfir 600 fuglategunda.

Turangalila var pöntuð af Sinfóníuhljómsveitinni í Boston og það er til marks um þá virðingu sem borin var fyrir snilligáfu Messiaens að hann fékk fullkomlega frjálsar hendur með verkið. Engin skilyrði voru sett hvað varðar lengd, stíl, eða stærð hljómsveitarinnar, sem verður ein sú stærsta sem sést hefur á sviðinu í Háskólabíói um langt skeið. Það var Leonard Bernstein sem stjórnaði frumflutningi Turangalilu í Boston árið 1949 og hefur hún farið sigurför um heiminn síðan.

Flestar tónsmíðar Messiaens bera yfirskriftir með trúarlegum tilvísunum, en í Turangalilu er yrkisefnið jarðbundnara. Þegar hann samdi sinfóníuna var hann hugfanginn af sögninni um Tristan og Ísold og hinar forboðnu ástir þeirra. Turangalila tekur um 80 mínútur í flutningi og þegar Messiaen var spurður hví hún væri svo löng svaraði hann einfaldlega: „Hún er ástarsöngur.“ Messiaen sagði sjálfur að Turangalila væri frumlegasta verk sitt, en um leið það lagrænasta, hlýjasta, kraftmesta og litríkasta.

# Sibelius-hringurinn

Hugtakið þétting byggðar hefur verið gróflega misnotað í íslenskri borgarpólitík. Hugtakið var yfirskrift síðasta aðalskipulags borgarinnar en var notað þar sem innantómt skrautyrði. Með uppbyggingu hinna nýju úthverfa sem það fól í sér og nú eru að verða að veruleika, fækkar íbúum á hektara úr 16 í 14 til ársins 2024 og eknum kílómetrum fjölgar um 15% á hvern íbúa. Á skipulagstímabilinu minnkar þéttleikinn öfugt við yfirskrift skipulagsins. Við horfum dofin á framganginn. Hugtakið hefur hins vegar oft verið nýtt í þágu niðurrifsafla í þéttasta borgarhluta Reykjavíkur til þess að uppræta fortíð okkar.

Í borgarstjórnarumrótinu sem við erum farin að umbera sem náttúrufyrirbæri, snýst umræðan ekki um þessar nauðsynlegu tilvistarspurningar heldur um menn og völd. Sjálfstæðisflokkur fórnaði flugvallarflutningi fyrir völd í síðasta umbroti og félagshyggjuflokkarnir hafa á ögurstundu alltaf lúffað fyrir samgönguráðherrum sem virðast líta á það sem köllun sína að standa í vegi fyrir eðlilegri borgarþróun. Eftir síðustu nýbyggingaholskeflu heiðabýla stöndum við nú frammi fyrir orðnum hlut, skaðinn er skeður. Viðvörunarraddir hafa ekki mátt við sérhagsmunum og eða vanahugsun.

Framtíðarspár reikna þó með miklu byggingarmagni á höfuðborgarsvæðinu næstu áratugi þótt hægst hafi á í bili. Í kreppum gefst tími til að staldra við og losa sig við gamla hugmyndafræði sem hefur gefist illa og skapað okkur ákaflega óhagstæða og mannfjandsamlega umgjörð. Nútíma byggðarsjónarmið þurfa að verða leiðarljós næstu skrefa í borgarmálum, hvar í flokki sem fulltrúar okkar standa, hvort sem þeir hallast til vinstri eða hægri. Það þarf að byggja innávið, þétta byggð, til þess að sjálfsögð borgarstarfsemi svo sem strætó og þjónusta í hverfum fái þrifist.

Um þessar mundir er rætt um framtíð almenningssamgangna, hagræðingu og fækkun ferða. Það er segin saga að þegar strætó er til umræðu er eilíft tönglast á tapi og styrkjum en margfaldan kostnað við einkabílinn kjósum við að kalla framkvæmdir en ekki tap og styrki. Það vekur furðu upplýstra þegna að fulltrúar þeirra ræða málefnið í fullkomnu tómarúmi og tengja vandamálið ekki við orsök vandans: hina dreifðu byggð höfuðborgarsvæðisins. Um leið og sjúklingurinn strætó fær bráðaþjónustu, er nauðsynlegt að einhenda sér í að uppræta orsök sjúkdómsins og ákveða næstu alvöru skref að mannúðlegu borgarskipulagi.

*Höfundur er rithöfundur.*

# Sorpeyðingarmiðstöð Íslands?

**UMRÆÐAN**
Margrét Jónsdóttir skrifar um sorpeyðingu


MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

Nú liggur á borði bæjarstjórnar, beiðni frá forráðamönnum Sementsverksmiðjunnar, um leyfi til 24 ára, ekki bara til sementsframleiðslu heldur líka til sorpbrennslu.

Brenna á hinn ýmsa úrgang svo sem eins og alla ónýta hjólbarða landsmanna, lífrænan úrgang (hræ?) olíu og margt fleira, þó ekki kjarnorkuúrgang. Auk þess má geyma rusl um ákveðinn tíma í verksmiðjunni. Til glöggvunar skal bent á það að verksmiðjan er við Langasand, útivistarparadís okkar og svona nokkurn veginn á mörkum gamla og nýja bæjarins. Hinn hái strompur sér um að úða úrgangi í tuga metra radíus svo megnið af íbúunum kemur til með að fá rykagnirnar beint í nös.

Fyrir höfum við illa lyktandi reyk frá fiskimjöls- og hausaverksmiðjum. Breytilegar vindáttir sjá um að enginn hér á neðri Skaga verði útundan. Allir fá sinn skammt af ógeðinu. Nú þegar hefur umhverfisnefnd bæjarins hafnað með öllu þessari beiðni en sagt er að bæjarstjórnarmenn séu mjög veikir fyrir grilllyktinni frá þessu lífræna. En það er nú bara vonandi kjaftasaga. Hver einasti maður sem ég hef talað við er mótfallinn þessari væntanlegu ruslageymslu og sorpeyðingarstöð.

Það liggur í augum uppi að svona atvinnustarfsemi í miðjum bæ, við fallegu sandströndina okkar, kemur ekki til með að laða ferðafólk til bæjarins. Þetta mun verða rothögg á allar svoleiðis hugleiðingar.

Við hrópum upp við öll tækifæri að Ísland sé fallegasta land í heimi með hreinu og tæru lofti. En þvílíkt bull, því flestir fiskibæir á landinu eiga við sama vandamál að stríða, nefnilega ódauninn frá fiskiverksmiðjum. Margir eru að vísu sáttir við hann, eru fæddir og uppaldir í honum og þekkja ekkert annað. Peningalykt kalla þeir fnykinn. En fólk á mínum aldri, börnin okkar og barnabörn eru ekki hrifin, okkur finnst við hafa rétt á hreinu lofti. Allar illa lyktandi verksmiðjur eiga að vera mjög afsíðis frá íbúðabyggð.

Nú vona ég bara að bæjarstjórnin beri gæfu til að hafna þessari beiðni með öllu, þó svo að sementsframleiðslan verði þarna áfram, þó að þetta barn síns tíma sé á kolvitlausum stað. (Vildi óska að einhver ríkur karl mundi kaupa hana til niðurrifs og byggja í staðinn flott strandhótel.)

Og svo vona ég líka að íbúarnir láti í sér heyra. Það er ekki nóg að ein og ein rödd heyrist, allir óánægðir verða að gera vart við sig.

*Höfundur er aðstoðarmaður húsamálara.*


Lagersala

Lagersala verður á snyrtivörum að Tunguvegi 19

í dag fimmtudag kl. 16 til 19
föstudag 5/9 kl. 15 til 19
laugardag 6/9 kl. 11 til 17

Mikið úrval af snyrti- og förðunarvörum, buddum og töskum á ótrúlegu verði.

Allir velkomnir. Komið og gerið góð kaup.

GASA
Óm SNYRTIVÖRUR

Tunguvegi 19 • 108 Reykjavík


# *Um réttarstöðu aldraðra*

**UMRÆÐAN**
Margrét Margeirsdóttir skrifar um hagsmuni aldraðra


MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR

Á undanförnum misserum hefur Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni leitað til umboðsmanns Alþingis varðandi mál sem snerta réttarstöðu aldraðra og stjórnsýslu málefna þeirra. Félagið hefur einnig hvatt skjólstæðinga sína til að leita til umboðsmanns þegar þeir telja á sér brotið.

Nýlega barst félaginu afrit af bréfi sem umboðsmaður hefur sent til heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra. Í upphafi bréfsins sem er 29 blaðsíður, fjallar umboðsmaður um tilefni þess, en þar kemur fram að honum hafi borist ýmis erindi og kvartanir síðastliðin þrjú ár sem hafa beinst að tilteknum álitaefnum sem varða réttarstöðu aldraðra og stjórnsýslu málefna þeirra þ.e. einstaklinga sem hafa náð 67 ára aldri. Þessi erindi hafa m.a. beinst að: a) grunnfjárhæð ellilífeyris, b) ákvörðunum Tryggingastofnunar ríkisins um niðurfellingu ellilífeyris og greiðslu vasapeninga þess í stað, samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, c) þátttöku vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum í dvalarkostnaði samkvæmt ákvæðum sömu laga, d) aðbúnaði aldraðra á stofnunum og í húsnæði fyrir aldraða og eftirliti stjórnvalda með þeim málum, e) kaupum aðstandenda á aðstoð og viðbótarþjónustu inn á hjúkrunarheimili.

Varðandi þessi atriði kemur fram að umboðsmaður hefur staðnæmst við og skoðað sérstaklega: Í fyrsta lagi: hvort þau ákvæði laga og reglna sem gilda um þessi mál uppfylli þær kröfur sem leiða af Stjórnarskrá Íslands og þeim alþjóðaskuldbindingum sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að fylgja. Í öðru lagi hvort stjórnsýsluleg meðferð þessara mála uppfylli þær kröfur sem leiða af lögum og reglum um stjórnsýsluna þ.m.t. stjórnsýslulög, ef þau eiga við og óskráðar grundvallarreglur stjórnsýslunnar. Í fyrri hluta bréfsins er fjallað ítarlega um lagaáskilnaðarreglu stjórnarskrárinnar og fjölþjóðlega samninga og m.a. vísað í félagssáttmála Evrópu varðandi efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, en Ísland fullgilti samninginn 1976. Ennfremur er vísað til samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt öryggi, og skyldu til að tryggja tryggðum viðunandi ellilífeyri. Í sambandi við ellilífeyri hefur umboðsmaður kannað á hvaða forsendum grunnfjárhæð ellilífeyris var ákvörðuð með lögum nr. 117/1993 og nú lög nr. 117/2007 um almannatryggingar. Er það fróðleg og áhugaverð athugun.

Í síðari hluta bréfsins fjallar umboðsmaður m.a. um stöðvun bóta almannatrygginga vegna sjúkrahúsvistar eða dvalar á hjúkrunarheimilum, og eftirlit stjórnvalda með þjónustu á slíkum stofnunum, greiðsluhlutdeild vistmanna í dvalarkostnaði, úrræði vistmanna og aðstandenda þeirra vegna athugasemda við aðbúnað og þjónustu. Greint er frá samskiptum umboðsmanns við stjórnvöld þ.á m. við heilbrigðisráðuneyti og Tryggingastofnun ríkisins varðandi öflun upplýsinga. Ennfremur er skýrt frá nokkrum erindum sem umboðsmanni hafa borist m.a. vegna aðbúnaðar og þjónustu við aldraða á hjúkrunarheimilum.

Hér er ekki rými til að fara fleiri orðum um bréf umboðsmanns Alþingis, þó að það gefi vissulega tilefni til, en Félag eldri borgara fagnar þessu frumkvæði hans og skorar jafnframt á stjórnvöld að taka athugasemdir og gagnrýni hans til greina við endurskoðun laga um almannatryggingar sem og stefnu og framkvæmdir í málefnum aldraðra. Það er sannarlega kominn tími til.

Einnig eru eldri borgarar hvattir til að kynna sér bréf umboðsmanns en það er að finna á heimasíðunni www.umbodsmaduraltingis.is

*Höfundur er formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.*





STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



✝

*Okkar ástkæri,*

**Páll Jóhannesson**

húsasmíðameistari,
Aðalstræti 47, 450 Patreksfirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar þann 15. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Patreksfjarðarkirkju föstudaginn 5. september kl. 13.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Hrönn Vagnsdóttir**

---

✝



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar, ömmu okkar og langömmu,*

**Bjargar Jóhannsdóttur**

frá Steinum, A-Eyjafjöllum,
síðast til heimilis í Gullsmára 11.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki öldrunardeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir hlýhug og góða umönnun, sömuleiðis fær starfsfólk sambýlisins Gullsmára 11 hugheilar þakkir og allir aðrir sem réttu okkur hjálparhönd. Guð blessi ykkur.

**Guðbjörg Jóna Jóhanns**
**Vilhjálmur R. Vilhjálmsson — Elísabet Marteinsdóttir**
**Björgvin F. Vilhjálmsson — Gróa H. Eggertsdóttir**
**Ingibjörg J. Vilhjálmsdóttir — Sigurður J. Ásbergsson**
**Berglind Ó. Vilhjálmsdóttir**
**Gyða Stefanía, Sigga Jóna, Arna Liv.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Marinó Jónsson**

Brekkustíg 3, Bakkafirði,

verður jarðsunginn frá Skeggjastaðakirkju laugardaginn 6. september kl. 14.00.

**Ólöf Kristín Arnmundsdóttir**
**Kristófer Marinósson — Bjargey Einarsdóttir**
**Jón Höjgaard Marinósson — Bjarnheiður Jónsdóttir**
**Sigurður Marinósson**
**Aðalbjörg María Marinósdóttir**
**Arnmundur Marinósson**
**Inga Lóa Marinósdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Helgason**

Furugrund 54, Kópavogi,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. september klukkan 15.

**Helgi Björnsson**
**Einar Björnsson — Alda Ásgeirsdóttir**
**Björn Ragnar Björnsson — Gréta Mjöll Bjarnadóttir**
**Soffía Björnsdóttir — Herbert Eiríksson**
**Arndís Björnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Þórir Sighvatsson**

skipstjóri, Skúlagötu 2, Stykkishólmi,

verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 5. september næstkomandi kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju.

**Eggert Bjarni Bjarnason — Hafdís Sverrisdóttir**
**Sævar Berg Ólafsson — Hjálmfríður Guðjónsdóttir**
**Guðbjörg Halldóra Ólafsdóttir — Þorvarður Einarsson**
**Ægir Þór Ólafsson — Eydís Bergmann Eyþórsdóttir**
**María Bryndís Ólafsdóttir — Ásgeir Héðinn Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**SÖNGKONAN BEYONCÉ KNOWLES ER 27 ÁRA.**

*„Það er engin synd að vera sexí og þótt ég sé djörf á sviði get ég líka verið guðrækin. Enginn veit hvernig sambandi mínu við Guð er háttað né í mínum verkahring að sanna það fyrir öðrum. Ég fékk kristilegt uppeldi og Drottinn verður alltaf mestur í mínu hjarta.“*

***Bandaríska söngkonan Beyoncé sló fyrst í gegn með tríóinu Destiny's Child en sigraði heiminn þegar hún hóf sólóferil sinn árið 2003.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 4. SEPTEMBER 1984**

## *Síðasta goshrinan í Kröflu*

Kröftugt eldgos hófst í Kröflu á þessum degi fyrir 24 árum, en gosið var níunda og síðasta hrina Kröfluelda sem hófust 20. desember árið 1975. Þetta var öflugasta gosið í hrinunni og úr því rann hraun sem þakti 24 ferkílómetra.



Kröflueldum fylgdu miklir jarðskjálftar og að kvöldi 3. september var gefin út viðvörun til Mývetninga eftir að mikið landsig kom fram á mælitækjum og jarðskjálfta fór að verða vart.

Gossprungan var um níu kílómetra löng og sögðu sjónarvottar að þegar eldurinn braust upp á yfirborð jarðar hefði engu verið líkara en að jörðinni hefði verið rennt í sundur með rennilás; svo fljótt hefði sprungan opnast. Þá þegar fór þunnfljótandi hraun að renna út frá nær allri sprungunni og var mikill kraftur í gosinu fram eftir nóttu, en eftir það virtist gosvirknin hafa færst að mestu nyrst í sprunguna, norður við Sandmúla, og voru mannvirki því aldrei í neinni hættu.

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK:** HELDUR UPP Á 10 ÁRA TÍMAMÓTAAFMÆLI Í DAG

# Óbilandi bjartsýni í veganesti

„Í anda tíu ára afmælis ætlum við að grilla pylsur og skreyta með blöðrum, en afmælisgjöfin kemur okkar megin frá með verkefninu „Þegar vel er sáð“, sem er virkjun þekkingar í almannaþágu. Þar bjóða nemendur og kennarar vinnu sína endurgjaldslaust til félagasamtaka sem starfa í þágu almannaheilla,“ segir Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík. Í dag fagnar skólinn því að áratugur er liðinn síðan lög frá Alþingi veittu heimild til stofnunar einkarekinna háskóla, en HR byggir á traustum grunni Viðskiptaháskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands.

„Það er með ólíkindum að svo ungur skóli sé með kennara frá 23 löndum, 3.000 nemendur, sé heimsmeistari í gervigreind og í þriðja sæti á heimsleikum MBA-nemenda. Saga HR er sönnun þess hve miklu er hægt að áorka á skömmum tíma á öðrum sviðum mannlífsins líka. Galdurinn er að sá vel í upphafi með fólki sem helgar sig verkefninu af metnaði, en frá upphafi lögðust allir á eitt við að tryggja að innviðir og starfsemi HR yrðu hágæða,“ segir Svafa um háskólann, sem í dag hafnar allt að sjötíu prósentum umsækjenda.

„Þeir sem komast inn hafa sýnt fram á góðan námsárangur, en við leggjum einnig mikið kapp á að ná inn fólki sem hefur náð langt á öðrum sviðum, eins og íþróttum, félagsstörfum og listum, þar sem reynir á frumkvæði og forystuhæfileika. Við teljum okkur vera að undirbúa framtíðarstjórnendur landsins og það hefur sýnt sig að fólk með fjölbreyttan bakgrunn kryddar tilveruna og gerir hóp ekki eins einsleitan heldur miklu öflugri,“ segir Svafa, sem stendur í ströngu við byggingu nýrrar háskólabyggingar sem er á áætlun.

„Sú framkvæmd er ein sú stærsta hérlendis fyrir utan virkjanir og þangað flytjum við fyrsta áfangann við haustið 2009. Þar verður besti aðbúnaður háskóla í Evrópu og til að launa Reykvíkingum þá velvild að ánafna okkur landi í Vatnsmýri munum við hafa miðju skólans opna með kaffihúsi, bókabúð, bókasafni, ísbúð og fleiru skemmtilegu, ásamt miklu af göngustígum, listaverkum og skemmtilegum görðum sem almenningur getur notið með okkur. Þannig verður háskólabyggingin ekki fílabeinsturn heldur lifandi hluti af lífi borgarbúa,“ segir Svafa.



**FRUMKVÖÐULL** Svafa Grönfeldt er rektor Háskólans í Reykjavík, þar sem nemendur og kennarar ætla að grilla og eiga ljúfan dag saman í tilefni stórra tímamóta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Að mínum dómi er ekki keppikefli að allir fari í gegnum háskólanám, en ég held að háskólanám megi þyngja enn frekar og leggja enn meira kapp á stærðfræði og rökhugsun, um leið og við sköpum tengingu á milli þess akademíska og hagnýta,“ segir Svafa og er fljót til svars um hvað einkenni HR-inga. „Þeir eru óbilandi bjartsýnismenn með frumkvöðlahugsun, hagnýta þekkingu og fljótir að aðlagast á vinnustað. Hér hefur alltaf ríkt barnsleg gleði. Ég er alsæl á mínum stað, en rektorar starfa ekki áratugum saman. Ég valdi að verja hér bestu árum starfsævi minnar og vil að hér sé gaman og gott að vera. Ég vel inn starfsfólk með það fyrir augum að hingað komi enginn nema sá sem vill raunverulega skipta máli. Það gerir starfið auðveldara. Ég held í einlægni að fólk hugsi allt of lítið um hvar það er statt á bestu árum sínumi,“ segir Svafa íhugul.

„Það eru forréttindi að vera í starfi þar sem allir eru með helmingi hærri greindarvísitölu en maður sjálfur og mitt hlutverk er að vera ekki fyrir heldur virkja þann kraft sem hér er í takt og skapa aðstæður sem viðheldur löngun fólks til að gera enn betur. Á fætur fer ég á morgnana með það takmark að láta raunverulega gott af mér leiða. Þröngt séð til að hafa áhrif á nemendur svo líf þeirra verði betra og þeir hamingjusamir, en á stærri grundvelli til að tryggja að hér verði lífvænlegt að lifa um alla framtíð.“

**thordis@frettabladid.is**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Sigrún Sigurjónsdóttir Jörgensen**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað föstudaginn 29. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 5. september kl. 14.00.

**Róbert Jörgensen — María Hjálmarsdóttir**
**Haraldur Jörgensen — Matthildur Sigursveinsdóttir**
**Petrún Jörgensen — Friðjón Skúlason**
**Jenný Sigrún Jörgensen — Jóhann Tryggvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, fósturfaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Þorkelsson**

sem lést í Hrafnistu Reykjavík 25. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 5. sept. kl. 13.00.

**Birgir Sigurðsson — Aðalheiður Guðmundsdóttir**
**Ásta Sigríður Sigurðardóttir — Sigurbjörn Árnason**
**Elín Lára Sigurðardóttir — Sigurður Gunnarsson**
**Árni Sigurðsson — Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Sigurlaugur Þorkelsson — Halla H. Skjaldberg**
**fósturbörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Legsteinar**
í **miklu** úrvali



REIN
**Steinsmiðja**
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**
**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


Jean Paul
GAULTIER
MADAME
HYGEA
snyrtivöruverslun
Snyrtivöruverslunin Hygea kynnir nýjan ilm frá Jean Paul Gaultier,
Ilmurinn verður kynntur í fyrsta skipti á Íslandi í Snyrtivöruverslunum
Hygeu Kringlu og Smáralind dagana 4-6 september.
Komdu og kynntu þér það allra nýjasta og heitasta frá Jean Paul Gaultier.

# föstudagur

fylgir fréttablaðinu á morgun

## Valgerður Guðnadóttir




leikur Maríu í þriðja sinn




FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga




NOKKUR ORÐ
Sunna Dís Másdóttir

# *Speglalausir dagar og ljót eyru*

Ég veit að ég er ekki ein um að finnast haustið vera hið raunverulega upphaf ársins, svona svipað og mánudagar eru víst fyrsti dagur vikunnar, sama hvað fólk tuðar um hvíldardaga og sunnudaga. Í anda þess eru þeir ófáir sem strengja haustheiti, frekar en að bögglast í áramótaheitum þegar skammdegið og andleysið er nóg til að draga hvern sem er niður í sófa og halda honum þar í heljargreipum vikum saman.

Líkamsræktin er alltaf ofarlega á blaði hvað heitin varðar. Ég dreg ekki dul á það að ég er mjög slappur líkamsræktariðkandi og hef oft lofað sjálfri mér að verða nú duglegri í hoppinu og skoppinu. Með hækkandi aldri og aukinni visku hafa áherslur þeirra loforða þó breyst á mínum bæ. Ég er til dæmis alveg hætt að ætla að ná af mér einhverri tölu sem tengd er við kíló og það sem ég vonast til að fá út úr líkamsrækt er aukin heilsa og að líða vel í skrokkinum góða. Eftir að silfurfolinn barst mér virðist það ætla að ganga eftir, ég mæti í það minnsta rjóð í kinnum í vinnuna á morgnana og glói fram eftir degi (svo þurfum við ekkert að ræða hvort það sé vegna líkamlegrar heilsu eða af því að ég er ennþá bullsveitt eftir barninginn upp brekkurnar).



Það er fátt sem hryggir mig meira en útlitsþráhyggjan sem virðist engan endi ætla að taka. Mér finnst sorglegt að fólki geti liðið illa yfir „feitum ökklum“ eða „ljótum eyrnasneplum“ eða „þykkum fingrum“.

Það eru til reyklausir dagar og megrunarlausir dagar og konu- og bóndadagar. Ég vil stofna speglalausan dag. Það er erfitt að hafa áhyggjur af ljótum eyrnasneplum ef maður sér þá ekki, ekki satt?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn...**



**...góðar fréttir fyrir umhverfið**

**Kl. 20**

*Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur fyrir sýningu á heimildarmynd um norska kvenskörunginn Bodil Biørn í Norræna húsinu í kvöld kl. 20. Bodil bjó í Armeníu á árunum 1905-34 og sinnti þar hjálparstörfum. Að sýningu lokinni mun dr. Dickran Kouymjian, forstöðumaður armenskra fræða við California State University, ræða um myndina. Aðgangseyrir er 500 krónur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hádegistónleikar af stað að nýju

Fyrstu tónleikar vetrarins í hádegistónleikaröð Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, fara fram í hádeginu í dag. Þar stíga á stokk þau Antonía Hevesi píanóleikari og Gissur Páll Gissurarson tenór og flytja nokkur vel valin sönglög fyrir viðstadda.

Antonía er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar og hefur sett saman spennandi dagskrá fyrir veturinn, en á meðal gesta hennar verða söngfuglarnir Sólrún Bragadóttir, Edda Austmann, Elín Ósk Óskarsdóttir og Bjarni Thor Kristinsson, svo einhverjir séu nefndir. Tónleikarnir fara fram fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og er aðgangur að þeim ókeypis.

Fyrsti gestur tónleikaraðarinnar, Gissur Páll, nam söng í Reykjavík og í Bologna á Ítalíu, en til gamans má geta þess að frumraun hans á sviði var þegar hann fór með titilhlutverkið í söngleiknum Oliver Twist, þá aðeins ellefu ára gamall. Árið 2006 hélt Gissur sína fyrstu einsöngstónleika hérlendis í Salnum í Kópavogi við góðar undirtektir. Síðan þá hefur hann komið fram á tónleikum og í sýningum á Ítalíu og í Þýskalandi auk Íslands.

Tónleikar Antoníu og Gissurar hefjast kl. 12 í dag. Þeir eru sniðnir að þörfum þeirra sem hafa áhuga á að lyfta vinnudeginum upp á hærra plan með sérlega menningarlegu hádegishléi.

- vþ



**ANTONÍA HEVESI OG GISSUR PÁLL GISSURARSON** Koma fram á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**> Ekki missa af…**

Metsölusýningu fjöllistamannsins Viggos Mortensen í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Sýningin ber danska heitið Skovbo, sem á íslensku myndi útleggjast sem Skógarbýli. Nafnið er viðeigandi þar sem tré eru áberandi á ljósmyndum Mortensens, sem og náttúrustemningar ýmsar. Sýningin stendur til sunnudagsins 7. september.

# Fígúrur í landslagi

Ljósmyndasýningin „Fés og fígúrur – kynjamyndir í íslenskri náttúru“ verður opnuð í ljósmyndasalnum Fótógrafí, Skólavörðustíg 4, á laugardag kl. 17.

Á sýningunni eru yfir tuttugu myndir sem sýna hinar fjölbreyttustu kynjamyndir sem orðið hafa á vegi ljósmyndarans í gönguferðum hans í íslenskri náttúru: alls kyns kynjaverur, tröll, skessur og þursar, kynngimagnaðar forynjur og margvísleg furðufés.

Ellert Grétarsson starfar sem ljósmyndari og blaðamaður hjá Víkurfréttum á Suðurnesjum. Hann á að baki fjölda einka- og samsýninga hér heima og erlendis og hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir ljósmyndir sínar. Síðastliðið vor hlaut hann þrenn verðlaun fyrir náttúruljósmyndum í flokki atvinnumanna í alþjóðlegu PX3-ljósmyndakeppninni í París. Sýning Ellerts í Fótógrafí stendur yfir til 3. október.

- vþ



**FURÐUVERA** Það er margt einkennilegt í íslenskri náttúru. MYND/ELLERT GRÉTARSSON

# *Sýning, leikrit og kvikmynd Ásdísar*

Myndlistarkonan Ásdís Sif Gunnarsdóttir opnar sýninguna „Appelsínurauði eldurinn sem þú sýndir mér í Hljómskálagarðinum“ í Kling og Bang gallerii, Hverfisgötu 42, á laugardagskvöld kl. 20. Sama kvöld, á sama stað, frumsýnir Ásdís Sif sjónræna leikritið „Fallegi, viðkvæmi konungdómur þinn“ í leikstjórn Guðrúnar Ásmundsdóttur. Gísli Galdur sér um tónlistina.

Ásdís Sif útskrifaðist með meistaragráðu í myndlist frá UCLA í Los Angeles. Hún hefur sýnt víða hérlendis sem erlendis; á þessu ári hefur hún meðal annars sýnt verk í New York, Berlín, Calgary, París, Brussel og Glasgow, auk Reykjavíkur.

Sýningin í Kling og Bang stendur til 28. september, en þá verður henni lokað með miklum tilþrifum. Það er annars nóg um að vera hjá Ásdísi um þessar mundir; auk sýningarinnar í Kling og Bang frumsýnir hún ásamt Ingibjörgu Magnadóttur mynd í fullri lengd sem nefnist „Háveruleikir“ annað kvöld kl. 18 í Regnboganum á Hverfisgötu.

- vþ



**LITADÝRÐ** Brot úr verki eftir Ásdísi Sif Gunnarsdóttur.

# Spennandi haust fram undan

**Síðasta áætlaða starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói hefst með glæsibrag í kvöld þegar einn fremsti fiðluleikari heims kemur fram með hljómsveitinni og leikur fiðlukonsert Tsjajkovskís.**

Fiðluleikarinn sem um ræðir er enginn annar en Vadim Repim. Hann hóf ungur tónlistarnám í Síberíu og vann til gullverðlauna í sinni fyrstu alþjóðlegu keppni aðeins ellefu ára gamall. Hann var yngsti sigurvegari í sögu Queen Elizabeth-keppninnar í Brussel aðeins átján ára gamall árið 1989. Repin hefur komið fram á tónleikum með öllum helstu hljómsveitum heims, og lék meðal annars einleik með Berlínarfílharmóníunni og Sir Simon Rattle á hinum frægu Evrópu-tónleikum hljómsveitarinnar í Sankti Pétursborg nú í ár. Repin er á samningi hjá Deutsche Grammophon og hafa hljómdiskar hans fengið frábæra dóma gagnrýnenda um allan heim. Þetta er í fyrsta sinn sem Repin leikur á Íslandi. Eins og nærri má geta er koma Repins mikill fengur fyrir íslenska tónlistarunnendur þar sem hér er á ferðinni sannkölluð stórstjarna á hátindi ferlis síns, og því í raun einstakt tækifæri fyrir alla sem unna fiðluleik í hæsta gæðaflokki.

Fiðlukonsert Tsjajkovskís er eitt af dáðustu verkum þessa rússneska meistara og er þá mikið sagt. Auk konsertsins er á efnisskránni forleikurinn Rómeó og Júlía, einnig eftir Tsjajkovskí, og sinfónía nr. 2 eftir franska tónsmiðinn Vincent D'Indy, en hljómsveitin vinnur nú að upptökum verka hans fyrir Chandos-útgáfuna. Fyrsti diskurinn með verkum Frakkans kom út fyrir nokkru og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Stjórnandi á þessum spennandi tónleikum er aðalstjórnandi hljómsveitarinnar, Rumon Gamba.



**VADIM REPIN FIÐLULEIKARI** Kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld.

Auk þessara tónleika er ýmislegt áhugavert á döfinni hjá Sinfóníuhljómsveitinni á næstunni. Í október heldur hljómsveitin í tónleikaferð til Japans þar sem hún mun meðal annars leika allar sinfóníur Sibeliusar og heldur auk þess tónleika með íslenskri tónlist í tónleikasalnum Sumida Triphony í Tókýó. Íslenskir tónleikagestir munu fá að heyra allt þetta áður en haldið verður af stað. Á tónleikunum 26. september flytur hljómsveitin sérlega áhugaverða íslenska efnisskrá með verkum eftir Jón Leifs, Jórunni Viðar, Hafliða Hallgrímsson, Áskel Másson, Þorkel Sigurbjörnsson og Atla Heimi Sveinsson.

Í byrjun október gefst svo færi á að heyra hljómsveitina flytja tónlist með austurlensku ívafi. Claude Debussy heillaðist af gamelan-slagverkshópnum sem kom frá Balí til Parísar árið 1889, og síðan hafa fjölmörg tónskáld nýtt sér heillandi og dulúðlegan tónaheim austursins í verkum sínum. Á efnisskrá Sinfóníhljómsveitarinnar 2. október verða flutt La Mer eftir Debussy og hinn sprellfjörugi konsert fyrir tvö píanó eftir Poulenc, auk verka eftir Colin McPhee og Nico Muhly. Það er því ljóst að unnendur sígildrar tónlistar þurfa ekki að kvíða haustinu.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar með Vadim Repin hefjast kl. 19.30 í kvöld.

vigdis@frettabladid.is



**LANGHOLTSKIRKJA** Stendur fyrir öflugu tónlistarstarfi í vetur.

# Langholtskirkja aftur af stað

Vetrardagskrá Kórs Langholtskirkju fer senn að hefjast og er ýmislegt áhugavert á döfinni. Mun kórinn koma fram í nýrri mynd þar sem síðastliðið vor voru gerðar skipulagsbreytingar á starfi Kórs Langholtskirkju sem fólu í sér kröfur um aukna kunnáttu kórfélaga. Fjöldi er takmarkaður við átta í hverri röð. Með því móti á hann að vera fær um að flytja erfið verk, meðal annars fyrir tvo kóra. Jafnframt gefast kórfélögum aukin tækifæri til að koma fram sem einsöngvarar í messum og einnig á tónleikum.

Ýmislegt er fréttnæmt af kórnum; fyrst má nefna að hann er á leið til Liverpool nú í lok nóvember þar sem hann tekur þátt í flutningi níundu sinfóníu Beethovens með Konunglegu fílharmóníusveitinni undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Einnig syngur kórinn jólatónleika í dómkirkjunni í Liverpool. Hinir vinsælu jólasöngvar ásamt Gradualekór Langholtskirkju verða í desember með Braga Bergþórssyni, Eivöru Pálsdóttur og Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Í maí verða síðan stórtónleikar þar sem flutt verður Dixit Dominus eftir Vivaldi en verkið fannst ekki fyrr en árið 2005 og er fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit. Á sömu tónleikum verður einnig flutt Magnificat eftir Vivaldi. Kórfélögum verður gefinn kostur á að syngja einsöngshlutverkin. Stjórnandi Kórs Langholtskirkju er, sem fyrr, Jón Stefánsson.

Einnig er vert að minnast á að nú um helgina kemur til landsins fjórraddaður barnakór frá Svíþjóð og heldur tónleika í Langholtskirkju á laugardag kl. 17 og syngur í messu í kirkjunni á sunnudag kl. 11. Kórinn kemur einnig fram á tónleikum í Skálholtskirkju á morgun kl. 16. Aðgangur á tónleikana er ókeypis.

- vþ







# Þjóðin veit hvað hún vill

**Það mælist í tugum þúsunda hvað miklu fleiri lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið og 24 stundir**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft...** **...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–54 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

# Umhverfissóðar suður með sjó

Sýningin „Gæti tafið framkvæmdir á Suðurnesjum: umhverfissóðar láta enn til sín taka“ er samstarfsverkefni þar sem fimmtán myndlistarmenn og myndlistarnemar við Listaháskóla Íslands sýna afrakstur rannsókna sinna á Suðurnesjum síðustu þrjú árin. Sýningin verður opnuð í sýningarrýminu Suðsuðvestur, Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ, á morgun kl. 17.

Listamennirnir fóru vítt um Suðurnesin í efnisleitarferðum sínum; efnistök sýningarinnar eru því fjölþætt og unnið er úr hráefninu á margvíslegan máta. Lífsgildi Suðurnesjabúa og annarra Íslendinga eru afhjúpuð á sýningunni með gamansömum, ljóðrænum og pólitískum aðferðum.



**BANNAÐUR AÐGANGUR?** Væntanlega eru allir velkomnir á samsýningu fimmtán listamanna í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ.

Sýningin er tvískipt; í hinu hefðbundna sýningarrými Suðsuðvestur hefur verið sett upp upplýsingamiðstöð þar sem gestir geta skoðað efni tengt Suðurnesjum, en sjálf myndlistarverkin hafa hreiðrað um sig á stöðum sem hingað til hafa haft annað hlutverk, í kjallaranum undir sýningarrýminu, íbúðinni fyrir ofan, skrifstofunni, háaloftinu og veröndinni. Ýmsir miðlar eru notaðir til að myndgera viðfangsefnið og koma því út í samfélagið, svo sem teikningar, skúlptúrar, málverk, myndbönd, ljósmyndir, útsaumur, hljóð og gjörningar.

Suðsuðvestur er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 13-17, en annars eftir samkomulagi. Ofangreindri sýningu lýkur 5. október.

- vþ

# Veggspjöld til sýnis

Veggspjöld í eigu Nýlistasafnsins verða sýnd innan um safneign safnsins og sýningu Hlyns Hallssonar á morgun kl. 17. Sýningin er afrakstur tveggja vikna skráningarvinnu annars árs nemenda í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Undanfarið hafa ýmsar sýningar verið settar upp í tengslum við safneign Nýlistasafnsins, en skemmst er minnast Gjörningaarkífsins á listahátíð og sýningar á bókverkasafninu nú í sumar. Að þessu sinni verða menningartengd veggspjöld sett upp. Athugið að veggspjaldasýningin er einungis opin á morgun frá kl. 17-19 og á laugardaginn frá kl. 13-17, og munu þeir nemendur sem unnið hafa að verkefninu bjóða upp á stutta leiðsögn. Allir eru velkomnir.

- vþ

**Getum bætt við okkur nokkrum verkefnum í skrautsteypu**



**MYNSTRUN ehf**
Sími: 898 7436 • mynstrun@internet.is




# Háskalaus brúðuleikur

**LEIKLIST**
**Klókur ertu, Einar Áskell**
Byggt á sögum Gunnillu Bergström.
Brúður, leikmynd, stjórn: Bernd Ogrodnik.
Leikstjóri: Kristján Ingimarsson.
★★
Snotur sýning fyrir unga áhorfendur.

Krakkarnir sem saman voru komin í Kúlunni á laugardag til að sjá Klár ertu, Einar Áskell voru alveg með á nótunum hvað væri í vændum: Einar Áskell er gamall kunningi þeirra og margra eldri kynslóða barna hér á landi. Það er því vel til fundið hjá Bernd Ogrodnik og fyrirtæki hans að setja saman stutta brúðusýningu úr tveimur bóka Gunnillu Bergström og Þjóðleikhúsinu að hýsa sýninguna. Sýningar í Kúlunni og á Loftinu eru reyndar ein merkasta nýjungin sem Þjóðleikhúsið hefur boðið upp á hin síðari misseri, margar þeirra unnar í samstarfi við sjálfstæða leikhópa en sýningaraðstaðan í húsinu fyrir unga áhorfendur er nokkuð til marks um stöðu þessa yngsta aldurshóps, hátt uppi á hanabjálka og neðst í dýpsta kjallara: börn eru hornreka í íslenskum leikhúsum.

Ogrodnik er einn þeirra fáu hér á landi sem leggur fyrir sig brúðuleik. Hann er flinkur handverksmaður og býsna snjall brúðuleikari. Textaflutningur hans er blendinn en börn nú á tímum þekkja litaðan hreim úr návígi. Hann kemur ekki að tómum kofunum hjá þeim.

Þessi sýning er snotur, þræðirnir tveir tvinnast bærilega saman, en háskinn er hér fjarri. Erindið í þessum tveimur bókum er að minna á tengsl við föður, leik með barni og að fleiri þurfa snemma að sofa en börn. En rýmið er fullþröngt, líkast til sökum þess en einn aðili stýrir brúðunum og verður sýningin nokkuð stirðbusaleg á köflum. En ungum áhorfendum er hún gleðiefni.

**Páll Baldvin Baldvinsson**


**LEIKLIST** Einar Áskell er hjartkær hetja ungum áhorfendum og situr hér í fabngi Bernd Ogrodnik brúðumeistara.

# Leiðsögn listamanns

Yfirlitssýning á teikningum og skúlptúrum eftir myndlistarkonuna Sigrúnu Ólafsdóttur var opnuð í lok ágústmánaðar í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Það er fréttnæmt í sjálfu sér, en ekki er síður fréttnæmt að listáhugafólki býðst að ganga með Sigrúnu sjálfri um sýninguna í kvöld kl. 20 og hlýða á leiðsögn hennar.

Sköpunarkraftur Sigrúnar hefur einkum beinst að skúlptúrverkum og teikningum. Hún býr nú og starfar í Þýskalandi og nýtur talsverðrar velgengni þar; henni hefur meðal annars verið falið að gera stór verk fyrir opinberar byggingar, banka og einkafyrirtæki.

Verk hennar eru afar fjölbreytileg, bæði í hugsun og í útfærslu. Leiðarstef hennar er þrívíddarhlutur-inn og verk hennar vísa sífellt til rýmis á slíkan hátt að segja mætti að hún skilgreini það að nýju. Í innsetningum hennar eru til að mynda mörkin milli verksins sjálfs og rýmisins umhverfis það afmáð með áhrifamiklum hætti. Að undanförnu hefur Sigrún unnið að röð teikninga sem líta ber á sem sjálfstæðar skúlptúrteikningar. Í þeim gegnir línan einnig lykilhlutverki í myndbyggingunni og skapar hugmyndalega samsvörun við skúlptúrverkin.


**RÝMI OG UMLYKJANDI RÝMI** Verk eftir Sigrúnu Ólafsdóttur.

Teikningarnar sem hún hefur gert allra síðustu árin eru afar stórar og unnar með túss og gifsblöndu á striga sem telst nokkuð óvenjulegt efnisval.

Synd væri að láta þessa áhugaverðu leiðsögn framhjá sér fara.

- vþ

# Gosi aftur á stjá

Barnasýningin vinsæla um Gosa, sem frumsýnd var í Borgarleikhúsinu síðasta vetur, er væntanleg aftur á fjalir leikhússins nú á sunnudag. Sýningin vakti mikla lukku á síðasta vetri; til marks um það er að um 25 þúsund gestir hrifust með ævintýrum Gosa, Tuma engisprettu og allra hinna. Það vakti einnig mikla lukku sýningargesta að hitta hetjur sýningarinnar í forsal að sýningu lokinni. Þess má geta að María Ólafsdóttir hreppti Grímuverðlaunin fyrir frábæra búningahönnun fyrir leikverkið á verðlaunahátíðinni síðastliðið vor. Svo herma nýjustu fréttir úr heimi Gosa að nýr leikari hafi bæst í hópinn þar sem Theódór Júlíusson hefur tekið að sér hlutverk Péturs Einarssonar.

Rétt er að benda lesendum á að verkið verður einungis sýnt fram í október og því betra að tryggja sér miða í tíma. Miðasala er í fullum gangi í miðasölu Borgarleikhússins og á vefsíðu þess.

- vþ


**THEÓDÓR JÚLÍUSSON** Bætist við leikhóp sýningarinnar Gosa.

ÍSLAGNIR

**Löggildir rafverktakar**

Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur

**Uppl. síma**
**8604507 / 8494007**
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 4. september**

**→ Kvikmyndir**

**20.00 De kaller meg mor** Heimildarmynd um Bodil Biørn sem bjó og starfaði í Armeníu 1905-1934. Í lok myndarinnar mun Dr. Dickran Kouymjian ræða um myndina og fjalla um hvaða áhrif þjóðernishreinsanir Tyrkja hafa haft á sjálfsmynd armensku þjóðarinnar. Norræna húsið.

**12.15 The story of Stuff** Heimildarmynd eftir Annie Leonard þar sem sýnd er hin hliðin á neyslusamfélaginu. Myndin er hluti af Umhverfisdögum sem standa nú yfir í Norræna húsinu.

**→ Tónleikar**

**20.00 Hádegistónleikar** Gissur Páll Gissurarson tenór og Antonía Hevesi píanóleikari halda tónleika í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.

**→ Fyrirlestrar**

**20.00 Núna, þá og seinna** Darri Lorenzen verður með fyrirlestur/gjörning í Hafnarhúsinu sem byggir á nýlegum verkum og verkum sem hann er með í vinnslu.

**→ Danslist**

**20.00 Konunglegi sænski balletskólinn** Nemendur úr skólanum sýna klassískan ballet og nútímadans í Borgarleikhúsinu.

**→ Tónlist**

**21.00** Hljómsveitirnar Viðurstyggð, Innvortis, Æla og Morðingjarnir verða með tónleika á Organ, Hafnarstræti 1-3.

**→ Myndlist**

**Bergljót Svanhildur Sveinsdóttir** sýnir vatnslitamyndir í sýningarsal Saltfisksetursins í Grindavík. Sýningin er opin alla daga frá kl. 11-18.00 og lýkur 7. sept. Saltfisksetrið, Hafnargötu 12a.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10:00

**Póstlistaforsala í dag**
Þeir sem eru skráðir á póstlista Bravó klukkan 14:00 í dag fá tölvupóst sem gefur þeim tækifæri á að tryggja sér miða áður en almenn sala hefst.
Skráðu þig núna á **www.bravo.is**.
Athugið, takmarkað magn miða í boði.



*Minningar*
# TÓNLEIKAR
## VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON

Sérstakir gestir:
**Helena Eyjólfsdóttir og Þorvaldur Halldórsson**

FÖSTUDAGUR 10. OKTÓBER • LAUGARDALSHÖLL

LANDSLIÐ SÖNGVARA · 10 MANNA HLJÓMSVEIT · KÓRAR · STRENGJASVEIT
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · BUBBI · DIDDÚ · EGILL ÓLAFSSON · LADDI
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · HELGI BJÖRNS · JÓNSI · KK
LAY LOW · PÁLL RÓSINKRANZ · RAGNHEIÐUR GRÖNDAL · STEFÁN HILMARSSON

VÍKING Léttöl · FK FJARÐARKAUP · BYLGJAN 989 · Miðasala á midi.is og á sölustöðum miða.is · bravó! Góðar stundir

**> GESTUR Í 30 ROCK**

**Jennifer Aniston** hefur tekið að sér gestahlutverk í sjónvarpsþættinum 30 Rock. **Tina Fey,** leikkona og höfundur þáttanna, segir að Jennifer sé ekki aðeins ótrúlega yndisleg í umgengni, heldur sé hún líka, eins og unga fólkið kallar það, „fáránlega hæfileikarík“. Aniston mun leika fyrrverandi herbergisfélaga Liz Lemon sem birtist óvænt í New York og límir sig utan á Jack Donaghy.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Fullvaxta menn, tólf ára enn

Gamanmyndaáhugamenn vita að þegar Will Ferrell og John C. Reilly mætast er voðinn vís. Seinast mættust þeir í Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby, árið 2006 og veltu bíógestum úr sætum sínum með einstakri grínblöndu. Mætast þeir að nýju í Stepbrothers, sem frumsýnd er á föstudaginn.

Brennan Huff (Ferrell) er þrjátíu og níu ára karlmaður sem hefur aldrei farið að heiman frá fráskilinni móður sinni. Dale Doback (C. Reilly) er fertugur og hefur heldur ekki flutt að heiman heldur býr með föður sínum. Báðir eru atvinnulausir.

Móðir Brennans hittir föður Dales, þau verða ástfangin, giftast og flytja heim til Doback-feðganna. Synirnir tveir eiga þar með engra kosta völ en að deila herbergi, eða yfirgefa heimili sitt.

Þeir hata hvor annan til að byrja með en komast að því að þeir eru ekki svo ólíkir. Báðir eru þeir tólf ára stráklingar fastir í fullvaxta líkömum og lifa í eigin heimi. Eftir að þeir verða bestu vinir ákveða foreldrar þeirra að vísa þeim á dyr. Allt í einu verða þessir litlu strákar að fullorðnast. **- kbs**



**LITLIR Í ANDA** Reilly og Ferrell leika stjúpbræðurna óborganlegu í Stepbrothers.

**Dómar um Stepbrothers**

**IMDB:** 7/10 **Rotten tomatoes:** 53% fersk

# Smith aftur á flug

Aðdáendur Kevins Smith geta glaðst yfir því að annað sýnishorn úr myndinni Zack and Miri Make a Porno er komið á vefinn.

Myndin segir frá tveimur vinum, leiknum af Seth Rogen og Elizabeth Banks, og þau eru svo blönk að þau ákveða að gera klámmynd. Sjá má Justin Long bregða fyrir í feluhlutverki og Darryl Robinson í aukahlutverki. Sýnishornið er svokallað „red-band“ sem þýðir að myndin er full af nekt, blótsyrðum og öðrum óskunda. Sýnishornið má finna á empireonline.co.uk.

Smith-fróðir menn segja myndina hugsanlega meðal hans bestu og fullkomna blöndu óheftra efnistaka eins og sjá má í Jay and Silent Bob-myndunum og fullorðinslegrar nálgunar á samskipti kynjanna, eins og í Chasing Amy. Og svo er víst vísun í Star Wars, svo allir fái nú sitt. **- kbs**

# Sherlock Holmes verður hörkutól

„Ég er ekki kominn með neinn í hlutverk Watsons,“ sagði Guy Ritchie á heimsfrumsýningu RocknRolla, en á þar við næstu mynd sína um Sherlock Holmes. „Einhver sagði mér að ég væri kominn með Russell Crowe, en sá veit þá meira en ég. Mig grunar að það hafi ekki gerst og ég sé enn að leita að Watson.“

Robert Downey Jr. mun fara með hlutverk Holmes. „Hann er búinn að vera að æfa hvernig hann mun hljóma, hvernig hann mun líta út og hann er frekar spenntur,“ segir kona Roberts og framleiðandi myndarinnar, Susan.

Ritchie segir myndina leita í heim Sherlock Holmes-bókanna, en sagan sjálf er gerð sérstaklega fyrir myndina. „Við getum sagt það strax að Holmes mun vera alvöru hörkutól, eins og í gamla daga,“ segir Susan Downey. **- kbs**



**HÖRKUTÓLIÐ HOLMES** Robert Downey Jr. undirbýr sig undir hlutverk Sherlocks Holmes NORDICPHOTOS/GETTY






**MEÐ MILLINAFNIÐ HASAR** Jason Statham hefur stimplað sig inn sem hasarkóngur síðustu ára. Hann sést hér í Death Race.

# Hasarkóngur síðustu ára

**Jason Statham leikur aðalhlutverkið í Death Race sem frumsýnd verður hér á landi á morgun. Statham hefur á fáum árum gerst hasarkóngur kvikmyndanna og mætti líkja honum við Sylvester Stallone á sínu besta skeiði. En hver er þessi maður?**

Statham var einn helstu kafara Breta og lenti í tólfta sæti heimsmeistaramótsins 1992. Einnig starfaði hann sem fatamódel og sölumaður á svörtum markaði áður en hann gerðist leikari. Fyrsta hlutverk hans var í Lock, Stock and Two Smoking Barrels, 1998, en það fékk hann í gegnum fyrirsætustörf. Guy Ritchie var svo ánægður með okkar mann að hann ákvað að ráða Statham á ný í myndina Snatch.

Eftir það fór heldur betur að vænkast hagur Stathams og á eftir fylgdi hver myndin á fætur annarri. Má þar nefna The One, Mean Machine, Transporter-myndirnar tvær, The Italian Job (2003), London, Rogue Assassin, The Bank Job og nú síðast Death Race.

Statham er meira en lítið fyrir spennumyndir og er Death Race því alveg sniðin fyrir hann. „Í henni eru heitar gellur og strákar sem eru strákar. Hvað meira þarf maður?“ Hann segir einnig í viðtali um myndina að hann hafi alltaf dreymt um að verða áhættuleikari.

„Síðan ég var krakki hef ég verið að henda mér úr trjám og annað álíka klikkað. Svo datt ég inn í bardagaíþróttir, þannig að það geta gert þetta allt í bíómyndum er algjör draumur fyrir mig.“ Það er hugsanlega ástæðan fyrir því að hann sér um eiginlega öll sín áhættuatriði sjálfur.

Death Race er fullkomið tækifæri fyrir Statham til að hegða sér háskalega en engar brellur myndarinnar, sem gengur að mestu út á það að sprengja upp bíla á sem frumlegastan máta, eru tölvuteiknaðar.

Statham leikur Jensen Ames, ökuþór sem er læstur inni fyrir ógeðfelldan glæp sem hann framdi ekki. Í fangelsinu hefur nýr raunveruleikaþáttur slegið í gegn, Death Race. Reglurnar eru einfaldar. Það eru engar reglur. Annaðhvort vinnur þú kappaksturinn og öðlast frelsi, eða deyrð á hraðbrautinni. Myndin er frumsýnd á föstudaginn og er endurgerð Death Race 2000 frá 1975.

# Spennan á vel við Óskar

Nú styttist óðfluga í Reykjavík Rotterdam. Óskar Jónasson leikstjóri leggur nú lokahönd á myndina, sem frumsýna á 3. október.

„Barði Jóhannsson er að vinna í tónlist og verið er að leggja lokahönd á hljóð og svokallaða litaleiðréttingu,“ segir Óskar. Hann segist spenntur að koma myndinni til áhorfenda. „Þetta er búið að vera langur meðgöngutími.“

Tækifærissinnar virðast í fljótu bragði þema kvikmynda Óskars, en Reykjavík Rotterdam fjallar um öryggisvörð sem nýlega hefur hlotið dóm fyrir áfengissmygl. Eftir að hafa baslað við að halda fjölskyldu sinni á floti býðst honum tækifærið til að smygla einu sinni enn. Spurður út í þemað segir Óskar: „Er það ekki bara íslenska þjóðarsálin? Við erum tækifærissinnar, eins og efnahagsástandið hefur sýnt. Við erum svona fólk sem stundar fjárhættuspil með eigin tilveru.“

Tökur á myndinni tóku á. „Já, þær eru með því erfiðara sem ég hef lent í. Við þurftum að stilla okkur inn á vöruflutningaskip Eimskipafélagsins, sem var allt dálítið þungt í vöfum. En maður vissi það fyrir að skip eru stór og þung. En þetta er heimur sem mann langaði til að kryfja svolítið. Ekki bara sjómennskan heldur heimur vinnandi fólks, fólks sem vinnur erfiðisvinnu.“

Óskar hefur fært sig smám saman úr gríninu yfir í spennuna. „Ég hef aldrei ímyndað mér að ég væri sérhæfður sem gamanleikstjóri. Mér finnst spennan bara eiga mjög vel við mig.“ Má því búast við að hann haldi áfram á þeirri braut? „Já, en ég hef svo sem ekkert lagt línurnar í því,“ segir Óskar að lokum. **- kbs**



**ÓSKAR JÓNASSON** Leggur lokahönd á Reykjavík Rotterdam.




**HASAR OG DRAMA UM BORÐ** Plakat Reykjavík Rotterdam lofar góðu.


CHANEL
EXCEPTIONNEL
Mikil þykking. Falleg sveigja. Tilkomumikill að bera EXCEPTIONNEL maskarinn frá CHANEL
Verið velkomin í Lyf og Heilsu Kringlunni 4-6 september og uppgötvið nýja maskarann
EXCEPTIONNEL og haustlitina frá CHANEL. Gréta Boða verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.
Lyf&heilsa
Kringlunni
CHANEL
www.chanel.com

**> Konunglegt**

Prófaðu að bjóða upp á ekta gamaldags **Royal-búðing** á næstunni, þó ekki sé nema nostalgíunnar vegna. Ef þú ert alls ekki hrifin(n) af Royal-búðingi lengur má svo líka bara eiga pakkana upp á punt, enda eru þeir mikið augnayndi.




# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

# *Soðinn ísbjörn skrýtnasta máltíðin*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Tómata, banana, íkornafæðis ýmiss konar og hangikjötslæris.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Einu sinni var ég stödd í Santiago í Chile á afmælisdaginn minn og vinir mínir fóru með mig á huggulegan veitingastað sem framreiðir perúskan mat sem var stórfenglegur, svo sem ceviche sem er salat með hráum fiski sem hefur verið marineraður í límónusafa-kryddblöndu og fleira góðgæti. Svo finnst mér steikurnar í Argentínu mjög safaríkar. Franskar sítrónubökur eru líka æði og ítalskur ís.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Sellerí, það bragðast eins og ilmvatn í föstu formi. Svo er ég með heiftarlegt ofnæmi fyrir ávextinum chirimoya. Ég verð hundveik af honum.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Í Chile smyr fólk avókadó ofan á ristað brauð í morgunmat, það er óvenjulegt, gott og fallegt á litinn. Í Mexíkó er settur hrár, smátt saxaður laukur ofan í holuna þar sem steinninn á að vera og þá er kominn hressandi þriggja mínútna forréttur.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Heitt súkkulaði með rjóma í slagveðri – virkar best þegar maður kemur blautur og kaldur inn úr því í skammdeginu. Sniðugt trix frá Astekunum sem gaman er að prófa er að láta smá chiliduft í súkkulaðið.



**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Kaffi, appelsínur og epli. Tómatana geymi ég í eldhúsglugganum og bananana á eldhúsbekknum.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér matarkyns?** Ekkert, því eyðieyjan væri full af kókoshnetum, mangói, sverðfiskum og öpum – ég myndi samt leika við apana, ekki borða þá.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Soðinn ísbjörn og selur með sinnepi og frönskum á Grænlandi. Hollendingar setja sérstakt hvítt anísduft ofan á brauðið sitt, það er skrýtið og gott.

# Chili-súkkulaði

Súkkulaði og chili-pipar eru með eindæmum gott par. Prófaðu að bæta smá chili-pipar út í hefðbundna heita súkkulaðiköku, eins og þessa hér að neðan. Kökuna má auðvitað gera í einu stóru formi, en hér er hún sett í lítil eftirréttaform, svo að hver gestur fái köku á stærð við munnbita á diskinn sinn.

200 g smjör
200 g dökkt súkkulaði
250 g sykur
5 egg
Rúm msk. hveiti
1 ½ tsk. chili-duft

Bræðið smjörið og súkkulaðið saman í litlum potti. Færið yfir í skál og bætið sykrinum saman við. Hrærið með trésleif og leyfið blöndunni að kólna aðeins. Bætið þá eggjunum út í, einu í einu, og hrærið vel á eftir hverju eggi. Bætið rúmri msk. af hveiti og chili-dufti út í og blandið vel saman.

Hellið í lítil form og bakið í 10-12 mínútur. Kökurnar eiga að vera stökkar að ofan en enn mjúkar inní í. Kælið þar til hægt er að ná þeim úr formunum, kælið áfram á grind. Geymið í plastíláti í kæli, en takið kökurnar út klukkutíma áður en þær eru bornar fram.



**GÓÐ BLANDA** Chili-pipar og súkkulaði eiga afar vel saman. Súkkulaðikaka með chili-pipar á eflaust eftir að koma gestum á óvart. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sulta á salatið

Notaðu botnfyllina í sultukrukkunni til að búa til ljúffenga dressingu með salati. Þessi inniheldur meðal annars hindberjasultu, limesafa og hvítlauk.

¾ bolli limesafi
¾ bolli hindberjasulta, helst steinlaus
3 msk. jurtaolía
3 hvítlauksgeirar
¾ tsk salt
¾ tsk cayenne pipar

Hrærið saman limesafa, sultu, olíu, krömdum hvítlauksgeirum, salti og pipar í blandara þar til dressingin loðir vel saman. Kælið í tvo tíma í loftþéttu íláti. Hellið yfir salat að eigin smekk.



**HINDBERJA-DRESSING** Notið sultur til að búa til ljúffengar salatdressingar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hrifin af ítölskum mat

**Hönnuðurinn Elísabet Ásberg er hrifin af Ítalíu. Hún hélt á matreiðslunámskeið í Toskana síðasta vetur og eldar mikið af ítölskum mat heima við.**

„Það er eitthvað sem togar mig alltaf aftur þangað. Núna var ég bara að ferðast um Ítalíu en ég hef líka farið á listanámskeið í Flórens og matreiðslunámskeið í Toskana," segir Elísabet Ásberg hönnuður, sem hannar allt frá veggskúlptúrum til skartgripa á verkstæði sínu við Hverfisgötu.

„Ég og vinkona mín förum á helgarnámskeið í nóvember í fyrra. Við fundum það bara á netinu og ákváðum að drífa okkur. Það var haldið í litlum kastala í Toskana, þar sem við elduðum fullt af ítölskum mat og allir borðuðu saman," útskýrir Elísabet, sem segist mæla með slíkum námskeiðum.

„Þetta er eina matreiðslunámskeiðið sem ég hef farið á, en alls ekki það síðasta. Ég myndi meira að segja vilja fara aftur þangað. Við lærðum að gera ferskt pasta og búa allt til frá grunni, fórum út í jurtagarð og kynntumst jurtunum. Þetta var alveg frábært," segir Elísabet.

Í anda þess eldar Elísabet mikið af ítölskum mat heima við og hefur alveg lagt þurrkað pasta á hilluna. „Ég er bara í fersku pasta núna, því maður finnur sko algjörlega mun á því," segir hún.

Rétturinn hér að neðan er sköpunarverk Elísabetar. „Ég er að hugsa um að kalla hann Ástfanginn kjúkling – af pasta," segir hún og hlær.

Námskeiðið sem Elísabet fór á má kynna sér á síðunni www.cookingintuscany.net og hönnun Elísabetar má sjá á asberg-design.com.



**ÍTALSKT Í UPPÁHALDI** Elísabet Ásberg er hrifin af Ítalíu og er nýsnúin heim úr fríi þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÁSTFANGINN KJÚKLINGUR**
3 kjúklingabringur
1 poki ferskt tagliatelle pasta
Parmesanostur
Smjörklípa
Marínering:
3 hvítlauksgeirar
200g sólþurrkaðir tómatar
Olía úr einni krukku af sólþurrkuðum tómötum
½ lúka af klettasalati
Salt
Pipar



**ÁSTFANGINN KJÚKLINGUR** Kjúklingur, hvítlaukur, sólþurrkaðir tómatar og ferskt pasta eru á meðal innihalds í ítölskum rétti Elísabetar.

**Aðferð:**
Innihald í maríneringu skorið smátt og bringurnar látnar marínerast í tvo tíma. Þær eru þá bakaðar í ofni í eldföstu móti.

Á meðan er maríneringin hituð á pönnu og smjörklípu bætt út í. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn er svolitlu af vökvanum sem af honum kom bætt út í maríneringuna.

Pastað sett á disk, kjúklingurinn í miðjuna og maríneringu hellt yfir. Rífið parmesanost yfir og berið fram.

sunna@frettabladid.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Grænmeti og gulrótarrjómi

Súpur eru alltaf vinsælar þegar kólna fer í veðri. Á Kaffi Hljómalind er iðulega borin fram holl og góð súpa dagsins, en þar er lögð áhersla á lífrænar afurðir.

„Við erum með alls konar súpur, frá einföldum upp í aðeins flóknari," segir Hiroko Ara, kokkur á Hljómalind. Hún gefur hér uppskrift að gómsætri grænmetissúpu með gulrótarrjóma.

**KJÚKLINGABAUNA- OG GRÆNMETISSÚPA MEÐ GULRÓTARRJÓMA**
2-3 sellerístilkar
1 gulrót
1 sæt kartafla
1 paprika
1 msk. ólívuolía
Smá salt
1 bolli kjúklingabaunir í eldunarvatni
Steinselja
Gulrótarrjómi:
300 g gulrætur
1 dós kókosmjólk
Karríduft eftir smekk
Salt og pipar
1 msk. sojasósa

Skerið sellerí, gulrót, kartöflu og papriku í 2-3 cm bita. Steikið í ólívuolíu í nokkrar mín. Saltið, lækkið hita og setjið lok á pottinn. Hrærið af og til.

Gulrótarrjómi: skerið gulrætur í 2 cm bita, steikið í ólívuolíu. Þekið með vatni og bætið salti út í, látið malla þar til mjúkt. Maukið gulræturnar í matvinnsluvél, bætið kókosmjólk og kryddi út í. Hitið á lágum hita.

Bætið soðnum kjúklingabaunum og vatninu af þeim út í grænmetið, ásamt gulrótarrjómanum. Bætið vatni út í ef þarf.

Smakkið til með salti og pipar og eldið áfram í nokkrar mínútur. Berið fram með saxaðri steinselju.



**FJÖLBREYTTAR SÚPUR** Hiroko Ara, kokkur á Kaffi Hljómalind, eldar gómsætar súpur fyrir gesti kaffihússins á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# MARBERT






SaveOurSkin

## SaveOurSkin

Vara sem þú verður að eiga.
Minnstu óþægindi í húðinni verða strax betri.
Húðin verður mjúk og flauelskennd.

**Undrakrem**
Þegar mikil erting er í húðinni, óþægindi eða kláði og þörf er á betri líðan, berið þá Marbert **SaveOurSkin multi-purpose balm** beint á húðina og nuddið lítillega.

**Varasalvi**
Varasalvinn linar þjáningar varanna strax og gefur þeim vörn.

**Handáburður**
Frábær handáburður sem mýkir og gefur raka. Við notkun myndast filma sem ver hendurnar fyrir sólarljósi og mengun einnig minnkar hann bólgur, ertingu og viðheldur raka.

**Immune** styrkir líffræðikerfi frumanna, það örvar náttúrulegt varnar- og endurnýjunarkerfi þeirra og eykur virkni dagkremsins.

**Notkun:** Notið eftir hreinsun og á undan dag- og næturkreminu.

**Árangur**
*Eftir stutta notkun:*
- Endurbót á varnarkerfi frumuvefsins (DNA protection)
- Minnkun eiturefna í frumuvefnum
- Meiri húðljómi

*Eftir langtíma notkun:*
- Hin daglega húðmeðferð skilar meiri árangri
- Húðin verður mýkri og stinnari.




## Kynning í verslunum Hagkaups

Holtagörðum, Kringlu, Smáralind, Skeifunni, Spöng, Njarðvík og Akureyri

**dagana 4.-10. september**

**15% afsláttur verður á vörum frá Marbert meðan á kynningunni stendur.**

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> ÓLÉTT EVA?

Eva Longoria hefur ekki farið leynt með það að hana og eiginmanninn Tony Parker langi til að eignast barn. Á síðustu vikum hefur hún svo þótt bæta dálítið utan á sig og ítrekað sést í víðum fötum, sem hefur gefið orðrómi um að þeim verði brátt að ósk sinni byr undir báða vængi.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Shepard líka hjá Sigurjóni Sighvats

Halda mætti að íslenskir kvikmyndagerðarmenn væru sérstaklega heitir fyrir kappanum Sam Shepard. Athygli vekur að leikarinn, leikstjórinn og leikskáldið leikur bæði í mynd Baltasar Kormáks, Run for Her Life, og nýjasta framleiðsluverkefni Sigurjóns Sighvatssonar, Brothers.

Engin bein tenging er aftur á móti á milli myndanna tveggja en benda má á, mönnum til skemmtunar, að Sigurjón framleiddi A Little Trip to Heaven, mynd Baltasars frá 2005. Þá má geta þess að handrit Fool for Love, sýningarinnar sem margtilnefnd var til Grímunnar í ár, er eftir Shepard.

Brothers á að koma út í byrjun desember og er byggð á myndinni Brödre eftir Susanne Bier frá 2004. Þar segir frá samskiptum bræðra eftir að annar þeirra er sendur til Afghanistan og hinn verður eftir til að sjá um konu hans og börn. Myndin er stjörnum prýdd en Jake Gyllenhaal, Natalie Portman og Tobey Maguire fara með aðalhlutverk. Ekki er tekið fram hvaða rullu Shepard fer með á imdb síðu Brothers. Run for Her Life er í vinnslu, en Baltasar og Elísabet Ronaldsdóttir vinna hörðum höndum að klippingu myndarinnar, sem áætlað er að komi út snemma árs 2009. - kbs



**HEITUR** Íslenskir kvikmyndagerðarmenn flykkjast um Sam Shepard. NORDICPHOTOS/GETTY



**AFTUR ÚT** Mugison fær ekki langa hvíld á klakanum, en hann spilar á Popkomm.

## Íslendingar á Popkomm

Mugison, Seabear og Borko munu koma fram á hinni virtu Popkomm í Þýskalandi. Popkomm er orðin ein af aðalsýningarhátíðum tónlistargeirans og koma um 400 listamenn fram á 25 tónleikastöðum í Berlín.

Það eru Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, Toutpartout umboðsskrifstofa, útgáfufyrirtækið Cargo og Morr Music sem sjá um kynningu listamannanna á hátíðinni, sem stendur frá 8. til 10. október. - kbs

## Airwaves-miðar eftir helgi

**Miðasala á tónlistarhátíðina Iceland Airwaves 2008 hefst hérlendis á mánudag. Airwaves er nú haldin í tíunda skipti og fer hátíðin fram dagana 15.-19. október. Eins og síðustu ár er hún haldin í miðborg Reykjavíkur og fer þungamiðja dagskrárinnar fram á Nasa, Listasafni Reykjavíkur, Organ og Tunglinu.**

Á meðal hljómsveita sem hafa boðað komu sína eru Vampire Weekend, CSS, Familjen, Boys in a Band, Young Knives, Hjaltalín, Megas og Senuþjófarnir og Sprengjuhöllin. Miðasalan hefst klukkan 10 og fást miðar á midi.is, í Skífunni og BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Miðaverð er 8.900 krónur.

# Kvenleg snið í Hong Kong

**Tískuviðburðinum Mastercard Luxury Week í Hong Kong er nú lokið, en þar sýndu margir helstu hönnuðir heims línur sínar fyrir komandi haust og vetur fyrir tískuþyrsta Asíubúa. Kvenleg snið, pífur og blúndur sáust á mörgum pöllum og því augljóst að veturinn verður dömulegur.**



Diane Von Furstenberg leggur alltaf áherslu á kvenleika. Hún er hrifin af beltum yfir vesti, peysur og jakka.



Karlmannlegar, víðar buxur hjá Diane Von Furstenberg verða fínlegri með gegnsærri skyrtu, skreyttri slaufu.



Fallega sniðinn kjóll með kvenlegri, hálfri slá yfir öxlina frá BCBGMaxazria.



Hvítur, hlýr kjóll frá BCBGMaxazria með hinu skyldubundna belti í mittinu. NORDICPHOTOS/GETTY



Þótt sniðin séu karlmannleg gera flauel og silki allan klæðnað mýkri og kvenlegri, eins og þann sem Escada sýndi.



Fíngerður pífukragi setur mikinn svip á klæðnaðinn hjá Sportmax.



**ALL IS FULL OF LOVE** Myndband Chris Cunningham við lag Bjarkar, All Is Full of Love, þykir eitt það besta sem gert hefur verið.

## Myndband Bjarkar í efsta sæti

Myndband Chris Cunningham við lag Bjarkar Guðmundsdóttur, All Is Full of Love, hefur fengið flest atkvæði í vinsældakosningu á heimasíðu MTV-stöðvarinnar um besta myndband allra tíma. Í næstu sætum á eftir eru Thriller með Michael Jackson og Take on Me með norsku sveitinni A-ha.

Í fjórða sæti er myndbandið við lag Sigur Rósar, Svefn G-englar, og þar á eftir kemur Smells Like Teen Spirit með Nirvana, Like a Prayer með Madonnu og Virtual Insanity með Jamiroquai.

Myndbandið við All Is Full of Love vann á sínum tíma MTV-verðlaunin auk þess sem það var tilnefnd til Grammy-verðlaunanna. Leikstjórinn Cunningham er líklega þekktastur fyrir myndband sitt við lag Aphex Twin, Come to Daddy, sem vakti mikinn óhug hjá viðkvæmum sálum.

Alls voru þrjátíu myndbönd tilnefnd fyrir kosningu MTV, sem stendur yfir til 14. september. Áhugasamir geta tekið þátt á heimasíðu MTV í Bretlandi, mtv.co.uk. Tilkynnt verður um besta myndbandið 21. september. - fb







**CHRIS MARTIN** Martin og félagar í Coldplay eru tilnefndir til fernra Q-verðlauna.

# Með fjórar tilnefningar

Hljómsveitin Coldplay hefur fengið fjórar tilnefningar til bresku Q-tónlistarverðlaunanna. Meðal annars er hún tilnefnd fyrir bestu plötuna, Viva La Vida or Death and All His Friends.

Hljómsveitirnar Vampire Weekend og The Ting Tings hlutu þrjár tilnefningar hvor en Kings of Leon, Nick Cave and the Bad Seeds og The Last Shadow Puppets hlutu tvær hver. Allar hljómsveitirnar voru tilnefndar fyrir plötu ársins, ásamt fyrstu plötu hinnar bandarísku Fleet Foxes. Verðlaunaathöfnin verður haldin sjötta október í London.



**SPORE** Tölvuleikurinn Spore er hannaður af sama manni og sendi frá sér Sims-leikina.

# Spore kemur út fyrir PC

**Tölvuleikurinn Spore kemur út hérlendis í dag. Höfundur leikjarins, sem hefur verið átta ár í framleiðslu, er Will Wright sem gerði einnig Sims-leikina vinsælu.**

**Spore telst vera einn fullkomnasti leikurinn sem hefur komið út fyrir PC-leikjatölvur. Leikmenn upplifa stórbrotna ferð sem hefst við upphaf lífsins og endar með heimsyfirráðum. Allt þetta er gert á sama hátt og í Sims-leikjunum, en leikurinn notar sama stjórnkerfi og aðdáendur Sims-leikjanna þekkja. Leikurinn hefur hlotið frábæra dóma og gefur tímaritið PC Gamer honum 91% í einkunn.**










| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| GET SMART | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8:30 - 10:20 | 12 |
| STAR WARS | kl. 5:50 | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | | |
| DARK KNIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| STAR WARS | kl. 5:50D | L |
| GET SMART | kl. 10:10 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| MAMMA MÍA Síð. sýn. | kl. 8 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 10:10 | 12 |
| X-FILES 2 | kl. 10:10 | 16 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| GET SMART | kl. 8 | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 - 10 | L |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TROPIC THUNDER LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 - 8 - 10.10 | L |
| THE ROCKER | kl. 5.40 - 10.20 | 7 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5.45 – 8 – 10.15 | L |
| THE ROCKER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAKE IT HAPPEN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| X - FILES | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.20 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE ROCKER | kl. 10.10 | 7 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 16 |
| GET SMART | kl. 5.40, 8 og 10.15 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 9 | L |


# Megas punktur is

Vinsældir Megasar eru nú um stundir í hæstu hæðum. Tökulagaplatan hans Á morgun rýkur úr búðunum og hefur selst hraðast af öllum plötum meistarans. Megas hefur hingað til verið fjarri góðu gamni á internetinu en nú á að bæta úr því á léninu **Megas.is**. Heimasíða Megasar opnar á næstu vikum og verður safarík og full af efni, enda af nægu að taka frá löngum ferli. Meðal þeirra fídusa sem boðið verður upp á er „kjaftasöguhornið“, þar sem gestir geta sett inn sínar eigin kjaftasögur af Megasi – því meira krassandi, því betra. Um fáa hafa verið sagðar jafn margar kjaftasögur um árin svo það verður spennandi að sjá hvaða æsilegu sögur gestir setja inn.

Megas og Senuþjófarnir kynna plötuna Á morgun á morgun á Nasa. Þetta er í fyrsta skipti síðan í desember sem hópurinn leikur í höfuðborginni. Aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 krónur og húsið opnar kl. 21.00. Miðar eru seldir á miði.is og í lúgunni.

**- glh**



**MEGAS – EKKI DAUÐUR!** Þegar þessi mynd birtist í Vísi 1978 hélt þorri landsmanna að Megas væri kominn yfir móðuna miklu. Þessi og aðrar kjaftasögur af meistaranum fá að blómstra á heimasíðunni megas.is sem opnar fljótlega.

# Endaði í súrrealískri martröð

Ultra mega technobandið Stefán ferðast með Sirkusi AgorA, en eins og frést hefur féll ein sýningarstúlkan þeirra á mánudaginn.

„Við vorum baksviðs þegar þetta gerðist.“ segir Sigurður Ásgeir Árnason, söngvari UMTBS. Hann segir þá ekki hafa vitað hvað gerðist fyrr en sjúkrabílarnir komu. „Mér fannst dálítið magnað að rétt eftir að hún var tekin út komu trúðarnir inn og héldu áfram að sýna. Eftir sýninguna fer ég að sirkustjóranum og spyr hvort þau ætli að sýna aftur í kvöld og hann segir já. Þetta sé bara venjulegt líf í sirkusnum. Við erum að upplifa einhvern skemmtanabransa sem er, liggur við, upp á líf og dauða,“ segir Sigurður.



**BRÁKAÐIST Á PUTTA** UMTBS sér ekki eftir því að hafa slegist í förm með Sirkus AgorA, þrátt fyrir hamfarir.

Fleira gekk á á sýningunni. „Trommuleikarinn okkar brákaðist á putta rétt á eftir þannig að við urðum að sleppa tveimur tónleikum á Sauðárkróki og í Borgarnesi. Eitthvað sem byrjaði sem eitthvert grín, einhver barnaskemmtun, endaði í súrrealískri martröð sem er það sem við erum að reyna að skapa á þessari plötu.“

Plata UMTBS, Circus, kom út í fyrsta september, en efni af plötunni var afhjúpað á forsíðu myspace fyrir skömmu. „Við höfum fengið heimsathygli tvisvar sinnum á tveimur mánuðum. Þannig að ég trúi ekki öðru en þrátt fyrir þessar hamfarir og slys sé bjartur vegur framundan,“ segir Sigurður.

Bandið slæst aftur í för með sirkusnum í Keflavík í kvöld, en sýningar og tónleikar eru fyrirhuguð í Keflavík, 4. 5. og 6. september, í Smáralind 7. til 10. september og á Selfossi 11. september. Miðasala er á midi.is

**- kbs**




# Einhverjir virðast hafa saknað okkar

**Breska hljómsveitin Tindersticks heldur tónleika á Nasa 11. september næstkomandi Af því tilefni sló Trausti Júlíusson á þráðinn til söngvarans Stuart Staples sem var staddur á heimili sínu í Limousin í Frakklandi.**

Hljómsveitin Tindersticks var stofnuð árið 1992 í Nottingham í Englandi. Hún vakti snemma athygli og var fyrsta platan hennar Tindersticks sem kom út 1993 meðal annars valin plata ársins af blaðamönnum Melody Maker og Nick Cave bauð Tindersticks á tónleikaferð með sér. Næstu plötur þóttu sömuleiðis frábærar. Árið 2003 dró sveitin sig hins vegar í hlé og Stuart Staples einbeitti sér að sólóferli, en svo komu Tindersticks mörgum að óvörum með nýja plötu í vor. Ég spurði Stuart fyrst út í þessa endurkomu:



**STUART STAPLES** Söngvari Tindersticks er spenntur fyrir því að koma til Íslands.

„Þegar við ákváðum að hætta 2003 þá var það augljóst að við þurftum að taka okkur hlé. Ég var með tvær litlar hugmyndir sem mig langaði að framkvæma og þær urðu að þessum tveimur sólóplötum. Lucky Dog Recordings var litla tilraunakennda platan og Leavings Songs var „singer-songwriter" platan. Ég var eiginlega búinn að klára þann pakka með þeim og það var ekkert sérstakt fram undan. Við ákváðum að prófa að búa til tónlist saman aftur, en það var aldrei sest niður og sagt: Nú endurvekjum við sveitina. Þetta gerðist í litlum skrefum, en það gerðist frekar hratt."

*Nýja platan ykkar, The Hungry Saw, kom út í apríl lok. Var auðvelt að gera hana?*

„Ég held að það eigi aldrei að vera auðvelt að búa til plötu, en það var gott flæði í gangi. Við ákváðum líka að við ætluðum ekki að streða við hana og þetta gekk mjög vel. Hljóðritunin sjálf tók ekki nema átta daga, ef hún hefði tekið lengri tíma þá hefði verið eitthvað að."

### Áhrifamikil sveit

Tindersticks vakti á sínum tíma athygli fyrir dálæti sitt á gamaldags upptökuaðferðum og óvenjulegri hljóðfæraskipan. Sveitin notaði til dæmis fiðlu, klukkuspil, víbrafón og blásturshljóðfæri eins og fagott og klarinett. Í dag eru þessi sömu hljóðfæri vinsæl meðal ungra tónlistarmanna og margir þeirra velja líka að taka upp með gömlu aðferðinni. Ég spyr Stuart hvort þetta sé ekki sönnun þess að Tindersticks hafi haft umtalsverð áhrif. Hann hlær við:

„Ég veit það ekki. Ég eyði nú ekki tíma mínum í að velta því fyrir mér, en það er rétt að tónlistin hefur verið að breytast og sérstaklega yngri tónlistarmenn hafa verið að þróast frá því að nota tölvur sem er gott mál. Við höfum alltaf trúað á snertinguna við alvöru hljóðfæri og ef við eigum einhvern örlítinn þátt í þessari þróun þá fagna ég því."

*Það eru fimmtán ár síðan fyrsta Tindersticks-platan kom út. Á þeim tíma hefur plötuútgáfubransinn breyst mikið. Hvað finnst þér um stöðuna í dag. Notar þú sjálfur MP3-skrár mikið þegar þú hlustar á tónlist?*

„Ég reyni að ná í plötur á vínyl ef það er möguleiki, en ég er líka hrifinn af MP3 til dæmis ef ég er í bílnum eða eldhúsinu. Það góða við þetta er þetta aukna aðgengi að tónlist. Það er stórkostlegt. Vandamálið er að tónlistarmenn fá ekki greitt fyrir vinnu sína. Aðaláskorunin í dag er að finna leið til þess þar sem það eru áhugaverðustu tónlistarmennirnir sem selja ekki glás af plötum sem verða helst fyrir barðinu á niðurhali."

### Lög frá öllum ferlinum

*Er þá kannski mikilvægara að spila á tónleikum nú en áður?*

„Við höfum alltaf verið stór hljómsveit og erum enn stærri í dag en áður þannig að hjá okkur er þetta bara spurning um hvað við höfum efni á að hafa marga með á sviðinu. En það hefur alltaf verið mjög mikilvægt fyrir okkur að spila á tónleikum."

Í framhaldinu spyr ég hann hvað það verði margir á sviðinu á Nasa. Hann segir mér að það verði sjö eða átta og að sveitin muni spila efni frá öllum ferlinum. Ég spyr hann hvernig tónleikaferðin hafi gengið það sem af er:

„Þegar við byrjuðum árið höfðum við ekki spilað neitt í fimm ár þannig að við vissum ekki hvort fólk mundi yfirleitt koma á tónleikana okkar. Það hefur hins vegar gengið frábærlega hingað til og móttökurnar hafa virkilega komið okkur á óvart. Það er engu líkara en að einhverjir hafi saknað okkar!"

*Ég segi honum að það sé nú ekki spurning og spyr hann að lokum hvernig honum lítist á að vera að koma til Íslands?*

„Jú, þetta er í fyrsta skipti og við erum mjög spenntir. Fyrir okkur sem búum í Evrópu hefur Ísland yfir sér leyndardómsfullan blæ og það verður gaman að upplifa það í raun og veru og bera saman við hugmyndirnar sem maður hefur."



**TINDERSTICKS** Ætla að spila öll sín þekktustu lög á Nasa 11. september.
LJÓSMYND/RICHARD DUMAS

**PLÖTULISTI**

Tindersticks 1 (1993)
Tindersticks 2 (1995)
Curtains (1997)
Simple Pleasures (1999)
Can Our Love... (2001)
Waiting for the Moon (2003)
The Hungry Saw (2008)



## > Árni samdi við Akureyri

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var handknattleikskappinn Árni Þór Sigtryggsson við það að semja við handboltalið Akureyrar þrátt fyrir mikinn áhuga félaga sunnan heiða. Það gekk eftir því á þriðjudagskvöldið skrifaði Árni Þór undir eins árs samning við Akureyrarliðið. Norðanmenn eru ekki hættir þar og ku vera von á útlendingi í herbúðir félagsins á næstu dögum. Ranghermt var í fréttinni í gær að Árni væri í skóla fyrir norðan en hann nemur nám í verkfræði í Reykjavík og verður því væntanlega á miklum þeytingi í vetur.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR INGI SKÚLASON:** MEIDDIST ILLA Á HNÉ Í LEIK MEÐ HELSINGBORG OG VERÐUR FRÁ KEPPNI Í NOKKURN TÍMA

# *Ætla að koma sterkari til baka úr meiðslunum*



Landsliðsmaðurinn Ólafur Ingi Skúlason varð að draga sig út úr íslenska landsliðshópunum sem mætir Noregi og Skotlandi í undankeppni HM 2010 vegna meiðsla sem hann hlaut í leik með liði sínu Helsingborg gegn Hammarby í sænsku úrvalsdeildinni. Talið er að krossband í hægra hné sé slitið en það liggur ekki endanlega fyrir að svo stöddu. Ólafur Ingi fór í röntgenmyndatöku á hnénu í gær og á von á því að fá allt á hreint á morgun, föstudag.

„Í þeim skoðunum sem ég er búinn að ganga í gegnum þá lítur þetta ekkert allt of vel út. Maður er eiginlega bara að búa sig undir það versta, að um slitið krossband sé að ræða," segir Ólafur Ingi.

Ólafur Ingi var nýkominn úr meiðslum á sama hnénu, en í apríl tognaði innra liðband og það kom rifa í krossbandið og hann var frá keppni í þrjá mánuði eftir það. Hann var því aðeins nýbyrjaður að spila aftur með Helsingborg þegar hann varð fyrir því óláni að meiðast á ný.

„Þetta er akkúrat það sem maður þurfti ekki á að halda. Það var allt að ganga upp hjá mér eftir að ég komst aftur á ról, ég spilaði vel og var kominn aftur í landsliðshópinn. En það er aldrei hægt að reikna með einhverju sem þessu," segir Ólafur Ingi.

Ólafur Ingi hefur verið einstaklega óheppinn með meiðsli, því þegar hann meiðist þá virðist það alltaf vera alvarlega meiðsli.

„Ég sleit krossband í vinstra hnénu fyrir þremur árum síðan þegar ég var að spila með Brentford á Englandi og það virðist bara vera þannig að þegar ég meiðist ,þá er það eitthvað alvarlegt. Ég hef lítið sem ekkert verið að eiga við minni máttar meiðsli á mínum ferli," segir Ólafur Ingi.

Ólafur Ingi ætlar að kíkja í stutta heimsókn með fjölskyldu sinni til Íslands áður en endurhæfingin hefst að fullu ytra en hann lætur meiðslin ekkert slá sig út af laginu.

„Það er ekkert annað sem kemur til greina en að koma sterkari til baka," segir Ólafur Ingi.



**NÁLÆGT ÞRENNUNNI** Nate Brown var með 17,9 stig, 7,3 fráköst og 7,7 stoðsendingar í leik á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nate Brown til Snæfells:

## Er í fyrsta sinn með frá byrjun

**KÖRFUBOLTI** Snæfell hefur ráðið til sín bandaríska leikstjórnandann Nate Brown sem hefur leikið hér á fjórum tímabilum undanfarin fimm ár.

Nate Brown kom fyrst til Þórs Þorlákshafnar í ársbyrjun 2004 en hefur síðan spilað með Snæfelli og svo síðustu tvö tímabil með ÍR.

Það merkilega við feril hans á Íslandi er að þetta verður í fyrsta sinn sem hann byrjar tímabil en í öll fyrri skiptin hefur hann komið þegar lið hefur skipt um Bandaríkjamann. Nate Brown hefur alls leikið 60 leiki í úrvalsdeild karla og er hann með 18,9 stig, 6,5 fráköst og 6,8 stoðsendingar að meðaltali í þeim.

Nate setti meðal annars met í úrslitakeppninni í fyrra þegar hann gaf 18 stoðsendingar í leik á móti verðandi meisturum í Keflavík en hann var bæði efstur í stoðsendingum og stolnum boltum í deildarkeppninni. - óój

# Meistaraskiptingar hjá Kristjáni

**Varamenn Keflavíkur hafa skorað ellefu mörk í Landsbankadeild karla og innkoma varamanna liðsins hefur oft ráðið úrslitum og tryggt liðinu dýrmæt stig í baráttunni við FH um Íslandsmeistaratitilinn.**

**FÓTBOLTI** Keflavík situr á toppi Landsbankadeildar karla með 40 stig og 46 mörk skoruð. Þetta er fimm stigum og átta mörkum meira en lið FH sem er í öðru sæti en á reyndar einn leik til góða. Varamenn Keflavíkur hafa skorað 11 af þessum 46 mörkum og eiga mikinn þátt í að liðið landaði að minnsta kosti 19 af þessum 40 stigum sínum. Það má því segja að meistaraskiptingar þjálfarans Kristjáns Guðmundssonar eigi mjög mikið í því að Keflavík situr í efsta sæti deildarinnar og að félagið eigi nú frábæra möguleika á að enda 35 ára bið eftir Íslandsbikarnum.

Varmenn Keflavíkur eru í nokkrum sérflokki hvað varðar markaskorun í Landsbankadeild karla í sumar því 11 mörk varamanna Keflavíkur eru meira en tvöfalt meira en varamenn FH hafa skorað en þeir koma næstir á listanum. Varamenn Keflavíkur hafa einnig skorað átta mörkum meira en varamenn mótherja liðsins og tróna þar einnig langefstir. Það er nærtækt að segja að Keflavíkurliðið sé farið að treysta á góða innkomu manna af bekknum því varamenn Keflavíkur hafa nú skorað í síðustu fimm leikjum liðsins.

Það hafa einkum verið þeir Magnús Þorsteinsson, Þórarinn Kristjánsson og Jón Gunnar Eysteinsson sem hafa komið sterkir inn af bekknum í sumar en byrjunarliðsmennirnir Patrik Redo og Hörður Sveinsson hafa einnig skorað eftir að hafa komið inn á sem varamenn.

Af nógu er að taka þegar skoðaðir eru leikir Keflvíkinga í sumar þar sem innkoma varamanna hefur breytt gangi leikja.

Jón Gunnar Eysteinsson kom inn á sem varamaður í stöðunni 0-1 fyrir HK á Kópavogsvellinum í 3. umferð 19. maí. Jón Gunnar jafnaði leikinn á 80. mínútu og þremur mínútum síðar skoraði Patrik Redo sigurmarkið.

Magnús Þorsteinsson kom inn á sem varamaður í stöðunni 0-0 á móti FH á Keflavíkurvelli í 10. umferð 6. júlí. Magnús skoraði síðan sigurmark leiksins á 2. mínútu í uppbótartíma og tryggði Keflavík afar dýrmæt stig í toppslagnum.



**MEISTARAÞJÁLFARI** Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÞRJÚ MÖRK** Magnús Þorsteinsson hefur átt flottar innkomur í sumar og kom að tveimur mörkum í síðasta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**TVÖ MÖRK** Jón Gunnar Eysteinsson hefur breytt miklu í síðustu tveimur leikjum eftir að hafa komið inn á af bekknum. VÍKURFRÉTTIR

Þórarinn Kristjánsson kom inn á sem varamaður í stöðunni 0-0 á móti Fram á Laugardalsvellinum í 11. umferð. Þórarinn fékk aukaspyrnu sem hann skoraði sjálfur úr á 93. mínútu og innsiglaði síðan sigurinn með öðru marki á lokamínútu leiksins.

Hörður Sveinsson kom inn á sem varamaður á móti HK á Keflavíkurvelli í 14. umferð 6. ágúst. Hörður skoraði síðan sigurmark leiksins í uppbótartíma eftir stoðsendingu frá Patrik Redo sem hafði einnig komið inn á sem varamaður.

Patrik Redo kom inn á sem varamaður á móti ÍA á Akranesvelli í 15. umferð 11. ágúst. Redo gerði síðan út um leikinn með því að skora tvö mörk á síðustu fjórtán mínútunum inni á milli stórsókna Skagamanna.

Jón Gunnar Eysteinsson kom inn á sem varamaður í stöðunni 0-1 fyrir KR á KR-velli í 17. umferð 24. ágúst. Tveimur mínútum síðar jafnaði Guðmundur Steinarsson metin og Jón Gunnar kom síðan Keflavík í 2-1 eftir aðrar þrjár mínútur. KR náði reyndar að jafna leikinn og tryggja sér eitt stig í uppbótartíma.

Jón Gunnar Eysteinsson átti aðra góða innkomu í síðasta leik ásamt Magnúsi Þorsteinssyni. Jón Gunnar kom þá inn á 57. mínútu í stöðunni 0-0 á móti Grindavík á Keflavíkurvelli. Jón lagði upp fyrsta markið fyrir Jóhann Birni Guðmundsson átta mínútum síðar og Magnús Þorsteinsson kom síðan inn á á 73. mínútu og skoraði mark og lagði upp annað áður en leiknum lauk.

Það er þó ekki eins og byrjunarliðsmennirnir séu ekki að standa sig því í Keflavíkurliðinu er markahæsti leikmaður Landsbankadeildar karla, Guðmundur Steinarsson, sem hefur skorað fjórtán mörk í deildinni í sumar.
ooj@frettabladid.is



**BJARGVÆTTURINN** Þórarinn Kristjánsson hefur skorað þrisvar í sumar eftir að hafa komið af bekknum. VÍKURFRÉTTIR

### MÖRK VARAMANNA:

| | |
|---|---|
| Keflavík | 11 |
| FH | 5 |
| Fylkir | 4 |
| Þróttur | 4 |
| Breiðablik | 4 |
| KR | 3 |
| Fjölnir | 3 |
| Valur | 2 |
| HK | 2 |
| Grindavík | 1 |
| Fram og ÍA | 0 |

### FLEST MÖRK VARAMANNA

| | |
|---|---|
| Magnús Þorsteinsson, Keflavík | 3 |
| Þórarinn Kristjánsson, Keflavík | 3 |
| Jóhann Þórhallsson, Fylki | 3 |
| Arnar Gunnlaugsson, FH | 3 |
| Magnús Már Lúðvíksson, Þrótti | 3 |
| Jón Gunnar Eysteinsson, Keflavík | 2 |
| Patrik Ted Redo, Keflavík | 2 |
| Pétur Georg Markan, Fjölni | 2 |
| Magnús Páll Gunnarsson, Breiðabl. | 2 |

**16 leikmenn hafa skorað 1 mark**

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

SPARISJÓÐURINN
Aðal styrktaraðili Reykjanes maraþon
REYKJANES MARAÞON
REYKJANESBÆR
Kort af hlaupaleið er á hlaup.is
6. september
á Ljósanótt í Reykjanesbæ
Flögu tímataka
Skráning er hafin í Lífsstíl s: 420 7001
Hálfmaraþon (ræsing kl. 10:30)
10 km hlaup (ræsing kl. 11:15)
3,5 km skemmtiskokk (ræsing kl. 11:20)
Verðlauna afhending kl. ca. 13:00
Úrdráttar verðlaun m.a. utanlandsferð fyrir tvo með Icelandair

Alan Curbishley hætti hjá West Ham í gær og leit að eftirmanni er þegar hafin:

# Bilic efstur hjá veðbönkum

**FÓTBOLTI** Knattspyrnustjórinn Alan Curbishley sagði í gær starfi sínu lausu hjá enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham en Björgólfur Guðmundsson, eigandi félagsins, samþykkti að leysa hann undan samningi.



**HÆTTUR** Curbishley var ekki sáttur með vinnuumhverfi sitt hjá West Ham og sagði því af sér. NORDIC PHOTOS/GETTY

Salan á vinstri bakverðinum George McCartney til Sunderland á lokadegi félagsskiptagluggans mun hafa fyllt mælinn. En nokkrum dögum áður var miðvörðurinn Anton Ferdinand einnig seldur til Sunderland gegn vilja Curbishley.

„Ákvarðanir varðandi leikmannamál voru teknar án þess að ég fengi neitt um þær að segja og það eru ekki vinnubrögð sem ég samþykkti þegar ég skrifaði undir hjá West Ham. Það er algjört lykilatriði að ég, sem knattspyrnustjóri, stjórni hvaða leikmenn spili fyrir liðið," sagði Curbishley í yfirlýsingu.

Slaven Bilic, landsliðsþjálfari Króatíu og fyrrverandi leikmaður West Ham, er efstur á blaði hjá veðbönkum sem líklegur arftaki Curbishley, en þar eru Harry Redknapp og Stuart Pearc einnig nefndir til sögunnar. Kevin Keen, varaliðsþjálfari West Ham, stýrir nú aðalliðinu tímabundið. - óþ






# HÉR ER ÉG

# NIKE STELPUDAGAR

## Í ÚTILÍF

## 4. -7. september

## 20% afsláttur

af öllum nýjum **Nike kvenfatnaði.**

Þjálfarar og ráðgjafar úr Heilsuakademíunni gefa þér góð ráð og aðstoða við kaupin.

Vikukort í Heilsuakademíunni fylgir með öllum Nike kvenfatnaði. Ekki missa af þessu einstaka tækifæri til að kynna þér það nýjasta frá einum vinsælasta íþróttavöru-framleiðanda heims og gera í leiðinni kjarakaup.

Kíktu á nýju línuna frá Nike í verslunum Útilífs.

**DAGSKRÁ Í OG FYRIR FRAMAN VERSLUN ÚTILÍFS Í SMÁRALIND**

**LAUGARDAGINN 6. SEPTEMBER**

13:00: Breakdance sýning
14:00: Pole Fitness kennsla
14:00-15:00: Frí fitumæling
14:00-16:00: Ráðgjöf um þjálfun og mataræði
15:00: Gymstick kynning

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**



ÚR SKUGGANUM Mike Phelan kemur í stað Carlos Queiros. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fergie finnur félaga:

## Phelan aðstoðar Ferguson

**FÓTBOLTI** Manchester United hefur ráðið Mike Phelan í starf aðstoðarknattspyrnustjóra félagsins. Phelan hefur verið þjálfari varaliðs félagsins síðan 2001 og tekur því rökrétt skref upp á við.

„Mick þekkir þetta félag inn og út eftir að hafa verið hér í um 20 ár,“ sagði Sir Alex Ferguson kátur en Hollendingurinn Rene Meulensteen tekur við starfi Phelans.

„Ég er mjög ánægður með að Mick og Rene hafi viljað taka þessi störf að sér. Mick er mjög hæfileikaríkur þjálfari og fagmaður í sínu starfi. Framlagi hans til félagsins hefur ekki alltaf verið haldið nógu hátt á lofti,“ sagði Ferguson. - hbg

Jóhann Árni Ólafsson:

## Sjóðandi heitur með Merlins

**KÖRFUBOLTI** Jóhann Árni Ólafsson sem nýverið samdi við þýska b-deildarliðið Proveo Merlins Crailsheim fór á kostum á dögunum í æfingaleik gegn þýska úrvalsdeildarliðinu USC Heidelberg.

Jóhann Árni var með 26 stig, 7 fráköst og 6 stoðsendingar í 80-6 sigri Merlins. Jóhann hóf leikinn með miklum látum og skoraði meðal annars þrjár þriggja stiga körfur og fjórtán stig alls strax í fyrsta leikhlutanum. Jóhann Árni hitti úr 5 af 6 þriggja stiga skotum sínum í leiknum.

Fyrsti deildarleikur liðsins verður á móti Franken Hexer 3. október. - óój

# Hafa metnað til þess að ná langt

**Kvennalið Vals spilar fyrsta leik sinn í Evrópuriðlinum í dag þegar liðið mætir velsku meisturunum í Cardiff. Allir þrír leikir riðilsins fara fram í Sala í Slóvakíu og á heitasta tíma dagsins, í hádeginu.**

**FÓTBOLTI** Það er ennþá eftir eitt íslenskt félagslið í Evrópukeppni þótt karlaliðin séu dottin úr keppni. Íslandsmeistarar Vals í Landsbankadeild kvenna eru komnar til Slóvakíu þar sem þær þurfa að vinna sinn riðil til þess að komast í næstu umferð.

Mótherjarnir eru ekki með þeim þekktustu í boltanum en þar eru á ferðinni meistararnir frá Slóvakíu, Wales og Ísrael. Slóvakía er 19 sætum neðar en Ísland á FIFA-listanum og Wales (52. sæti) og Ísrael (60. sæti) bæði langt á eftir en Elísabet Gunnarsdóttir, annar þjálfara Valsliðsins, segir liðið hafa ekki efni á einhverju vanmati.

„Við lítum á þetta þannig að þetta sé erfiður riðill því við þekkjum andstæðingana ekkert,“ segir Elísabet. „Við erum búin að sjá slóvakíska liðið á disk en ég veit ekkert um hin liðin. Það er bara eitt lið sem fer upp úr riðlinum þannig að það má ekkert klikka,“ segir Elísabet.

Allir mótherjar Valsliðsins tóku þátt í keppninni í fyrra og ísraelska liðið Maccabi Holon var það eina sem vann leik en Maccabi vann kýpversku meistarana 5-1 en tapaði síðan fyrir Sparta Prag frá Tékklandi og Clujana frá Rúmeníu. Gestgjafarnir í Slovan Sala tóku þátt í keppninni í fyrra og töpuðu þá öllum þremur leikjum sínum í undanriðlinum stórt. Cardiff City frá Wales tók þátt í keppninni í fyrra og tapaði þá öllum þremur leikjum sínum en engum þeirra stórt.

### Áhyggjur af hitanum

Leikirnir fara fram í borginni Sala í Slóvakíu en þar er ljóst að karlarnir hafa forgang því leikirnir fara fram klukkan 11.00 og 16.00 á daginn. Valur spilar alla leiki sína klukkan 11.00 (9.00 á íslenskum tíma) eða yfir heitasta tíma dagsins.

„Við höfum áhyggjur af hitanum. Það spáir hérna 30 stiga hita og sól. Aðstæðurnar gætu haft áhrif en við látum þær bara ekki trufla okkur,“ segir Elísabet.

„Við höfum ekki fengið neinar skýringar á því af hverju leikirnir fara fram svona snemma dags en þeir ætla greinilega ekki að leggja áherslu á það að fá áhorfendur á völlinn,“ segir Elísabet kímin.

### Komnar með reynslu

Elísabet er bjartsýn og ánægð með stöðuna á liðinu.

„Við erum bæði komnar með reynslu úr keppnum fyrri ára og svo erum við líka með stærri hóp en við höfum verið með áður í þessari keppni. Við höfum verið að spila þrjá leiki á einni viku sem hefur verið mjög erfitt með lítinn hóp en við erum betur tilbúnar að takast á við þetta núna heldur en í fyrra. Stelpurnar eru allar heilar sem er mjög jákvætt,“ segir Elísabet en ítrekar jafnframt að þær þurfi að spila sinn besta leik til að komast áfram og að það gefi þeim ekkert að hafa farið áfram upp úr fyrsta riðli í síðustu tvö skipti sem Valsliðið hefur spilað í keppninni.

Valskonur unnu alla þrjá leiki sína í undanriðlinum í Finnlandi 2005 sem og í Færeyjum í Fyrra. Valsliðið vann í bæði skiptin naumasta sigurinn á móti finnsku meisturunum.

Elísabet er reyndar á því að mesti höfuðverkur þjálfaranna sé í rauninni að ákveða hvaða ellefu byrja inn á á móti Cardiff í dag.

„Samkeppnin er mikil og miðað við hvernig síðustu leikir hafa spilast þá verður ekkert auðvelt fyrir okkur að stilla upp liði. Það er höfuðverkurinn okkar eins og staðan er núna sem er bara mjög jákvætt,“ sagði Elísabet.

Markmiðin í Slóvakíu eru skýr. „Það er góð einbeiting í hópnum og mikill metnaður til þess að ná langt í þessu móti. Við erum öll mjög einbeitt í að komast upp úr þessum riðli,“ sagði Elísabet.

ooj@frettabladid.is



BJARTSÝN Elísabet Gunnarsdóttir, annar þjálfara Íslandsmeistara Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



18 MÖRK Í 11 LEIKJUM Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað mikið í Evrópukeppninni. Margrét Lára hefur skorað í öllum fimm leikjum sínum í undanriðlinum í síðustu tvö skipti sem Valsliðið hefur verið með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚRVAL·ÚTSÝN
Manchester United
ferðir í haust
ICELAND

Úrval Útsýn og Manchester United klúbburinn á Íslandi býður upp á eftirtaldar ferðir á heimaleiki Man.Utd í haust. Flogið er í áætlunarflugi beint á Manchetser í öllum ferðum, út á föstudagseftirmiðdegi og heim á mánudagskvöldi. Gist er á Novotel hótelinu í miðborg Manchester, mjög gott hótel á frábærum stað

**Verð í allar ferðirnar er 83.500 kr. á mann í einbýli**

Innifalið í verði er: Flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, rútur til og frá flugvelli, miði á leikinn og íslensk fararstjórn

**Aukagjald f. einbýli er 21.000 kr.**

Ferðirnar fram að áramótum eru sem hér segir
Man.Utd v WBA 17-20 október
Man.Utd v Hull 31. október - 3. nóvember
Man.Utd v Stoke 14. - 17. nóvember
Man.Utd v Sunderland 5.-8. Desember

Bókanir og nánari upplýsingar á
**www.uu.is eða með því að senda tölvupóst á tonsport@uu.is**

Ferðaskrifstofa
ICELANDAIR

Íslenska karlalandsliðið er komið niður í 107. sæti á nýjum styrkleikalista FIFA:

# Engin Evrópuþjóð féll meira

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið fór niður um heil tíu sæti á nýjum styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins og situr nú á milli Afríkuríkjanna Súdans og Eþíópíu í 107. sæti listans. Ísland hefur aðeins þrisvar sinnum verið neðar á listanum síðan hann var settur á laggirnar árið 1993.

Engin Evrópuþjóð féll meira á listanum að þessu sinni en Belgar fóru niður um níu sæti og Eistar duttu niður um sjö sæti. Þetta var ekki góður listi fyrir Norðurlandaþjóðirnar því Svíþjóð og Noregur féllu bæði niður um fimm sæti, Færeyjar fóru niður um tvö sæti og þá stóðu bæði Danmörk og Finnland í stað.

Þegar skoðað eru mestu hrun íslenska landsliðsins niður FIFA-listann þá kemur í ljós að íslenska liðið hefur aðeins fimm sinnum mátt þola harðari skelli. Mest hefur íslenska liðið farið niður um 14 sæti milli lista en það gerðist í apríl 1997. Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson hefur nú mátt horfa upp á landsliðið fara niður um 22 sæti á aðeins þremur mánuðum og nú er liðið aðeins tíu sætum frá lægstu stöðu sinni í sögu listans sem var 117. sætið í ágúst árið 2007. Ísland féll um 13 sæti á listanum sem birtur var í júlí og æfingaleikirnir gegn Wales og Aserbaídsjan eru greinilega ekki að hjálpa til við stöðu liðsins á FIFA-listanum. Það eru þó örugglega minnkandi áhrif eldri leikja í útreikningunum frekar en tap gegn Wales og jafntefli við Asera sem eru aðalástæðan fyrir þessu hruni.

Gott gengi landsliðsins fyrir rúmum fjórum árum er nú ekki lengur með í útreikningum og ef illa gengur í næstu leikjum á móti Noregi og Skotlandi þá gæti íslenska liðið farið enn lengra niður listann. - óój



MIKILVÆGIR LEIKIR Ólafur Jóhannesson og íslenska landsliðið þarf á góðum úrslitum að halda í næstu leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**VERSTA HRUN ÍSLANDS Á FIFA-LISTANUM**

| | |
|---|---|
| - 10 sæti | júlí 2004 |
| **-10 sæti** | **september 2008** |
| - 10 sæti | nóvember 2007 |
| - 11 sæti | apríl 2007 |
| - 13 sæti | október 1996 |
| - 13 sæti | júní 2007 |
| - 13. sæti | júlí 2008 |
| -14 sæti | apríl 1997 |

**VERSTA STAÐA ÍSLANDS Á FIFA-LISTANUM:**

| | |
|---|---|
| 106. sæti | ágúst 2006 |
| 107. sæti | júlí 2006 |
| **107. sæti** | **september 2008** |
| 109. sæti | júní 2007 |
| 109. sæti | júlí 2007 |
| 117. sæti | ágúst 2007 |



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**SKRAUTLEGIR** Stuðningsmenn Napoli eru líflegir. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ólæti á leik Roma og Napoli:

## Mafían á bak við ólætin?

**FÓTBOLTI** Það varð allt vitlaust í kringum leik Roma og Napoli í höfuðborg Ítalíu um síðustu helgi. Stuðningsmenn Napoli fóru mikinn og slógust við lögreglumenn fyrir utan Ólympíuleikvanginn í Róm.

Þeir lögðu einnig hald á lest og unnu tugmilljóna króna tjón á henni. Innanríkisráðherra Ítala, Roberto Maroni, grunar að mafían í Napoli hafi verið með puttana í málinu.

Stuðningsmönnum Napoli hefur í kjölfar þessarar uppákomu verið meinað að ferðast á útileiki síns liðs. - hbg

Ingólfur Sigurðsson:

## Undir smásjá Hearts

**FÓTBOLTI** Samkvæmt skoskum fjölmiðlum er skoska liðið Hearts að skoða hinn 15 ára gamla KR-ing, Ingólf Sigurðsson.

Ingólfur þykir mikið efni og hefur umboðsmaður hans, Ólafur Garðarsson, bent Hearts á Ingólf. Ólafur er einmitt umboðsmaður þeirra Eggerts Jónssonar og Haraldar Björnssonar sem spila með félaginu.

Að því er fram kemur í skoskum miðlum er ekki talið líklegt að Ingólfur yfirgefi KR fyrr en í janúar. - hbg



**NAGLI** Hatton er hér með góðvini sínum Wayne Rooney, leikmanni Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hatton fær nýjan þjálfara:

## Mayweather þjálfar Hatton

**HNEFALEIKAR** Breski hnefaleikakappinn Ricky Hatton hefur ákveðið að æfa undir stjórn Bandaríkjamannsins Floyds Mayweather eldri fyrir bardaga sinn gegn Paul Malignaggi sem fram fer í Las Vegas í Bandaríkjunum þann 22. nóvember.

Mayweather eldri tekur við þjálfun af Billy Graham sem hefur fylgt Hatton í langan tíma.

Floyd Mayweather yngri er eini hnefaleikamaðurinn sem hefur unnið Hatton en Mayweather eldri sá þá um þjálfun sonar síns fyrir bardagann. - óþ

# Voru aðeins of stórar fyrir okkur

**Íslenska kvennalandsliðið tapaði með 25 stiga mun, 69-94, í síðasta heimaleik sínum í b-deild Evrópukeppninnar. Slóvenska liðið hitti frábærlega í leiknum og það réðu íslensku stelpurnar ekki við og því fór sem fór.**

**KÖRFUBOLTI** Kvennlandsliðið tapaði með 25 stigum, 69-94, fyrir sterku slóvensku liði í B-deild Evrópukeppninnar á Ásvöllum í gær. Þetta var þriðji leikur liðsins í keppninni og síðasti heimaleikurinn. Íslenska liðið hélt í við Slóveníu í fyrsta leikhluta en í öðrum leikhluta skildu leiðir og gestirnir höfðu góð tök á leiknum það sem eftir var. Íslensku stelpurnar gáfust þó ekki upp og náðu muninum aftur niður í 11 stig áður en leiðir skildu á nýjan leik.

Það var eins og Slóvenía ætlaði að stinga af í upphafi þegar liðið komst í 9-15 en íslenska liðið kom til baka og var búið að jafna leikinn, 25-25, fyrir lok fyrsta leikhluta. Íslenska liðið náði hins vegar ekki að svara sams konar spretti slóvenska liðsins í öðrum leikhluta og var komið 16 stigum undir í hálfleik, 30-46. Slóvenía hélt forustu sinni í þriðja leikhluta og var 16 stigum yfir eftir hann, 51-67. Góður kafli íslenska liðsins í upphafi fjórða leikhluta kom muninum niður í 11 stig, 60-71, en lengra komst baráttuglatt íslenskt lið og í lokin munaði eins og áður sagði 25 stigum.

„Þetta fór langt í frá eins og við vonuðumst til og það er þvílíkt leiðinlegt að hitta á svona dag þegar ekkert gengur upp hjá okkur,“ sagði Helena Sverrisdóttir eftir leikinn. „Það var ekkert að ganga hvorki hjá mér né öðrum,“ sagði Helena en það var mikill munur á skotnýtingu liðanna í gær, Slóvenía hitti úr 51 prósent skota sinna en aðeins 35 prósent skota íslenska liðsins fóru rétta leið.



**BARÁTTUGLÖÐ** Signý Hermannsdóttir átti fínan leik í gær og skoraði 11 stig, tók 9 fráköst og varði fimm skot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á FLEYGIFERÐ** Helena Sverrisdóttir fann sig nokkuð vel á sínum gamla heimavelli að Ásvöllum í gær og var aðeins einni stoðsendingu frá þrefaldri tvennu en hún skoraði 18 stig, tók 12 fráköst og átti 9 stoðsendingar. Hér keyrir hún á fullri ferð upp völlinn í leiknum í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það fór allt ofan í hjá þeim og við vorum ekki að setja skotin okkar niður. Þær voru búnar að tapa tveimur leikjum en þær eru með þvílíkt gott lið og þær ætluðu sér að vinna þennan leik. Við ætluðum okkur það líka en þetta var ekki okkar dagur. Þegar þær eru að skjóta eins og þær gerðu í þessum leik þá er mjög erfitt að vinna þetta lið. Við reyndum allt á móti þeim,“ sagði Helena sem endaði leikinn með 18 stig, 12 fráköst og 9 stoðsendingar.

„25 stiga tap gefur ekki alveg rétta mynd af leiknum. Við tökum mikla áhættu í endann þar sem við erum að reyna að koma okkur aftur inn í leikinn. Við minnkuðum þetta niður í 11 stig en við tökum áhættu og það kostaði okkur á endanum svona mikinn mun í lokin. Við hefðum getað spilað öruggara og haldið þessu í fimmtán stigum en ég er keppnismaður og vildi frekar reyna við sigur en að tapa fallega,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari íslenska liðsins.

„Við lendum í miklum vandræðum með þær varnarlega og þær skora alltof mikið og alltof auðveldlega. Þá verður sóknin svo stirð því við erum svo mikið að byggja á þessum hröðum sóknum sem við fengum miklu oftar núna heldur en í mörgum öðrum leikjum. Það gekk engan veginn hjá okkur í öðrum leikhluta og þá varð þetta mjög erfitt,“ sagði Ágúst sem vildi ekki dæma íslenska liðið of hart. „Það er samt mjög margt jákvætt í liðinu, við erum að spila vel en vorum ekki að hitta jafnvel og í síðustu leikjum. Baráttan er til fyrirmyndar en við vorum að spila á móti hörkuliði og við vissum að hlutirnir hefðu þurft að ganga upp til þess að eiga eitthvað í þetta lið. Þær voru aðeins of stórar fyrir okkur,“ segir Ágúst en framundan eru útileikir í Írlandi og Svartfjallalandi. „Við teljum Írland vera á svipuðum stað og við en þær unnu þetta slóvenska lið þannig að það er greinilegt að þær geta eitthvað,“ sagði Ágúst að lokum.

Auk Helenu þá voru bæði Signý Hermannsdóttir (11 stig, 9 fráköst, 5 varin) og María Ben Erlingsdóttir (7 stig) að gera góða hluti á köflum í leiknum og Kristrún Sigurjónsdóttir var sú eina sem hitti úr þriggja stiga skotum sínum. Kristrún hitti úr 3 af 5 skotum sínum en restin af liðinu hitti aðeins úr 2 af 13 skotum. Slóvenska liðið var mjög jafnt og þrír leikmenn skoruðu sem dæmi yfir 20 stig í leiknum í gær. Eftir tvo dapra leiki og töp á móti Hollandi og Írlandi hittu þær slóvensku greinilega á frábæran dag í gær.

ooj@frettabladid.is

**ÍSLAND-SLÓVENÍA 69-94 (30-46)**

**Stig Íslands:** Helena Sverrisdóttir 18 (12 frák., 9 stoðs., 4 stolnir, 3 varin), Signý Hermannsdóttir 11 (9 frák., 5 varin), Kristrún Sigurjónsdóttir 9, María Ben Erlingsdóttir 7, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Hildur Sigurðardóttir 6, Petrúnella Skúladóttir 6, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 3, Guðrún Ósk Ámundadóttir 2.

Selfyssingar og Stjörnumenn fóru með sigur af hólmi í 1. deild karla í gærkvöld en KS/Leiftur er fallið:

# Barátta Selfoss og Stjörnunnar harðnar

**FÓTBOLTI** 20. umferð 1. deildar karla í fótbolta hófst í gærkvöld með fjórum leikjum en baráttan á toppi og botni deildarinnar er nú í algleymingi.

Selfoss hélt sínu striki á heimavelli gegn botnliði KS/Leifturs og vann 3-1 en KS/Leiftur féll þar með úr deildinni. Dusan Ivkovic, Kristján Óli Sigurðsson og Sævar Þór Gíslason skoruðu mörk heimamanna en Selfyssingar eru enn taplausir á heimavelli í deildinni og hafa unnið níu af tíu leikjum sínum þar og gert eitt jafntefli. Selfoss er sem stendur í öðru sæti deildarinnar, þremur stigum á eftir ÍBV en Eyjamenn eiga einn leik til góða.

Stjarnan hefur ekki sagt sitt síðasta í toppbaráttunni og sótti þrjú mikilvæg stig á Víkingsvöllin í gærkvöld. Víkingar komust yfir í leiknum þegar Jimmy Höyer skoraði úr víti undir lok fyrri hálfleiks en Magnús Björgvinsson jafnaði svo leikinn fyrir Stjörnuna stuttu síðar. Halldór Orri Björnsson skoraði svo sigurmark Stjörnunnar á 90. mínútu leiksins. Stjarnan fylgir fast á hæla Selfoss, en aðeins tvö stig skilja liðin að þegar tveimur umferðum er ólokið.

Leiknismenn stigu mikilvægt skref til þess að bjarga sér frá falli úr deildinni þegar liðið lagði Hauka að velli á gervigrasinu á Ásvöllum. Framherjinn Jakob Spangsberg skoraði eina mark leiksins fyrir Breiðhyltinga sem eru í tíunda sæti deildarinnar, fimm stigum á undan Njarðvíkingum sem eiga þó einn leik til góða.

Þór vann KA 1-3 í hörku Akureyrarslag þar sem KA-mennirnir Elmar Dan Sigþórsson og Andri Júlíusson fengu báðir að líta rautt spjald á lokamínútunum. Þórsarar fóru með sigrinum langt með að tryggja sér áframhaldandi sæti í deildinni en þeir eru sem stendur í áttunda sæti. - óþ



**VONIN LIFIR** Stjörnumenn héldu í vonina um að komast í efstu deild með dramatískum sigri á Víkingum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


LAGERHREINSUN!

Fimmtudag 10 – 18
Föstudag 10 – 18
Laugardag 11 – 15
Sunnudag 13 – 16

Takkaskór frá 1000kr.

Fótboltatreyjur frá kr. 500.-

“Ekta” fótboltar frá kr. 500.-

Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN
Ármúla 36 – s. 588 1560
EKKI LÁTA ÞETTA FRAMHJÁ ÞÉR FARA!
Fótboltavörur á lágmarksverði




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Hugh Laurie**

„Faðir minn var ljúfur og kurteis maður og mjög fær læknir. Það er kaldhæðnislegt að ég skuli fá miklu meira borgað fyrir að þykjast vera ruddaleg og andstyggileg útgáfa af honum.“ Laurie snýr aftur í kvöld sem læknirinn House í samnefndum þætti á Skjá einum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST SPENNTUR MEÐ ÚT OG SUÐUR

# *Gott mótvægi við gerviveröldinni*

Þættir Gísla Einarssonar, Út og suður, eru kærkomin hvíld frá þeim misgáfulegu bandarísku sjónvarpsþáttum sem eru hvað mest áberandi á skjánum. Á meðan Gísli ræðir við íslenska bændur um daginn og veginn, raunverulegt fólk sem segir frá hlutunum eins og þeir eru, fjalla hinir þættirnir um glysið, glauminn og gerviveröldina úti í heimi sem fólk virðist þó seint fá leið á.

Meiri líkur eru á að finna einhverja lífsspeki í viðtali Gísla við sjötuga bóndakonu heldur en í öllum hinum þáttunum samanlagt þar sem formúlukennd afþreyingin er allsráðandi.

Gamanþættirnir eru fyrirsjáanlegir og það sama má segja um sakamálaþættina en á hinn bóginn veit maður aldrei á hverju maður á von í Út og suður. Viðfangsefni þáttanna þarf heldur ekki að vera svakalega forvitnilegt, svona við fyrstu sýn. Nóg er bara fyrir Gísla að banka upp á og þá er eftirleikurinn auðveldur. Svörin eru oftar en ekki sérlega áhugaverð og gætu í raun ekki verið skrifuð betur af færustu handritshöfundum Hollywood.

Fullt er af athyglisverðu fólk úti um allar trissur, ekki bara í sveitunum, og því væri gaman að sjá Gísla færa kvíarnar út í fjölmennið þar sem forvitnilegir karakterar sem hafa siglt um lífsins ólgusjó leynast víða.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** F1 Við rásmarkið
STÖÐ 2 SPORT




▶ **20.15** The Moment of Truth
STÖÐ 2



▶ **20.35** The IT Crowd - Lokaþáttur
SKJÁREINN



▶ **20.45** Hvað um Brian? (What About Brian)
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** The Dresden Files
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Dáðadrengurinn** (3:3) (e)

**17.54 Lísa** (6:13) (e)

**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (e)

**18.25 Kallakaffi** (1:12) Íslensk gamanþáttaröð. Meðal leikenda eru Rósa Guðný Þórsdóttir, Valdemar Örn Flygenring, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Laddi, Davíð Guðbrandsson og Ívar Örn Sverrisson. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Chris í sælgætisgerðinni** (Chris på chokoladefabrikken) (2:2) Í þáttunum fer líkamsþjálfarinn Chris MacDonald í heimsókn í súkkulaðiverksmiðju og fræðir starfsfólkið um heilbrigði, hreyfingu og næringu.

▶**20.45 Hvað um Brian?** (What About Brian?) (19:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Aðalhlutverk: Barry Watson, Rosanna Arquette, Matthew Davis, Rick Gomez og Amanda Detmer.

**21.30 Trúður** (Klovn IV) (4:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Sex hlekkir** (Six Degrees) (7:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt. Aðalhlutverk: Campbell Scott, Hope Davis, Erika Christensen, Bridget Moynahan og Dorian Missick.

**23.10 Lífsháski** (Lost) (82:86) (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Madness Of King George**

**10.00 Búi og Símon**

**12.00 Jumanji**

**14.00 The Madness Of King George**

**16.00 Búi og Símon**

**18.00 Jumanji**

**20.00 Stealth** Spennutryllir með Jamie Foxx og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

**22.00 House of Wax**

**00.00 The Blue Butterfly**

**02.00 Hybercube. Cube 2**

**04.00 House of Wax**

**06.00 Steel Magnolias**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (141:300)

**10.15 Flipping Out** (1:7)

**11.10 60 minutes**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Forboðin fegurð** (29:114)

**13.45 Forboðin fegurð** (30:114)

**14.45 Ally McBeal** (10:23)

**15.30 Friends** (3:23)

**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.18 A.T.O.M.**

**16.43 Ofurhundurinn Krypto**

**17.08 Hlaupin**

**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (22:25)Áttunda þáttaröðin um Simpsonfjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

**19.55 Friends 3** (2:25) Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið.

▶**20.15 The Moment of Truth** (13:25) Spurningaþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir. Það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er bundinn við lygamæli.

**21.00 Las Vegas** (9:19) Við fylgjumst með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

**21.45 Low Winter Sun** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins.

**23.00 On A Clear Day**

**00.40 Wire** (11:13)

**01.40 Glory Road**

**03.35 Ararat**

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.40 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

**18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.

**19.35 Inside the PGA** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.

▶**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.45 Ryder Cup í Wales**

**21.15 10 Bestu - Sigurður Jónsson** Fimmti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**22.00 Kaupþings-mótaröðin 2008** Sýnt frá Kaupþings-mótaröðinni í golfi þar sem mæta til leiks allir bestu og sterkustu kylfingar landsins.

**23.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt Heimi Guðjónssyni.

**23.45 Countdown to Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa og Bandaríkin mætast.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 English Premier League**

**20.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches** Newcastle - Man Utd, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches** Man United - Newcastle, 02/03.

**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**22.50 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**23.45 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.20 Vörutorg**

**17.20 Less Than Perfect** (e)

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Life is Wild** (e)

**20.10 Family Guy** (7:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

▶**20.35 The IT Crowd - Lokaþáttur** Það er komið að síðasta þættinum að sinni. Douglas getur ekki lengur staðist freistinguna og ræður Jen sem aðstoðarkonu sína en geta Moss og Roy lifað af án hennar í tölvudeildinni?

**21.00 House - NÝTT** Undanfarin þrjú ár hefur House leyst erfiðustu ráðgátur læknisfræðinnar með aðstoð lærisveina sinna. Núna er hann einn á báti og er skipað að finna nýja aðstoðarmenn en það er hægara sagt en gert að finna lækna sem geta unnið með House.

**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (20:22) Sonur frægrar kynbombu deyr eftir að hafa neytt eiturlyfja. Mamman var fyrrum nektardansmær og forrík ekkja eftir að hafa gifst níræðum milljarðamæringi við dauðans dyr. Þegar hún deyr síðan sjálf nokkrum dögum á eftir syninum berast böndin að elskhuga hennar.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Britain's Next Top Model** (e)

**00.20 Da Vinci's Inquest**

**01.10 Trailer Park Boys**

**02.00 Vörutorg**

**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir

**20.30 Gönguleiðir** Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endurtekið kl. 21.30 og 22.30

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




NÚ FÁ SÉR ALLIR ÁSKRIFT!

4 LEIKSÝNINGAR
Á EINUNGIS 8.900 kr.

Hringdu í síma 568 8000 eða farðu á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.45
**Framhaldsmynd mánaðarins, fyrri hluti**
**Low Winter Sun**



Hörkuspennandi framhaldsmynd í tveimur hlutum. Frank Agnew er fyrirmyndar-lögreglumaður sem fer alltaf eftir reglunum. En eftir að hann kemur upp um ólöglegt ráðabrugg vinnufélaga síns þá er kærasta hans myrt með köldu blóði. Þar með verður hann vitstola af bræði og hefndarþorsta og skipuleggur hinn fullkomna glæp.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
**Kallakaffi**
**SJÓNVARPIÐ KL. 18.25**

Sjónvarpið byrjar í kvöld að endursýna íslensku gamanþættina Kallakaffi. Þættirnir gerast á kaffihúsi sem Kalli og Magga, nýfráskilin hjón, reka. Í þættinum í kvöld rekur vinsæl sjónvarpskona inn nefið hjá þeim í þeim tilgangi að gera þátt um samlynd hjón. Þetta gæti verið góð auglýsing fyrir Kallakaffi en spurningin er: Eru Kalli og Margrét samlynd og eru þau enn hjón? Höfundur þáttana er Guðmundur Ólafsson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Hafborg
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Smásaga: Hryggileg örlög orða
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Rósin rjóð
**22.45** Druslubækur og doðrantar
**23.30** Betri stofan
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (8:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (9:260)
**17.00 Seinfeld** (14:24)
**17.30 Talk Show With Spike Feresten** (13:22)
**18.00 The Dresden Files** (4:13)
**19.00 Hollyoaks** (8:260)
**19.30 Hollyoaks** (9:260)
**20.00 Seinfeld** (14:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (13:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fá áhorfandann til að veltast um af hlátri.
▶**21.00 The Dresden Files** (4:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
**22.00 Hotel Babylon** (4:8) Þættir sem gerast á hóteli fína og fræga fólksins í London. Charlie Edwards er hótelstjóri og sér til þess á hverjum degi að starfsfólkið hafi hugann við það þrennt sem öllu máli skiptir, þjónustu, þagmælsku og þjórfé.
**22.55 Ghost Whisperer** (42:44)
**23.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Björk Jakobsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Ásdís Halla Bragadóttir.
**21.00 Neytendavaktin** Umsjón: Ragnhildur Guðjónsdóttir. Gestur: Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.
**21.30 Kristinn H.** Umsjón: Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður. Gestur: Kristján L. Möller samgöngumálaráðherra.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.20** Søren Ryge præsenterer **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.15** Flight 29 savnes! **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Pucca **14.35** Den amerikanske drage **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Den store dag **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Living With the Enemy **22.10** Min afrikanske forbindelse - Tanzania

## NRK 1

**12.05** Tinas mat **12.35** ‚Allo, ‚Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Melodi Grand Prix junior 2007 **14.00** NRK nyheter **14.10** Melodi Grand Prix junior 2007 **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Peo **16.05** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Dyrisk **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.40** Hvorfor det? **21.05** Kveldsnytt **21.20** Urix **21.50** Wallenbergs **22.45** Mad TV **23.25** Kulturnytt **23.35** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**12.55** Logga in! **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Mega **15.00** Charlie och Lola **15.15** Dra mig baklänges **15.30** Bror, min bror **15.50** Wallace & Gromit. Magnifika mackapärer **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Väckelsemöte **20.00** Tell me you love me **20.50** Kulturnyheterna **21.05** Logga in! **21.20** Förtigen barnhandel **22.20** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Á heimavistinni minni seinasta mánuð borðaði ég brauð með osti og sultu, hafra með rúsínum og mjólk og fékk mér glas af appelsínudjús. Minn fyrsti kostur væri krossant og skyrdrykkur. Annars borða ég það sem ég finn.“*

Oddvar Örn Hjartarson listamaður.

# Singing Bee mjög vel tekið

Tökur á þættinum Singing Bee, sem Skjár einn tekur til sýninga 19. september næstkomandi, hefjast í næstu viku. Í honum verður meðal annars að sjá lifandi hljómsveit og dansara, auk þáttastjórnandans Jóns Jóseps Snæbjörnssonar, sem er best þekktur sem Jónsi. Það er hljómsveitin Buff sem mun leika fyrir áhorfendur.

„Við verðum með tíu þætti og í hverjum þætti keppa tveir sex manna hópar frá mismunandi fyrirtækjum,“ útskýrir Jónsi. „Þau keppa um titilinn Singing Bee-meistarinn og eiga möguleika á því að vinna sér inn hálfa milljón í beinhörðum peningum,“ útskýrir hann. Keppendum er falið að botna lagatexta, bæði íslenska og erlenda, en þurfa ekki að þenja raddböndin. „Hvaða fullkomlega laglausi einstaklingur sem er getur malað bæði óperusöngvara og poppara í þessum leik,“ segir Jónsi og hlær við. „Fólk þarf ekki að syngja, bara fara með réttan texta.“

Þættinum verður þannig háttað að liðin etja kappi þar til aðeins einn úr hvoru liði stendur eftir. Þeir heyja þá einvígi og sá sem verður Singing Bee meistarinn fær þá áskorun í formi sjö laga. „Ef hann getur botnað fimm af þeim sjö textum fær hann hálfa milljón í vasann,“ útskýrir Jónsi. Alls gæti verðlaunaféð í þáttunum því farið í fimm milljónir.

Jónsi segir undirtektir hafa verið gríðarlega góðar. „Þetta verða tuttugu hópar og það er löngu búið að stútfylla þau pláss, held ég,“ segir hann. **- sun**



**LAGLAUSIR VELKOMNIR** Jónsi segir keppendur í Singing Bee alveg mega vera vita laglausa. Pétur Örn Guðmundsson, til vinstri, og félagar í Buff sjá um tónlistina.



**LÁRÉTT**
**2.** grunnflötur, **6.** frá, **8.** stúlka, **9.** hlaup, **11.** voði, **12.** hestur, **14.** korr, **16.** tveir eins, **17.** gerast, **18.** stansa, **20.** tveir, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gól, **3.** hljóm, **4.** fugl, **5.** af, **7.** ávöxtur, **10.** hamingja, **13.** á nefi, **15.** sá, **16.** náinn, **19.** til.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gólf, **6.** af, **8.** mær, **9.** gel, **11.** vá, **12.** gráni, **14.** snörl, **16.** kk, **17.** ske, **18.** æja, **20.** ii, **21.** raða.
**LÓÐRÉTT: 1.** gagg, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** frá, **7.** ferskja, **10.** lán, **13.** nös, **15.** leit, **16.** kær, **19.** að.








**HÚÐFLÚRARAR** Jón Páll, lengst til vinstri, ásamt félögum sínum Búra og Fjölni tattú. Saman reka þeir Íslenzku húðflúrstofuna á Hverfisgötunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## JÓN PÁLL HALLDÓRSSON: GRÉT EINS OG FEGURÐARDROTTNING

# Varð tattúmeistari í Svíþjóð

„Þetta kom mér verulega á óvart,“ segir húðflúrarinn Jón Páll Halldórsson, eða Nonni tattú, sem fékk fyrstu verðlaun á árlegri tattúráðstefnu í Stokkhólmi um síðustu helgi. Með honum í för voru félagar hans hjá Íslenzku húðflúrstofunni, þeir Fjölnir Bragason og Búri.

Jón Páll fékk verðlaunin fyrir besta litatattúið en keppt var í um tíu mismunandi flokkum. Alls tóku um eitt hundrað húðflúrarar frá 22 löndum þátt í ráðstefnunni, sem telst vera sú stærsta á Norðurlöndunum.

Jón var búinn að gefa upp alla von um verðlaunasæti eftir að tilkynnt hafði verið um þriðja og annað sætið, þegar nafn hans var allt í einu kallað upp. „Það er mjög góð tilfinning að sigra á svona stóru móti eins og þessu. Þetta var í fyrsta sinn sem við vorum þarna og ég grét eins og fegurðardrottning... eða svona næstum því,“ segir hann, ennþá í sigurvímu.

Sigurlaunin fékk Jón fyrir risastórt húðflúr sitt á íslenskri stúlku sem tók eitt og hálft ár í vinnslu. Nær það alla leið frá læri og upp að brjósti. Lagði hann lokahönd á húðflúrið á ráðstefnunni. „Hún kom út og hitti okkur og ég kláraði það og setti hana í keppnina,“ segir Jón, sem húðflúraði íslenska fastakúnna sína alla helgina ásamt þeim Fjölni og Búra. Einnig var með þeim á bás náungi frá Kaupmannahöfn að nafni Alex sem þykir sérlega fær í sínu fagi.

Jón Páll segir þá félaga hafa lært mikið á ráðstefnunni. „Maður kynnist fólki sem er í bransanum og sér mismunandi nálganir. Standarinn þarna úti er mjög hár og þegar maður kemur heim fær maður þennan „metnaðarbúst“ til að gera meira og betur, það er líka mikils virði,“ segir hann.

**freyr@frettabladid.is**



**BESTA LITATATTÚIÐ** Jón Páll vann fyrstu verðlaun fyrir þetta húðflúr sem tók eitt og hálft ár í vinnslu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirbúningur fyrir **Villa Vill**-stórtónleikana í Höllinni 10. október stendur nú sem hæst. Miðasala hefst í fyrramálið klukkan tíu á Miði.is en gestir munu fá óvæntan glaðning á tónleikunum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur söngvarinn **Jóhann Vilhjálmsson** bæst í hóp stórsöngvara á borð við **Björgvin Halldórsson** og **Stefán Hilmarsson** sem syngja munu í Höllinni. Jóhann er sonur Villa Vill og mun hann syngja lagið Lítill drengur sem einmitt var samið um hann. Jóhann starfar dags daglega hjá Vodafone en hefur undanfarið verið í þjálfun hjá **Magnúsi Kjartanssyni** og þykir fantagóður söngvari.



Tónlistarmaðurinn **André Bachmann** fékk heldur betur góð viðbrögð við greininni sem birtist um hann í Fréttablaðinu í gær. André starfar í Olís í Álfheimum þar sem nýjasta plata hans er einmitt til sölu og hefur hann stundum verið beðinn um að árita hana fyrir áhugasama kaupendur. Eftir greinina í Fréttablaðinu virðist sem æði hafi runnið á aðdáendur André því í vinnunni í gær hafði hann varla undan að árita fyrir fólk sem hafði komið langan veg með plötuna, eingöngu til að fá hjá honum eiginhandaráritun.



**- hdm/fb**






# Bók um inúíta og jarðhlýnun

Ljósmyndarinn Ragnar Axelsson, RAX, heldur til Alaska og Síberíu á næstunni til að mynda fyrir væntanlega bók sína. Fjallar hún um áhrif hlýnunar jarðar á lifnaðarhætti inúíta og gengur undir vinnuheitinu Last Days of the Arctic, eða Síðustu dagar norðurheimskautsins. Textahöfundur bókarinnar er Skotinn Mark Nuttal, prófessor í mannfræði, sem er einn helsti sérfræðingur heims í menningu og lifnaðarháttum inúíta.

„Ég hef farið ég veit ekki hvað margar ferðir og myndað með veiðimönnum. Manni verður kalt þegar maður fer að rifja þetta upp,“ segir Ragnar. „Þetta er heimur sem er að breytast mjög hratt og sumt af þessu verður ekkert gert aftur.“

Ragnar segir að hlýnun jarðar sé nokkuð sem allir verði að horfast í augu við. „Hún er veruleikinn hvort sem það er af mannavöldum eða ekki.“

Fyrr á árinu myndaði hann á Baffin-eyju í Kanada fyrir bók sína og komst þar í tæri við ísbirni. „Ísbjörninn er svolítil skræfa og hleypur yfirleitt frá þér en ef hann er svangur ræðst hann á þig,“ segir Ragnar, sem sá einnig fyrsta ísbjörninn sem steig hér á land í sumar. „Ég flaug yfir hann en var ekki sá sem var kærður. Ég fór svo hátt yfir hann því ég þorði ekki að styggja hann. Svo fór einhver daginn eftir og fór þá rétt yfir hausinn á honum og þá varð allt vitlaust,“ segir ljósmyndarinn knái og hlær.



**Á SLÓÐUM INÚÍTA** Ragnar Axelsson hefur lent í ýmsum ævintýrum í ferðalögum sínum með inúítum eins og sjá má í væntanlegri ljósmyndabók hans.

Bók Ragnars, sem verður tilbúin næsta vor, er unnin af nýrri bókaútgáfu Kristjáns B. Jónassonar og Snæbjarnar Arngrímssonar, Crymogea ehf. Er hún framleidd með alþjóðlega útgáfu í huga og standa nú yfir viðræður við erlend forlög um að gefa hana út víða um heim. **- fb**

FAXAFENI 10
11-18 alla virka daga
11-18 Laugardagar
S:534 4450

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

SMÁRATORGI
11-18 alla virka daga
11-18 Lau. og Sun.
S:534 4451





# Jakkaföt:

Verð áður: 9.990,-

Verð nú: 6.990,-

St:46-64

## Stakar jakkafatabuxur:

Verð 1.990,-

St:42-64

## Vandaðar herra skyrtur

Verð: 1.990,-

Litir: svart, hvít og bláar

## Úlpur herra og dömu

Verð :4.990,-

St: xs-xl

## Dockers buxur:

Verð áður:4.990,-

Verð nú: 4.99,-

## Levi's gallabuxur herra

Verð 3.990,-

St: 30-40

## Leggings

St: s-L

Verð: 990,-

## Ný sending af herra hettupeysum

Með munstri

Verð: 3.990,-

## Vandaðar herra peysur

Verð áður: 4.990,-

Verð nú: 2.990,-

## Flíspeysur herra og dömu

Verð áður: 1,990,-

Verð nú: 990,-

St: s-xxl

**ATH þessi vara fæst bara í faxafeni**





Nýjar vörur í Faxafeni og Smáratorgi

Outlet 10 með bestu verðin í bænum

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## 02.10.2044

Þann annan október árið 2044 verða fimm dagar í að ég verði 79 ára. Komandi afmæli verður mér þó ekki efst í huga heldur sú staðreynd að þennan dag mun ég borga síðustu afborgunina af húsnæðisláninu mínu, 480. greiðslu af 480. Með því að blikka auga staðfesti ég greiðslu í rafheilabankanum mínum. Síðasta greiðslan – 17.285.079 krónur – rennur af reikningnum mínum. Ég andvarpa með söknuði. Nú eru dekurdagar mínir sem íslensks skuldara því miður á enda.

**LÁNIÐ,** sem var 14,3 milljónir árið 2004, hefur í 40 ár verið ofdekrað af kærleiksríkum fingurgómum íslenska efnahagskerfisins. Verðbólguskotið 2017 setti vissulega strik í reikninginn, góðærisgósentíðin 2027-2029 sömuleiðis og ekki síst „Heimsendir“ 2036, sem minna varð þó úr en fjölmiðlar höfðu spáð. Betur fór en á horfðist með stóra olíuskipsstrandið við Látrabjarg 2024, enda kom átak Samfylkingarinnar „Áfram áfram, virkjum restina“ og stórsigur flokksins í kosningunum 2025 sér vel þegar allt kvikt í sjónum við landið var dautt.

**ÞAÐ** hafði sem sé ýmislegt gengið á á landinu bláa á meðan ég samviskusamlega borgaði af láninu mínu. Allt það vesen, auk sífellt metnaðarfyllri verðbólgumarkmiða Þorsteins Davíðssonar, hafði látið lánið og afborganirnar hoppa og skoppa eins og korktappa í brimi. En nú var þetta loksins búið. Mér hafði tekist að eignast íbúðina.

**ÉG,** ævagamall maðurinn, handleik gulnuð A4-blöðin sem bankinn prentaði út fyrir mig daginn afdrifaríka 2004 þegar ég skrifaði upp á dekurmeðferðina. Á níu blaðsíðum var sundurliðun afborgana, en einhverra hluta vegna sendi bankinn útreikninginn frá sér án verðbóta og með núll prósent verðbólgu. Ekki skil ég til hvers bankinn var að prenta þetta út fyrir mig. Samkvæmt blöðunum átti síðasta afborgun að vera 62.613 kr. (en var sem áður segir 17.285.079 kr.) og heildargreiðslan átti að vera 30.052.436 kr. Reyndin varð allt önnur. Fyrir 14,3 milljóna lán hafði ég borgað í 480 greiðslum samtals einn og hálfan milljarð, fjórtán milljónir, 299 þúsund og 187 krónur. Af þessu var rúmlega milljarður æðisgengnar verðbætur, 489 milljónir fékk bankinn í vexti og svo fór restin í kostnað og fleira skemmtilegt dekur.

**„SKÁL!,“** segi ég við unglega Lufsuna og lyfti glasi af kolefnisjöfnuðu sjóvíni. „Fengum við aftur 75 þúsund í ellilífeyri um þessi mánaðamót?!“

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 4. september, 248. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.20 | 13.27 | 20.31 |
| Akureyri | 6.00 | 13.11 | 20.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


